


skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Útilegan








# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
20. júní 2012
143. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Framhald Borgíkis

*Óttar M. Norðfjörð hefur samið skáldsögu sem er framhald Borgríkis.*

popp 34

## Fyrsta utanlandsferðin

*Pham Khac Quang vinnur að listsköpun suður með sjó.*

tímamót 22



## Englendingar áfram

*Nú er ljóst hvaða þjóðir mætast í átta liða úrslitum EM í fótbolta.*

sport 30

## veðrið í dag




**SKÚRIR** á víð og dreif en sums staðar bjart eða bjart með köflum. Fremur hæg austlæg átt og hiti á bilinu 5 til 15 stig.

VEÐUR 4

# ÍLS sagður hlaupast frá samkomulagi

**Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga sakar Íbúðalánasjóð um að standa ekki við samkomulag um niðurfellingu skulda Bolungarvíkur. Sjóðurinn segist ekki vera aðili samningsins. Bolungarvík krefst aðgerða innanríkisráðuneytis.**

**EFNAHAGSMÁL** Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga segir Íbúðalánasjóð (ÍLS) ekki standa við samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu Bolungarvíkur, en það gerir ráð fyrir niðurfellingu skulda á félagslegu húsnæði.

Í ársskýrslu nefndarinnar segir að alvarlegt sé að ekki sé hægt að standa við samkomulagið „sökum þess að ríkisstofnun – í þessu tilviki Íbúðalánasjóður – telur sig ekki bundna af því samkomulagi sem gert var“.

Snemma árs 2009 gerði eftirlitsnefndin samkomulag við Bolungarvík, en sveitarfélagið hafði leitað aðstoðar vegna fjárhagsörðugleika. Samkomulagið fól í sér að 146 milljónir króna af skuldum við Íbúðalánasjóð, vegna félagslegs húsnæðiskerfis, yrði aflétt.

Stjórn Íbúðalánasjóðs samþykkti að afskrifa að fullu helming þeirrar upphæðar, eða 73 milljónir. Afborganirnar af öðrum 73 milljónum yrðu frystar í eitt ár og málið tekið til endurskoðunar þá. Bolungarvík hefur farið eftir samkomulaginu, en þegar leitað var eftir niðurfellingu afgangs skuldarinnar var ný stjórn Íbúðalánasjóðs tekin við. Hún hafnaði því að fella skuldirnar niður.

Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, segir sjóðinn ekki aðila að samkomulaginu. Það sé alvarlegt mál að opinber aðili eins og eftirlitsnefndin geti gert samkomulag við sveitarfélag sem geri ráð fyrir afskriftum Íbúðalánasjóðs, án þess að sjóðurinn komi þar að.

Þá hafi lánastofnunum í eigu ríkisins verið uppálagt að fylgja úrræði í skuldamálum sem nefnt er Beina brautin. Samkvæmt því megi ekki mismuna kröfuhöfum.

„Ef við höldum okkur við gömlu aðferðafræðina þá skapast fordæmi sem mundi kosta Íbúðalánasjóð fleiri milljarða í óþarfa afskriftir og það lendir á skattgreiðendum.“ **- kóp / sjá síðu 12**



**KVENNAMESSA** Kvennakirkjan stóð fyrir messu við þvottalaugarnar í Laugardal í gærkvöldi í tilefni af kvenréttindadeginum. Séra Agnes M. Sigurðardóttir, verðandi biskup, predikaði fyrir fjölmenni og eins og sjá má á myndinni tók fjöldi kvenpresta þátt í messunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**JULIAN ASSANGE** Stofnandi Wikileaks á yfir höfði sér að verða framseldur til Svíþjóðar.

Kom í sendiráðið í gær:

## Assange vill hæli í Ekvador

**BRETLAND Julian Assange, stofnandi Wikileaks, hefur sótt um pólitískt hæli í Ekvador og var í sendiráði landsins í London í gærkvöldi. Þetta sagði utanríkisráðherra Ekvadors, Ricardo Patino, við breska ríkisútvarpið.**

**Patino sagði ríkið nú skoða og meta beiðni Assange. Assange á yfir höfði sér að verða framseldur til Svíþjóðar, þar sem hann er sakaður um kynferðisbrot. Hæstiréttur í landinu hefur gefið honum frest til 28. júní, en þá mun vinna við framsalið hefjast.**

**- þeb**

Misvísandi fréttir um dauða:

## Mubarak við dauðans dyr

**EGYPTALAND** Hosni Mubarak, fyrrverandi forseti Egyptalands, er sagður hafa fengið heilablóðfall og farið í hjartastopp í gærkvöldi.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi höfðu læknar hafið lífgunartilraunir en þær höfðu ekki borið árangur. Því var ekki ljóst hvort hann væri látinn eða ekki, enda fréttir mjög misvísandi.

Mubarak var fyrr í mánuðinum dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir aðgerðir sínar gegn mótmælendum í uppreisninni gegn stjórn hans í fyrra. Hann var fluttur úr fangelsi á spítala í gærdag, en heilsu hans hafði hrakað mikið undanfarið. **- þeb**




Gunnlaugur Júlíusson ætlar að ganga til styrktar baráttunni gegn lömunarveiki:

# Gengur tíu sinnum á Esjuna

**SAMFÉLAGSMÁL** Gunnlaugur Júlíusson ætlar að fara tíu ferðir upp á topp Esjunnar og fagna þannig glæstum árangri Rótaryhreyfingarinnar í baráttunni gegn lömunarveiki í heiminum.

Áætlað er að gangan taki Gunnlaug fimmtán klukkustundir og er öllum velkomið að ganga með honum eins margar ferðir og þeir hafa getu til. Framtakið er liður í lokaátaki alþjóðlegu Rótaryhreyfingarinnar í baráttunni gegn lömunarveiki sem staðið hefur síðan 1985.

Við upphaf baráttunnar, sem er fyrsta verkefni sinnar tegundar meðal einkaaðila í heiminum, lömuðust eða létust um eitt þúsund börn á dag af völdum lömunarveikinnar sem var landlæg í 125 löndum. Nú er hún aðeins landlæg í þremur löndum og hafa innan við fimmtíu tilfelli komið upp það sem af er ári.

**15** klukkustundir er áætlað að það taki Gunnlaug Júlíusson að ganga tíu ferðir upp á topp Esjunnar.

Rótarýmenn ætla að bjóða upp á hressingu við Esjurætur og taka þar á móti frjálsum framlögum og áheitum á Gunnlaug og aðra göngugarpa.

Leggja má styrktarfé beint inn á söfnunarreikning Rótarý. Bankanúmerið er 0526-26-334 og kennitalan 610174-3969. **- bþh**



**TÍU SINNUM UPP** Gunnlaugur ætlar að arka tíu sinnum upp á Esjuna til styrktar baráttunni gegn lömunarveiki. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



## SPURNING DAGSINS



*Kári, er ekki kalt á toppnum?*

Nei, það er aldrei kalt í Snæfellsbæ.

Kári Viðarsson rekur leikhúsið Frystiklefann á Rifi á Snæfellsnesi.

Þingmaður segir Sjálfstæðisflokkinn munu breyta veiðigjöldum á ný komist hann í ríkisstjórn:

# Veiðigjöld fara yfir 20 milljarða 2016/2017

**SJÁVARÚTVEGUR** Veiðigjöld munu skila ríkissjóði rúmlega 83 milljörðum króna á næstu fimm fiskveiðiárum, samkvæmt áætlun sjávarútvegsráðuneytisins. Strax á næsta fiskveiðiári, sem hefst 1. september, verða tekjurnar 12,8 milljarðar króna, en fiskveiðiárið 2016/2017 verða þær rúmir tuttugu milljarðar.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra áréttaði í gær að ranglega hefði verið sagt frá því í fjölmiðlum að veiðigjöldin giltu aðeins í eitt ár og því væri fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar í uppnámi. „Þvert á móti munu veiðigjöldin verða stigvaxandi á næstu árum verði fyrirliggjandi lagafrumvarp samþykkt eins og þinglok geri ráð fyrir,“ segir í yfirlýsingu forsætisráðherra í gær.



EINAR K. GUÐFINNSSON

Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir veiðigjaldið ofviða sjávarútvegin-um og muni hafa mjög alvarlegar afleiðingar, bæði fyrir greinina og þjóðina alla.

„Ég tel því að það séu almannahagsmunir að hrinda þessari lagasetningu af höndum okkar við fyrsta tækifæri.“ **- kóp**

**Áætlaðar tekjur af veiðigjöldum**

| Milljónir kr. | 2012/13 | 2013/14 | 2014/15 | 2015/16 | 2016/17 |
|---|---|---|---|---|---|
| Almennt gjald | 4.446 | 4.446 | 4.446 | 4.446 | 4.446 |
| Sérstakt gjald | | | | | |
| *Botnfiskafli* | *7.881* | *9.896* | *11.209* | *12.521* | *13.833* |
| *Uppsjávarafli* | *1.967* | *2.367* | *2.671* | *2.976* | *3.281* |
| Samtals | 14.294 | 16.709 | 18.326 | 19.943 | 21.560 |
| Ívilnun v/kvótaskulda | 1.500 | 1.500 | 1.500 | 1.500 | 1.500 |
| Áætlaðar tekjur | 12.794 | 15.209 | 16.826 | 18.443 | 20.060 |



**LÖGREGLUHJÓLIÐ** Hjólið er nokkuð skemmt en það var hífið úr Kópavogslæk síðdegis í gær. MYND/STÖÐ 2

Lögreglumaður á slysadeild:

## Féll í Kópavogslæk við eftirför

**SLYS Lögreglumaður var fluttur með sjúkrabifreið á slysadeild þegar hann féll af vélhjóli sínu í Kópavogslækinn í gær. Hann hafði verið að veita bifhjólamanni eftirför þegar óhappið varð. Sá komst undan.**

**Lögreglumaðurinn kvartaði undan eymslum í öxl eftir slysið. Vélhjól lögreglunnar er nokkuð skemmt en það var hífið úr lækn-um með krana.**

**Lögreglan rannsakar nú eftirlitsmyndavélar til að reyna að hafa uppi á bifhjólamanninum sem komst undan.** **- bþh**

Þúsundir komu saman í gær:

## Mótmælt á Frelsistorginu

**EGYPTALAND** Þúsundir komu saman og mótmæltu á Frelsistorginu í Kaíró í Egyptalandi í gærkvöldi.

Fólkið mótmælti ákvörðun hersins um að taka til sín völd samkvæmt bráðabirgðastjórnarskrá. Herráðið hefur leyst upp þingið og tekið sér löggjafarvald þar til nýtt þing verður kosið. Bræðralag múslima segir þetta vera valdarán.

Herforingjarnir segjast ætla að afhenda nýjum forseta völd, en Mohammed Morsi, frambjóðandi Bræðralags múslima segist hafa unnið í kosningunum. Það hefur frambjóðandi herráðsins einnig gert. **- þeb**

# Fara langar leiðir til að sækja fisk á grillið

**Fiskbúðin Sjávarkistan í Ólafsvík er eina fiskbúðin á Vesturlandi. Hún er aðeins rekin í þrjá mánuði á sumrin og verslar aðeins með fisk af Snæfellsnesinu. Sumarbústaðafólk leggur langa lykkju á leið sína til að komast í fiskbúð.**

**VERSLUN** Fiskbúðin Sjávarkistan í Ólafsvík á Snæfellsnesi er eina fiskbúðin á Vesturlandi. Hún sinnir Snæfellsnesinu eins og það leggur sig og dæmi eru um að sumarbústaðaeigendur í Borgarfirði aki alla leið á Snæfellsnes til þess eins að sækja sér fisk á grillið.

Samkvæmt óvísindalegri rannsókn Fréttablaðsins er næstu fiskbúðir að finna í Mosfellsbæ og á Flateyri og Ísafirði.

Sigurður Ingi Guðmarsson stendur vaktina í Sjávarkistunni og segir fisksöluna aðeins vera sumarverkefni. „Þetta er sumarverkefni og ekkert sem er komið til að vera. Við höfum aðeins opið hér yfir sumarmánuðina þrjá; júní, júlí og ágúst. Svo lokum við bara á veturna.“

„Það var Einar Magnús Gunnlaugsson sem fékk mig hingað og í þetta,“ segir Sigurður Ingi sem er aðfluttur úr Hafnarfirði. „Hann er höfuðið í þessu öllu saman.“

Sjávarkistan var opin í fyrrasumar líka en þá aðeins til klukkan sex á daginn. Sigurður Ingi segir að nú sé búðin opin til átta því eftirspurnin er meiri um kvöldmatarleytið. Boðið er upp á ferskan fisk, kryddleginn og tilbúna rétti.

Verkefnið miðar að því að styðja við fyrirtækin á svæðinu. „Við reynum að selja eins ferskan fisk og við getum,“ segir Sigurður Ingi. „Við höfum eingöngu verið að fá frá fyrirtækjunum hérna í kring.“

Spurður hvaðan hráefnið komi helst segir hann að fiskurinn komi frá Ólafsvík ásamt hinum þorpunum á norðanverðu nesinu.



**HUGSAÐ STÓRT** Fiskbúðin í Ólafsvík þjónustar nánast allt Vesturland enda enga aðra fiskbúð þar að finna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Við höfum verið að fá vörur úr öllum þorpunum í kringum okkur.
>
> SIGURÐUR INGI GUÐMARSSON FISKSALI

„Við höfum fengið vörur úr öllum þorpunum í kringum okkur. Það eru Stykkishólmur, Grundarfjörður, Rif og Hellisandur. Við fáum hráefnið þaðan hvort sem það eru tilbúnir réttir eða ferskur fiskur.“

Sigurður Ingi bendir á að í fiskborðinu séu aðallega óhefðbundnar íslenskar fisktegundir. „Við erum ekki með þetta hefðbundna, heldur erum við með langlúru, lúðu, keilu, steinbít og skötusel. Hér seljum við aðeins fisk sem veiðist hér í Breiðafirðinum.“

birgirh@frettabladid.is

Borgarstjórnarfundur í gær:

## Gagnrýndi 17. júní hátíðarhöld

**STJÓRNMÁL** Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi á borgarstjórnarfundi í gær framkvæmd Reykjavíkurborgar á hátíðarhöldum vegna 17. júní síðasta sunnudag.

Kjartan sagði að víða væri óánægja með framkvæmd hátíðarinnar, ekki síst með þá ákvörðun að leggja niður tónleika á kvöldi þjóðhátíðardagsins.



KJARTAN MAGNÚSSON

Kjartan velti því upp hvort Samfylkingin væri orðin svo heillum horfin í þráhyggju sinni við að koma Íslandi inn í ESB að vísvitandi væri dregið úr viðburðum eins og 17. júní sem tengdust sjálfstæði og fullveldi landsins. Hann sagði mikilvægt að endurskoða alla þætti hátíðarhaldanna og tryggja að betur verði staðið að málum á næsta ári. **- mþl**

Forsetakjör 30. júní:

## 235.784 Íslendingar kjörbærir

**FORSETAKJÖR Alls 235.784 Íslendingar hafa kosningarétt í komandi forsetakosningum. Hefur Íslendingum með kosningarétt fjölgað um 7.941, eða 3,5%, frá Alþingiskosningunum 2009.**

**Þetta kemur fram í kjörskrárstofni Þjóðskrár Íslands sem hefur verið birtur á vefsíðu stofnunarinnar. Sveitarstjórnir víða um land munu svo vinna kjörskrár sínar eftir kjörskrárstofninum. Endanlegar kjörskrár gætu tekið smávægilegum breytingum þar sem tekið verður tillit til tölu látinna og þeirra sem fá nýtt ríkisfang eftir að kjörskrárstofnarnir voru unnir. Endanleg kjörskrá verður því birt eftir kosningarnar.** **- mþl**






Agnes M. Sigurðardóttir verður vígð til biskups yfir Íslandi á sunnudag:

# Drottinn ber skrúðann með mér

**ÞJÓÐKIRKJAN** Séra Agnes M. Sigurðardóttir verður vígð í embætti biskups yfir Íslandi í Hallgrímskirkju á sunnudag. Herra Karl Sigurbjörnsson, sem lætur af embættinu við tilefnið, segir að um söguleg tímamót séu að ræða enda Agnes fyrsta konan sem vígð verður til biskups á Íslandi. Biskupsstóll var fyrst settur á Íslandi árið 1056 í Skálholti.

Vígsluvottarnir við athöfnina nú eru alls þrettán, tveir þeirra eru íslenskir sem séra Agnes hefur valið sér. Aldrei hafa fleiri erlendir gestir tekið þátt í vígsluathöfn biskups hér á landi og nú, alls ellefu. Síðan 1959 hefur sú regla gilt að norrænir lúterskir biskupar séu viðstaddir slíka athöfn á Íslandi.

Erlendir vígsluvottar nú eru erkibiskupar og biskupar norrænu þjóðanna auk biskupa frá Bretlandi, Írlandi, Skotlandi og lettnesku kirkjunni erlendis. Tveir erlendu biskupanna eru konur.

Spurð hvort Agnes beri einhvern kvíðboga fyrir því að bera biskupskápuna segir hún ekki svo vera. „Ég veit að þetta er borið með mér, af Drottni sjálfum og öllum sem standa með mér í kirkjunni.“

Herra Karl hefur ekki ákveðið hvað hann muni taka sér fyrir hendur þegar hann lætur af embætti. **- bþh**



**TÁKN EMBÆTTISINS** Þó íslenskir biskupar noti ekki biskupsstaf er það mikilvægt tákn biskupsembættisins. Agnes mun klæðast biskupskápu Péturs Sigurgeirssonar í lýkupstíð sinni. Hún gerir ekki ráð fyrir að nota mítrið sem fylgir skrúðanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


30 LJÓSÁR
Rafkaup hefur verið starfrækt í 30 ár.
Fagnaðu með okkur í afmælisvikunni.
Rafkaup
Ármúli 24
Laser Sjón
Allt að
30%
afsláttur af
völdum vörum
AFMÆLISVIKA 18. – 22. júní
www.rafkaup.is
Opnunartími:
10:00 – 18:00 virka daga
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

## GENGIÐ 19.06.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,94 | 125,54 |
| Sterlingspund | 195,88 | 196,84 |
| Evra | 157,57 | 158,45 |
| Dönsk króna | 21,196 | 21,320 |
| Norsk króna | 20,949 | 21,073 |
| Sænsk króna | 17,815 | 17,919 |
| Japanskt jen | 1,5825 | 1,5917 |
| SDR | 189,92 | 191,06 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 218,2761

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Meðal annars fjallað um hlutverk, markmið, umboð og valdmörk og samskipti:

# Eigendastefna um OR samþykkt

**STJÓRNMÁL** Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti eigendastefnu fyrir Orkuveitu Reykjavíkur á fundi sínum í gær. Reykjavíkurborg á 94% hlut í fyrirtækinu en auk höfuðborgarinnar á Akranesbær fimm prósenta hlut og Borgarbyggð eitt prósent.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir að samþykkt borgarstjórnar á eigendastefnunni sé eigendum og fyrirtækinu sjálfu til hagsbóta. Stefna fyrirtækisins sé skýrari fyrir vikið sem og hlutverk allra sem að málum fyrirtækisins koma þegar taka þurfi veigamiklar ákvarðanir.



DAGUR B. EGGERTSSON

Í eigendastefnunni er meðal annars fjallað um hlutverk, fjárhagsleg markmið, umboð og valdmörk, samskipti og skýrslugjöf og auðlindanýtingu og afgjald.

Þá er kjarnastarfsemi fyrirtækisins skilgreind sem rekstur vatns-, hita-, raf- og fráveitu, sölu og framleiðslu á rafmagni og heitu og köldu vatni. Loks er fyrirtækinu sett það markmið að skila eigendum sínum arði og veita viðskiptavinum þjónustu á sanngjörnu og samkeppnishæfu verði.

Unnið hefur verið að gerð eigendastefnunnar um nokkurt skeið og voru drög að henni kynnt á síðasta ári. Síðan bárust ýmsar umsagnir frá samtökum og einstaklingum og er eigendastefnan nú fullkláruð. **- mþl**

Íslandsbanki sendi barni bréf:

## Braut lög um persónuvernd

**PERSÓNUVERND Íslandsbanki braut lög um persónuvernd með því að senda fermingarbarni og foreldrum þess auglýsingu í pósti. Fjölskyldan var öll bannmerkt í Þjóðskrá.**

**Foreldrar barnsins kvörtuðu til Persónuverndar sem hefur nú úrskurðað að bankinn hafi brotið lög. Í úrskurðinum segir að bankinn hafi brotið gegn 28. grein laga um persónvernd þar sem bannlisti Þjóðskrár var ekki virtur í þessu tilviki, eins og lög kveða á um að beri að gera. - sv**



**VÉLAKOSTUR** Bæði flugvél og skip Gæslunnar hafa sinnt verkefnum erlendis.

Úttekt Ríkisendurskoðunar:

## Skýra þarf lagaheimildir LHG

**FJÁRMÁL Ríkisendurskoðun telur að komast þurfi skýrar að orði um það í lögum en nú er að Landhelgisgæslunni sé heimilt að taka að sér verkefni fyrir erlenda aðila. Innanríkisráðuneytið þurfi að fylgjast með því að umsvif stofnunarinnar erlendis komi ekki í veg fyrir að hún geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu hér við land.**

**Verkefni Landhelgisgæslunnar fyrir erlenda aðila byggja á ákvæði í lögum um stofnunina þar sem segir að henni sé, í samráði við ráðherra, heimilt að taka að sér ólögbundin verkefni með samningum. Ekki er tekið sérstaklega fram að heimildin nái til verkefna erlendis. - shá**

Annþór og Börkur:

## Neita báðir sök

**DÓMSMÁL** Börkur Birgisson hefur verið ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni og ærumeiðingar gagnvart opinberum starfsmanni.

Börkur situr í fangelsi, hefur verið ákærður fyrir líkamsárásir og er grunaður um að hafa veitt samfanga sínum alvarlega áverka sem leiddu til dauða. Annþór Kristján Karlsson er einnig ákærður í líkamsárásarmálunum og grunaður um að hafa orðið manninum að bana.

Börkur og Annþór neituðu báðir sök í líkamsárásarmálunum þegar þeir komu fyrir dómara í héraðsdómi Reykjaness í gær. **- þeb**

# Fordæmisgildi dóms gæti kostað milljarða

**Dómur í máli Toyota gegn íslenska ríkinu í síðustu viku er fordæmisgefandi. Samkvæmt honum er vaxtakostnaður vegna öfugs samruna ekki frádráttarbær frá skatti. Tugir fyrirtækja hafa fengið sambærilega endurálagningu.**

**VIÐSKIPTI** Sýknudómur yfir íslenska ríkinu vegna kröfu Toyota á Íslandi á hendur þess í síðustu viku er fordæmisgefandi að mati ríkisskattstjóra. Verði hann staðfestur í Hæstarétti mun dómurinn leiða til þess að margra milljarða króna endurálagning embættis ríkisskattstjóra (RSK) vegna svokallaðs öfugs samruna félaga standi.

Forsaga málsins er sú að Bergey ehf., félag sem Magnús Kristinsson átti, keypti P. Samúelsson hf., sem átti Toyota á Íslandi, í desember 2005 á 5,6 milljarða króna. Bergey fjármagnaði kaupin í meðal annars með 3,25 milljarða króna láni frá Landsbankanum. Í kjölfarið tók P. Samúelsson ehf. Bergey yfir með öllum skuldum og eignum og var því farið að fjármagna kaupin á sjálfu sér að stórum hluta. Svona snúningur kallast öfugur samruni.

Í kjölfarið reiknaði hið nýja félag öll vaxtagjöld vegna lánsins sem það veitti sjálfu sér til rekstrarkostnaðar og taldi þau þar með frádráttarbær frá skatti. Ríkisskattstjóri tók málið til skoðunar og úrskurðaði í nóvember 2010 að þetta mætti ekki.



**ÁHRIF** Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir ekki hægt að líta öðruvísi á dóminn en að hann marki ákveðna stefnu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hann endurálagði því kostnaðinn á Toyota á Íslandi ehf. Félagið, sem skipti um eigendur fyrir ári í viðamiklu skuldauppgjöri við Landsbankann, sætti sig ekki við úrskurðinn og höfðaði mál á hendur íslenska ríkinu til að fá 93 milljónir króna endurgreiddar. Dómurinn féllst ekki á að vaxtagjöld væru frádráttarbær frá skattgreiðslum og ríkið því sýknað af kröfunni.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir ekki hægt að líta öðruvísi á dóminn en að hann marki ákveðna stefnu. „Það er líklegt að það verði að líta svo á að þetta sé fordæmisgefandi dómur. Það eru nokkur önnur svona mál í pípunum. Ég reikna samt frekar með að þessum dómi verði skotið til Hæstaréttar."

Að sögn Skúla eru nokkuð mörg fyrirtæki í svipaðri stöðu og Toyota á Íslandi var í. Fjárhæðirnar sem voru endurálagðar á þau séu þó ákaflega mismunandi. **thordur@frettabladid.is**

### Gætu veitt fyrirtækjum náðarhögg

Gjaldabreytingar embættis ríkisskattstjóra á félög og fyrirtæki námu sex milljörðum króna á árinu 2011. Þær hafa rúmlega tvöfaldast frá árinu 2009. Á meðal þeirra mála sem leiða til endurálagningar vegna gjaldabreytingar er ólögmæt nýting á tapi við samruna félaga, ólögmæt úthlutun arðs og svokallaðar öfugar yfirtökur þar sem gjaldfærslu á vöxtum lána sem tekin voru til að fjármagna yfirtökuna var hafnað.

Á meðal þeirra sem hafa fengið tilkynningu um endurálagningu vegna þessa eru Skipti, móðurfélag Símans, sem þarf að greiða á bilinu 800 til 1.800 milljónir króna og Húsasmiðjan sem þurfti að greiða allt að 700 milljónir króna.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA), sagði í samtali við Fréttablaðið í janúar að hann teldi marga tugi fyrirtækja hafa fengið endurálagningu vegna öfugra samruna. Upphæðirnar væru afar háar og gætu í sumum tilvikum veitt fyrirtækjunum náðarhöggið.

Skipuð til þriggja ára:

## Jafnréttisfulltrúi hjá lögreglu

**JAFNRÉTTISMÁL** Ríkislögreglustjóri hefur skipað Katrínu Salimu Dögg Ólafsdóttur, verkefnastjóra í mannauðs- og tölfræðideild ríkislögreglustjóra, sem jafnréttisfulltrúa lögreglunnar til næstu þriggja ára. Þetta kemur fram í tilkynningu frá embættinu.

Jafnréttisfulltrúi lögreglunnar starfar á landsvísu og fer með umsjón jafnréttismála. Ríkislögreglustjóri hefur gefið út jafnréttisáætlun fyrir lögregluna, stefnu og framkvæmdaáætlun, til þriggja ára, sem tók gildi 12. júní 2012.

2,5% óútskýrður launamunur:

## Ráðuneytið leiðréttir laun

**JAFNRÉTTISMÁL Innanríkisráðuneytið ætlar að leiðrétta kynbundinn launamun í ráðuneytinu. Við jafnlaunaúttekt kom í ljós 2,5 prósent óútskýrður launamunur meðal sérfræðinga ráðuneytisins. Ráðuneytið telur óviðunandi að konur og karlar njóti ekki sömu launa fyrir sömu störf. Þá fagnar ráðuneytið úttektinni sem gefur tækifæri til að leiðrétta þessa skekkju.**

**Þetta er í fyrsta sinn sem jafnlaunaúttekt er gerð í Stjórnarráðinu. Hún er framkvæmd innan allra ráðuneytanna. Jafnréttisáætlun skyldar ráðuneytin til að kanna árlega hvort kynbundinn launamunur sé fyrir hendi. - bþh**

### GRIKKLAND

**Gætu myndað stjórn í dag**

Ný ríkisstjórn gæti verið mynduð í Grikklandi í dag. Leiðtogi sósíalistaflokksins Pasok sagði þetta í gærkvöldi. Pasok, Nýi lýðræðisflokkurinn og vinstri demókratar hafa fundað um myndun stjórnar, en allir flokkarnir þrír eru hlynntir björgunaráætlun ESB og AGS.





BÓKABÚÐ FORLAGSINS

Fiskislóð 39

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA kl. 10–18

OG LAUGARDAGA kl. 10–14

FORLAGIÐ

Kaffi á könnunni og næg bílastæði


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**SKIN OG SKÚRIR** verða á landinu næstu daga. Úrkomumagnið verður þó ekki mikið og líkur á skúrum minnka eftir morgundaginn. Á milli skúra verður nokkuð bjart. Hitinn hækkar lítillega þegar líður á vikuna og verður víða á bilinu 10 til 17 stig.



**Á MORGUN** Hæg breytileg átt víða um land, heldur meiri vindur allra syðst.

**FÖSTUDAGUR** Hæg breytileg átt víða um land, heldur meiri vindur allra syðst.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 31° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 20° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 34° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 19° |
| París | 23° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# Gullverðlaun

Holta Kjúklinga - Bratwurstpylsur unnu til gullverðlauna í fagkeppni meistarafélags kjötiðnaðarmanna sem haldin var nú á dögunum. Einnig voru pylsurnar valdar sem besta varan unnin úr alifuglakjöti.

Kjúklinga-Bratwurstpylsur eru óreyktar og unnar úr sérvöldu gæðahráefni. Þær eru kryddaðar til með jurtum og kryddkornum þannig að úr verður bragð sem fær sælkera til að kikna í hnjáliðunum og brosa framan í heiminn.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## KJÖRKASSINN



*Vilt þú að sá tími sem einn einstaklingur getur setið í embætti forseta Íslands verði takmarkaður?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 60,4% |
| NEI | 39,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú ánægð(ur) með að þingmenn hafi komist að samkomulagi um þinglok?*

Segðu þína skoðun á vísir.is.

Penninn var seldur til hóps fjárfesta á mánudag en kaupverðið er trúnaðarmál:

# Arion átti Pennann í 39 mánuði

**VIÐSKIPTI** Eignabjarg ehf., dótturfélag Arion banka, seldi á mánudag Pennann á Íslandi ehf. til fjárfestahóps undir forystu Ingimars Jónssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóri Pennans. Hann starfaði hjá Pennanum þegar Gunnar Dungal átti hann, en Gunnar seldi Pennann í júní 2005.

Auk Ingimars leiða Ólafur Stefán Sveinsson og Stefán D. Franklín eigendahópinn. Kaupverðið fæst ekki uppgefið. Samkvæmt svari Arion banka við fyrirspurn Fréttablaðsins er það trúnaðarmál. Penninn á og rekur verslanir Eymundsson, Pennans, Griffils og Islandia. Kaupin eru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.



**SELDUR** Penninn á og rekur verslanir Eymundsson, Pennans, Griffils og Islandia. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Arion banki tók Pennann ehf. yfir í mars 2009 og stofnaði nýtt félag utan um rekstur hans. Um átta milljarða króna skuldir voru skildar eftir í þrotabúi gamla Pennans og um 1,2 milljarða króna skuld við Arion var breytt í nýtt hlutafé þegar nýja félagið var sett á fót.

Penninn hafði því verið í eigu bankans í 39 mánuði þegar hann var loks seldur á mánudag. Ekkert eitt félag hefur verið lengur í eigu banka eftir hrun. Samkvæmt lögum mega bankar einungis eiga fyrirtæki í óskyldri starfsemi í tólf mánuði án þess að leita undanþágu vegna þess hjá Fjármálaeftirlitinu. **- þsj**

Golfdagurinn er í dag:

# Æfingasvæði golfklúbba opin

**ÍÞRÓTTIR** Frítt verður á æfingasvæði fjölmargra golfklúbba í dag í tilefni af Golfdeginum. Þá verður börnum og unglingum kynnt íþróttin og kennd undirstöðuatriði.

Golfdagurinn er haldinn í tilefni af Ólympíuviku Íþróttasambands Íslands. Keppt verður í golfi á leikunum í Ríó árið 2016 í fyrsta sinn síðan árið 1904.

Golf er næstvinsælasta íþróttin á Íslandi og eru um sautján þúsund félagar í golfklúbbum hér. **- þeb**






**LANDEYJAHÖFN** Alls fara 1,8 milljarðar króna í framkvæmdir við Landeyjahöfn á fjögurra ára samgönguáætlun. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

# Tugir milljarða í jarðgöng næstu árin

**Alþingi gerði ýmsar breytingar á samgönguáætlun sem samþykkt var í gær. Norðfjarðargöngum verður flýtt og fé sett í rannsóknir á Seyðisfjarðargöngum. 2,3 milljarðar fara í nýjan Herjólf og Landeyjahöfn. Bora á fjölda jarðganga.**

**SAMGÖNGUR** Alþingismenn samþykktu fjögurra ára og tólf ára samgönguáætlanir í gær. Þær voru samþykktar samhljóða, 43 þingmenn greiddu þeim atkvæði sitt. Ýmsar breytingar voru gerðar á frumvörpum ráðherra og komu flestar frá meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Þá var samþykkt breytingartillaga átta þingmanna Norðausturkjördæmis um að miða rannsóknum og undirbúningi Seyðisfjarðarganga þannig að hægt sé að hefja framkvæmdir við þau samhliða Norðfjarðar- og Dýrafjarðargöngum.

Framkvæmdum við Norðfjarðargöng verður flýtt og munu þær hefjast á næsta ári. Settir verða 1,2 milljarðar í verkefnið þá og 2,5 árið 2014. Það verður því mikið um gangaboranir á næstunni, því Alþingi samþykkti nýverið heimild til fjármálaráðherra um lán vegna Vaðlaheiðarganga, en þau göng verða tekin út fyrir samgönguáætlun.

### 21 milljarður úr ríkissjóði á fjórum árum

Samgönguáætlun 2011 til 2014 gerir ráð fyrir að tæplega 21 milljarður fari í málaflokkinn á næstu fjórum árum. Til viðbótar bætast markaðar tekjur til vegamála, svo sem bensíngjald, upp á rúmlega sex milljarða króna. Hér má sjá skiptinguna eftir málaflokkum í milljónum króna:

| | |
|---|---|
| Siglingamál | 6.534 |
| Flugmálastjórn | 958,3 |
| Vegaáætlun | 10.682* |
| Umferðaröryggisáætlun | 1.360 |
| Samtals | 20.673,7 |

*Við bætast markaðar tekjur upp á 60,5 milljarða króna.*

Við þetta bætist að í langtímaáætluninni er gert ráð fyrir að Norðfjarðargöngum verði lokið á öðru fjögurra ára tímabili áætlunarinnar, með alls 6,8 milljarða króna framlagi. Í framhaldi af því verða lagðir sex milljarðar króna í önnur jarðgöng. Þá verður framkvæmdum við Dýrafjarðargöng flýtt og þeim lokið 2018.

Fé til jarðganga næstu árin hleypur því á tugum milljarða.

Á meðal breytinga sem nefndarmeirihlutinn lagði til var að verja 2,3 milljörðum króna til uppbyggingar nýs Herjólfs og til framkvæmda við Landeyjahöfn, einum milljarði árið 2013 og 1,3 milljörðum árið 2014.

Af þessu fé er 440 milljónum króna varið í hlutafjárframlag til hlutafélags um kaup á nýrri ferju með þátttöku Vestmannaeyjabæjar, 60 milljónum króna til þarfagreiningar, hönnunar og tankprófana á nýrri ferju og 1.800 milljónum í framkvæmdir við Landeyjahöfn.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## Sumarhappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra

### Útdráttur 17. júní 2012

**Toyota Yaris Terra 1.0 að verðmæti kr. 2.770.000**

31661 58793

**Ferðavinningar frá Úrval-Útsýn að verðmæti kr. 500.000**

| | | |
|---|---|---|
| 12721 | 26751 | 52581 |
| 15481 | 32537 | 57360 |
| 21614 | 36466 | 64376 |

**Ferðavinningar frá Úrval-Útsýn að verðmæti kr. 250.000**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 361 | 13092 | 30559 | 45766 | 60644 | 71262 |
| 1293 | 13563 | 31461 | 46136 | 61357 | 72252 |
| 1859 | 14253 | 31933 | 46555 | 61414 | 72803 |
| 2809 | 14918 | 32973 | 46985 | 61438 | 74929 |
| 3296 | 16365 | 33745 | 49436 | 61972 | 75631 |
| 4422 | 16871 | 34286 | 50626 | 62444 | 76372 |
| 6155 | 17231 | 36054 | 52508 | 62465 | 78493 |
| 6308 | 21190 | 37412 | 52815 | 62595 | 79895 |
| 8070 | 21254 | 39403 | 53205 | 63576 | |
| 8898 | 21416 | 40905 | 53547 | 64016 | |
| 10528 | 22695 | 41325 | 53816 | 64113 | |
| 10624 | 23680 | 42435 | 56964 | 64386 | |
| 11873 | 26166 | 42571 | 58372 | 66728 | |
| 12254 | 27010 | 43632 | 58665 | 68010 | |
| 12892 | 28420 | 45468 | 59455 | 69844 | |

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra þakkar veittan stuðning og óskar vinningshöfum til hamingju.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu félagsins að Háaleitisbraut 13, Reykjavík, sími 535-0900.

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

**HVER ÞREMILLINN?** Sendið okkur myndir og upplýsingar um sóðaskap, hirðuleysi, slysagildrur og fleira. *thremillinn@frettabladid.is*

# Drasli fleygt við yfirgefna lóð

Nokkuð hefur borið á því að rusli og drasli sé fleygt við hlið gömlu starfsstöðvar Sorpu við Miðhraun í Garðabæ. Þar er engin starfsemi eins og stendur. Þegar ljósmyndara bar að garði síðdegis í gær stóð sófi á gangstéttinni við hliðið. Það er ekki fyrsta mublan sem þar hefur verið skilin eftir. Sorpa lokaði starfsstöðinni um áramótin 2009-2010 og hefur hún verið lokuð síðan. Þar er jafnframt skilti sem bendir rusleigendum á að ný starfsstöð Sorpu fyrir svæðið sé á Breiðhellu í Hafnarfirði.

Samkvæmt upplýsingum frá Garðabæ er það bæjarins að hirða rusl við og á götum bæjarins. Allar ábendingar um drasl séu vel þegnar. Ruslahirðunni fylgir þó kostnaður fyrir bæinn.

Samkvæmt upplýsingum frá Sorpu segir að eitthvað beri á því, strax eftir að stöðvum hefur verið lokað, að fólk skilji rusl eftir við hliðið. Stöðin við Miðhraun hefur verið lokuð í rúm tvö ár. **- bþh**



**YFIRGEFINN SÓFI** Skýrt kemur fram á skiltinu við yfirgefna lóðina að Sorpa hafi ekki starfsstöð þar og fólki bent á næstu stöð á Breiðhellu í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# heilir Sturtuklefar

Hert öryggisgler allan hringinn • Sturtusett fylgir

SUMAR verð!

til afgreiðslu af lager

Heill lokaður hornlisti




Lausar hlífar framan á botni

KANTAÐUR STÆRÐIR: 80x 80 og 90x90




Lausar hlífar framan á botni

RÚNNAÐUR STÆRÐIR: 80x 80 og 90x90

www.i-t.is

Verslið þar sem úrvalið er mest!

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvað heitir biskup Íslands?
2. Hvað heitir hálfbróðir Justins Bieber?
3. Söngvari hvaða hljómsveitar heitir Ian Anderson?

**SVÖR**

1. Karl Sigurbjörnsson 2. Jaxon Julian 3. Jethro Tull.

Suðurstrandarvegur opnaður:

## Stórbætt öryggi með nýjum vegi

**SAMGÖNGUMÁL** Suðurstrandarvegur verður formlega opnaður í dag þegar Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra og Hreinn Haraldsson vegamálastjóri klippa á borða. Undirbúningur fyrir lagningu vegarins hófst árið 1996.

Suðurstrandarvegur er 57 kílómetra langur og liggur frá Grindavík að Þorlákshöfn. Hann liggur því um þrjú sveitarfélög sem eru Grindavík, Hafnarfjarðarbær og sveitarfélagið Ölfus.

Markmið framkvæmdarinnar er að byggja varanlega og örugga vegtengingu milli Suðurlands og Suðurnesja. Vegurinn uppfyllir nútíma veghönnunarreglur og aðgengi ferðafólks um svæðið er stórbætt. Áætlaður kostnaður við verkið er tæpir þrír milljarðar króna.

- bþh

# Grænt og blátt hagkerfi

**Engar líkur eru á lagalega bindandi samkomulagi á ráðstefnu SÞ um sjálfbæra þróun sem hefst í dag. Tuttugu árum eftir loftslagsráðstefnuna í Ríó hefur útblástur gróðurhúsalofttegunda aldrei verið meiri.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hverjar eru væntingarnar til Ríó + 20?

Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um sjálfbæra þróun hefst í Brasilíu í dag undir heitinu Ríó + 20. Yfirskriftin vísar til þess að nú eru tuttugu ár síðan loftslagsráðstefna SÞ í Ríó fór fram, þar sem var í fyrsta skipti tekið á hlýnun jarðar.

Síðan ráðstefnan fór fram fyrir 20 árum hefur mikið vatn runnið til sjávar og það sem verra er hefur miklu magni gróðurhúsalofttegunda verið blásið út í andrúmsloftið. Þrátt fyrir fögur fyrirheit hefur aldrei farið jafn mikið af þeim efnum út í andrúmsloftið.

Síðan þjóðir heims komu saman í Ríó árið 1992 hefur mikið verið reynt að ná fram samningum sem binda hendur þjóða heims varðandi útblásturinn. Það hefur gengið illa. Í raun er eini samningurinn sem hefur náð þeirri stöðu Kyoto-bókunin, sem samþykkt var árið 1997, um að varna því að koma í veg fyrir að útblástur hefði skaðleg áhrif á hlýnun jarðar. Sú bókun var þó ekki bindandi og illa gekk að fá ríki til að staðfesta hana. Hún er nú runnin úr gildi.

### Grænt hagkerfi

Engar vonir standa til þess að lagalega bindandi samningur náist nú í Brasilíu. Mikilvægi ráðstefnunnar liggur í því hvernig tekst að þoka málum áfram, málum sem síðar verður samið um.

Græna hagkerfið verður áberandi í Ríó, en með því er átt við að unnið verði að sjálfbærri þróun á umhverfisvænan hátt. Rétt er að minna á að hinar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar eru sú efnahagslega, félagslega og umhverfislega.



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt áherslu á græna hagkerfið, en illa hefur gengið að vinna því sess í bindandi samningum.

### Bláa hagkerfið

Málefni hafsins verða áberandi á ráðstefnunni og hafa þau stundum verið nefnd bláa hagkerfið. Verndun heimshafanna mun fá forgang í samþykktum ráðstefnunnar í Brasilíu og hafa heimamenn tekið að sér að stýra viðræðum þar um.

Tekið verður á þeim ógnum sem steðja að fiskistofnum, vistkerfi og líffræðilegri fjölbreytni í hafinu.

Sú áhersla mun trauðla rata inn í lagalega bindandi texta, en verður til þess að auka mikilvægi málaflokksins í komandi samningaviðræðum.

### Áherslur Íslands

Ísland hefur sett fjögur mál í forgang; endurnýjanlega orku, málefni hafsins, jafnréttismál og landgræðslu og landnýtingu. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra situr ráðstefnuna.

Komið er inn á öll þessi forgangsmál í tillögu að niðurstöðuskjali ráðstefnunnar.

kolbeinn@frettabladid.is



**REYNT Í RÍÓ** Þjóðir heims reyna nú að komast að samkomulagi um umhverfismál í víðum skilningi í Ríó. Fjöldi mótmælenda kemur málstað sínum á framfæri. Hér dansa frumbyggjar fyrir framan Þróunarbanka Brasilíu til að mótmæla vatnsaflsvirkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

### Unnið að óskaframtíð

Unnið hefur verið að lokaskjali ráðstefnunnar um langa hríð og hefur það breyst mikið í þeirri vinnu. Drög að því liggja nú fyrir og ætlunin er að samþykkja það á föstudaginn. Yfirskrift þess er The Future We Want, eða framtíðin sem við óskum okkur. Skjalið skiptist, í grófum dráttum, í sex hluta, sem eru:

- Endurnýjun pólitískra fyrirheita
- Græna hagkerfið
- Sjálfbær þróun
- Útrýming fátæktar
- Stofnanaumgjörð SÞ fyrir sjálfbæra þróun
- Aðgerðir og eftirfylgni – leiðir til framkvæmda



# 43

Nr. 43: Næsta kynslóð í netöryggi

AÐGERÐIR Í TAKT VIÐ NÝJA STEFNU

# Landsbankinn tekur upp næstu kynslóð í netöryggi

**Nýtt öryggiskerfi Landsbankans** fyrir netbanka hámarkar öryggi notandans, gerir auðkennislykla óþarfa, eykur þægindi við notkun netbankans og dregur úr líkum á fjársvikum og annarri misnotkun.



*Með nýju öryggiskerfi Landsbankans fyrir netbanka verður auðkennislykillinn óþarfur.*

*Landsbankinn þinn er heiti á stefnu Landsbankans. Bankinn hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við stefnuna. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.*

### Kerfi í stöðugri þróun

Notkun Íslendinga á netbönkum er með því mesta sem gerist í heiminum og tölvusvik eru ekki alvarlegt vandamál. Hins vegar er nauðsynlegt að kerfin séu í stöðugri þróun til að standa vörð um þann góða árangur sem hér hefur náðst. Það er stefna Landsbankans að vera skrefinu á undan og vera áfram leiðandi í að tryggja öryggi í viðskiptum.

### Hámarks öryggi

Kerfið lærir að þekkja hegðun notandans með því að safna saman og greina aðgerðir í netbanka. Að öllu jöfnu finnur notandinn ekki fyrir kerfinu en það bregst við um leið og frávik verða frá hefðbundinni notkun og ekki í samræmi við sögu notandans. Þannig bætist við ný og aukin vöktun á færslum sem eykur öryggi í netbanka Landsbankans.

### Auðkennislykill óþarfur

Í fyrstu er eingöngu um undirbúningsstig að ræða og notendur verða ekki varir við neinar breytingar. Á þessu stigi verður öll notkun netbankans með sama sniði og áður.

Mesta breytingin í haust er sú að auðkennislykillinn verður óþarfur við innskráningu og aðgerðir í netbanka einstaklinga. Í staðinn kemur öryggiskerfi frá RSA sem notað er hjá ýmsum stærstu bönkum heims og gerir okkur betur kleift að hámarka öryggi notandans. Notendur netbanka fyrirtækja fá nýja auðkennislykla



í haust og stefnt er að fullri innleiðingu nýja kerfisins fyrir netbanka fyrirtækja á næsta ári.
Sjá nánar á www.landsbankinn.is/oryggi.

### Í takt við stefnu

Kerfið mun bæta þjónustu við viðskiptavini með auðveldara og þægilegra aðgengi að netbanka. Á sama tíma eru innviðir styrktir með enn frekari vörnum og sífelldri vöktun gegn fjársvikum.

Þetta er mikilvægt skref í áttina að því markmiði Landsbankans að vera leiðandi fyrirtæki á fjármálamarkaði.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



**AFMÆLISGJÖF Í LSE** Stjórnarandstöðuleiðtogi Búrma, Aung San Suu Kyi, fékk þessa derhúfu í byrjun heimsóknar sinnar í London School of Economics í gærmorgun. Hún varð 67 ára í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Auka forvarnir og aðstoð:

## Áætlun gegn ofbeldi í höfn

**SAMFÉLAGSMÁL** Aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur í gær. Hún miðar að því að nýta sem best þær leiðir sem borgin hefur til að fyrirbyggja ofbeldi og styðja við þolendur.

Í áætluninni er lögð áhersla á forvarnir, aðstoð við brotaþola, fræðslu, samstarf og meðferð fyrir gerendur.

Starfshópur sem setti saman áætlunina var skipaður fulltrúm allra fagsviða sem vinna að velferð, mannréttindum, menntun og barnavernd. Hópurinn leitaði til fræðimanna og grasrótarsamtaka við gerð áætlunarinnar. - shá

Veiðar á fyrsta ársfjórðungi:

## Aflaverðmæti fjórðungi meira

**SJÁVARÚTVEGUR** Aflaverðmæti **íslenskra fiskiskipa nam 47,3 milljörðum króna á fyrstu þremur mánuðum ársins. Til samanburðar var aflaverðmæti 37,6 milljarðar á sama tímabili 2011. Verðmætið jókst því um fjórðung á milli ára.**

**Verðmæti uppsjávarafla jókst um heil 35% á milli ára og var 14,7 milljarðar á fyrstu þremur mánuðum ársins. Verðmæti botnfisks var hins vegar 29 milljarðar og jókst um 24,2%. Þá var verðmæti flatfiskafla um þrír milljarðar króna á tímabilinu. Af einstökum tegundum nam verðmæti þorskafla 16,1 milljarði og loðnuafla þrettán milljörðum.** - mþl



**DAGVERÐARÁ Á SNÆFELLSNESI** Í sumar mun hópurinn skoða eyðibýli á öllu Vesturlandi og Norðausturlandi, en endanlegur fjöldi bygginganna mun ekki liggja fyrir fyrr en í haust. MYND/STEINUNN EIK EGILSDÓTTIR



**HEIÐI Á LANGANESI** Félagið sem skrásetur eyðibýlin skilgreinir þau sem yfirgefið íbúðarhús, sem þó er enn með þaki og er því ekki í algjörri rúst eða niðurníðslu. MYND/STEINUNN EIK EGILSDÓTTIR

# Skrásetja hundruð eyðibýla

**Ljóst er að mörg hundruð eyðibýli eru á Íslandi. 103 yfirgefin hús voru skrásett og könnuð í fyrra og heldur verkefnið áfram í sumar. Alltaf að færast í aukana að fólk geri upp hús, segir forsvarsmaður verkefnisins.**

**RANNSÓKN** Mörg hundruð eyðibýli er að finna á Íslandi. Ekki liggur enn fyrir nein heildstæð opinber skrá um þau, en í fyrra voru stofnuð samtök sem munu láta kanna og skrásetja fjölda yfirgefinna íbúðarhúsa um land allt.

Alls voru skrásett 103 eyðibýli síðasta sumar þegar kannaðar voru þrjár sýslur; A-Skaftafellssýsla, V-Skaftafellssýsla og Rangárvallasýsla.

Gísli Sverrir Árnason er formaður félagsins Eyðibýli – Áhugamannafélag, sem er ábyrgt fyrir verkefninu. Félagið fær til sín hóp háskólanema á hverju sumri til að rannsaka húsin. Í ár samanstendur rannsóknarteymið af háskólanemum í arkitektúr og fornleifafræði.

Gísli segir erfitt að segja til um nákvæman fjölda eyðibýla, en ljóst sé að miðað við tölur síðasta árs skipta þau hundruðum.

Skilgreining rannsóknarinnar á eyðibýli er yfirgefið íbúðarhús, sem þó er enn með þaki og er því ekki í algjörri rúst eða niðurníðslu.

„Í fyrra var algengt að byggingarnar stæðu við hliðina á núverandi húsnæði jarðarinnar. En landslagið er vissulega annað á Norðausturlandi, þar sem þau standa yfirleitt ein og stök.“

Gísli segir að eftir því sem nær þéttbýli dragi aukist líkurnar á því að hús hafi verið gerð upp eða verið sé að gera þau upp. Slíkt sé ekki eins algengt á strjálbýlli svæðum.

„Þó urðu þau vör við í fyrra á Langanesi og Melrakkasléttu að verið væri að gera þau upp,“ segir Gísli. „Þar er verið að bjarga eyðibýlum, sem er mjög jákvæð þróun.“ Hann segir allan gang vera á því hverjir eigendur húsanna séu; allt frá núverandi bændum yfir í ríkið og bankana.

Hópurinn fór af stað á ný þann 11. júní síðastliðinn og mun skoða Þingeyjarsýslurnar báðar og norðausturhorn landsins, sem og allt Vesturland frá Hvalfirði. „Næst eru það Mýrarnar, Borgarfjarðarsýsla og Dalirnir á Vesturlandi,“ segir Gísli. „Ég get ímyndað mér að þar verði töluvert af húsum.“

Verkefnið er meðal annars styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

sunna@frettabladid.is



**KÍLAKOT Í KELDUHVERFI** Í Norður-Þingeyjarsýslu skrásetti rannsóknarhópurinn fjölda eyðibýla. MYND/STEINUNN EIK EGILSDÓTTIR

### Meira en 30 býli í N-Þingeyjarsýslu

„Þetta er gríðarlega áhugavert. Það er algjör lúxus og afar spennandi að keyra um landið og fá að kynnast því með þessu móti,“ segir Birkir Ingibjartsson, einn rannsakenda og nýútskrifaður úr arkitektúr í Listaháskóla Íslands.

Birkir er nýkominn úr leiðangri um Þingeyjarsýslurnar. Í Norður-Þingeyjarsýslu skrásetti hópurinn á bilinu 30 til 40 eyðibýli, sem sum hver hafa verið yfirgefin í meira en fimmtíu ár. Þá hafa önnur staðið auð einungis í nokkur ár. „Það getur verið mjög forvitnilegt að velta fyrir sér af hverju þessi hús fóru í eyði og hvernig búsetan hefur verið,“ segir Birkir. „Sum þeirra eru í þannig ásigkomulagi að það er eins og fólkið hafi bara farið í gær.“

www.volkswagen.is




Volkswagen Golf BlueMotion

Sparnaðarráð frá Þýskalandi

Meðaleyðsla aðeins 3,8 lítrar á hverja 100 km**

** Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Golf BlueMotion 1.6

Das Auto.

* Volkswagen Golf var sigurvegari í árlegri sparaksturskeppni Atlantsolíu 2012, í flokki dísilbíla 1.4-1.6 cc.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Golf

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA



# STÓR SIGUR FYRIR ÍSLENSKA FERÐAÞJÓNUSTU



Atlantik hefur í 35 ár einbeitt sér að markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar fyrir skemmtiferðaskip og boðið upp á ferðir fyrir farþega skipanna um land allt, auk þess sem fyrirtækið skipuleggur alþjóðlegar ráðstefnur, hvataferðir og aðra viðburði.

## MÁNUDAGINN 18. JÚNÍ TÓK ATLANTIK Á MÓTI FLEIRI GESTUM EN HAFA NOKKRU SINNI ÁÐUR STIGIÐ Á LAND AF ERLENDUM SKEMMTIFERÐASKIPUM Á EINUM DEGI Á ÍSLANDI.

Leiðsögumenn, bifreiðastjórar, skipaumboðsmenn, hafnarstarfsmenn, öryggisverðir, tollverðir, matreiðslumenn, þjónustufólk á veitingastöðum, verslunarfólk, flugmenn, leigubílstjórar, landverðir, safnverðir og starfsmenn fjölda annarra ferðaþjónustufyrirtækja lögðu sitt af mörkum til að þessi dagur yrði okkur öllum til sóma.

**VIÐ ÞÖKKUM ÖLLUM FYRIR SAMVINNUNA.**
Saman höfum við sýnt þann eldmóð og kraft sem býr í íslenskri ferðaþjónustu. Framundan er gott sumar. Fólksfjöldinn, sem steig á land 18. júní, var aðeins brot af þeim fjölda gesta sem væntanlegir eru með skemmtiferðaskipum á næstu vikum og ferðast út frá höfnum víðs vegar um landið.

ATLANTIK

CREATIVITY BUILT ON EXPERIENCE

Atlantik | Grandagarður 14 | 101 Reykjavík | Ísland | Sími 575 9900 | Fax 575 9915 | at@atlantik.is | www. atlantik.is



**STUÐNINGSYFIRLÝSING** Þessi kona bar skilti sem á stóð „Mohammed Morsi, forseti fyrir Egyptaland“ á Frelsistorginu í Kaíró á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnvöld og ýmis félög ná sátt um staðal um launajafnrétti:

# Nýtt vopn gegn launamisrétti

**SAMFÉLAGSMÁL** Nýr staðall um launajafnrétti var kynntur í gær. Staðallinn er ætlaður fyrirtækjum og stofnunum sem vilja meta launastefnu sína.

„Þeir sem vilja innleiða jafnlaunastaðalinn fá leiðbeiningar um vinnubrögð sem þarf að beita við að ákvarða laun, rýna í launin og skoða hvort mögulega sé verið að mismuna körlum og konum eftir kynferði,“ segir Hildur Jónsdóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, sem leiddi vinnuhópinn sem vann að gerð staðalsins.



HILDUR JÓNSDÓTTIR

Hildur segir innleiðingu staðalsins geta verið tímafreka.

„Við gerum ráð fyrir að fyrirtæki endurskoði og breyti sínum aðferðum. Ef staðallinn kallar ekki fram breytingar værum við þar með að segja að allt væri í himnalagi eða hann væri máttlaus,“ segir Hildur.

Uppfylli fyrirtækin skilyrði staðalsins geta þau fengið viðeigandi vottun. Hildur segir mikla samstöðu hafa einkennt vinnuna að gerð staðalsins. „Það gerist ekki á hverjum degi að Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands, stjórnvöld á sviði jafnréttismála, stéttarfélög og ýmis jafnréttissamtök nái sátt um það hvernig skuli stuðlað að jafnrétti kynjanna.“

Frumvarpið er nú tilbúið til kynningar og fer í hefðbundið umsagnarferli. Almenningur getur óskað eftir rafrænum aðgangi að frumvarpinu á heimasíðu Staðlaráðs og sent athugasemdir sínar til ráðsins. - ktg

Femínistafélag Íslands:

# ÍBV fær hvatningarverðlaun

**SAMFÉLAGSMÁL** Íþróttabandalag Vestmannaeyja (ÍBV) og þjóðhátíðarnefnd ÍBV hlaut Bleiku steinana, hvatningarverðlaun Femínistafélags Íslands, í gær.

Með verðlaununum hvetur Femínistafélagið ÍBV til að hafa jafnrétti að leiðarljósi í verkum sínum en félagið skipuleggur þjóðhátíð og heldur úti bæði kvenna- og karlaliðum í íþróttum. Forsvarsmenn ÍBV segjast ætla að leggja áherslu á að berjast gegn hvers konar ofbeldi, hvort sem það er á þjóðhátíð eða annars staðar. - bþh

Neyðarkall vegna innbrots:

# Vampíra lét illa á stigagangi

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan fékk tilkynningu frá húsráðanda sem sagði Neyðarlínunni logandi hræddur á mánudagskvöld að verið væri að brjótast inn til sín. Lögreglumenn voru sendir tafarlaust á staðinn.**

**Þegar þeir komu á vettvang upplýsti húsráðandi að vampíra hefði látið ófriðlega á stigaganginum. Lögreglumennirnir leituðu en fundu enga vampíru. Manninum var bent á að hafa samband við lögreglu aftur ef vampíran léti á sér kræla.**

**Vampíran virðist hafa haldið sig fjarri og ekkert bólar á henni. Lögreglan segir á Facebook-síðu sinni að ekki sé víst hvort um fjarskyldan ættingja Drakúla sé að ræða.** - bþh

Afreks- og hvatningarsjóður:

# 26 nýnemar við HÍ hljóta styrki

**NÁM** Afburðanemendum sem hefja nám við Háskóla Íslands næsta haust voru veittir styrkir að heildarupphæð 9,3 milljónir króna í gær. Alls hljóta 26 nemendur 300.000 króna styrki auk niðurfellingar á skráningargjöldum sem nema 60.000 krónum. Aldrei hafa styrkþegar verið fleiri í þau fimm skipti sem styrkirnir hafa verið veittir.

Nemarnir eiga það sameiginlegt að hafa náð framúrskarandi árangri á stúdentsprófi. Í hópnum eru níu karlar en sautján konur.

Við valið var horft til árangurs á stúdentsprófi, virkni í félagsstörfum og árangur í íþróttum eða listum. Þrjá styrki hljóta nýnemar sem hafa sýnt góðan námsárangur þrátt fyrir sérstakar eða erfiðar aðstæður. - bþh

# Bolungarvík krefst þess að ráðuneyti virði samninga

**Bolungarvíkurkaupstaður hefur sent innanríkisráðuneytinu erindi og krafist niðurfellingar tugmilljóna skulda á félagslegu húsnæði. Samningur er til þar um. Íbúðalánasjóður hafnar niðurfellingunni.**

**SVEITARFÉLÖG** Sveitarstjórn Bolungarvíkur hefur sent innanríkisráðuneytinu erindi þar sem þess er krafist að staðið verði við samkomulag um frekari niðurfellingu skulda á félagslegu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið gerði samning við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaganna þess efnis. Bolungarvík hefur staðið við sinn hluta samkomulagsins.



SIGURÐUR ERLINGSSON

Samkomulagið, sem gert var í lok árs 2008 og byrjun 2009, gerir ráð fyrir því að Bolungarvík grípi til ýmissa aðgerða, svo sem niðurskurðar, frestunar á þegar gerðum framkvæmdasamningum, álagi á útsvar og hækkun á þjónustutekjum. Á móti yrði 146 milljón króna skuld á félagslegu íbúðarhúsnæði aflétt.

Nefndin leitaði eftir aðgerðum Íbúðalánasjóðs og stjórn hans samþykkti í janúar 2009 að afskrifa að fullu helming þeirrar upphæðar, eða 73 milljónir. Afborganirnar af öðrum 73 milljónum yrðu frystar í eitt ár. „Að því tímabili loknu verði málið tekið til endurskoðunar í samráði við eftirlitsnefndina og viðkomandi ráðuneyti.“

Þegar leitað var eftir því að afgangur upphæðarinnar yrði felldur niður hafði ný stjórn Íbúðalánasjóðs tekið við. Hún hafnaði erindinu.

Eftirlitsnefndin er harðorð um málið í ársskýrslu sinni fyrir árið 2011, en þar segir: „Það er alvarlegt þegar opinber aðili getur ekki staðið við þau fyrirheit, sem hann tók að sér að hafa milligöngu um með samkomulagi við lánardrottna, sökum þess að ríkisstofnun – í þessu tilviki Íbúðalánasjóður – telur sig ekki bundna af því samkomulagi sem gert var.“

> Við höfum ítrekað boðið þeim að fara í Beinu brautina ...
>
> SIGURÐUR ERLINGSSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍLS

Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, segir sjóðinn aldrei hafa verið aðila að þessu samkomulagi og þar af leiðandi ekki bundinn af því. Það sé í raun alvarlegt mál að opinber aðili eins og eftirlitsnefndin geti gert samning um aðgerðir Íbúðalánasjóðs án hans aðkomu.

Sigurður segir stöðu eignanna í raun þannig í dag að þær standi undir sér. Þá sé Íbúðalánasjóður bundinn af tilmælum um að fylgja Beinu brautinni í aðgerðum í skuldamálum. Samkvæmt henni megi ekki mismuna kröfuhöfum, en sú yrði reyndin ef farið væri eftir samkomulaginu. Þá greinir nefndina og sjóðinn á um raunverulega stöðu sveitarfélagsins.

„Við kynntum nefndinni okkar mat um að staða sveitarfélagsins væri mun alvarlegri en þeir teldu hana vera og þar af leiðandi teldum við að frekari aðgerða væri þörf. Við höfum ítrekað boðið þeim að fara í Beinu brautina, þar sem jafnræði kröfuhafa verði gætt. Því hefur ekki verið sinnt.“

kolbeinn@frettabladid.is



**BOLUNGARVÍK** Bæjaryfirvöld hafa krafið innanríkisráðuneytið um uppfyllingu samkomulags við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um niðurfellingu 73 milljóna króna skuldar við Íbúðalánasjóð.

## Sækja málið til ráðuneytisins

Elías Jónatansson, bæjarstjóri Bolungarvíkur, segir málið skipta sveitarfélagið verulega miklu. Á núvirði sé upphæðin nálægt 90 milljónum króna. Hann bendir á að bæjarsjóður hafi þegar afskrifað kröfu á húsnæðiskerfið sem sé nálægt hálfum milljarði, hærri fjárhæð en sem nemi öllum skatttekjum sveitarfélagsins árið 2011, að úthlutunum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga meðtöldum.

„Okkar samningur er við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og þeir í rauninni setja þetta þannig fram að þeim hafi ekki tekist að uppfylla samninginn við okkur vegna þess að Íbúðalánasjóður hafi ekki spilað með. Okkar aðkoma snýr í rauninni að innanríkisráðuneytinu, eða eftirlitsnefndinni, þannig að við munum sækja málið þar.

Við höfum þegar skrifað innanríkisráðherra bréf og sagt honum að við munum ekki una þessari niðurstöðu.“




Gamla bíó í kvöld

Opinn fundur með Þóru Arnórsdóttur kl. 20.00.

Þóra og stuðningsfólk ávarpa fundinn og Þóra ræðir við gesti um hlutverk forsetans og framtíðarsýn fyrir embættið.

Allir velkomnir!

www.thoraarnors.is




**E-ELT** Safnspegillinn, eða „augað“ verður 39,2 metrar. MYND/ESO,E-ELT

Risastór stjörnusjónauki byggður í Síle:

# Stærsta auga jarðar

**STJÖRNUFRÆÐI** Stjörnustöð Evrópulanda á suðurhveli (ESO) mun byggja stærsta stjörnusjónauka jarðar á tindi Cerro Armazones-fjallsins í norðurhluta Síle, skammt frá Paranal stjörnustöð ESO, eins og fram kemur á stjörnufræðivefnum.

European Extremely Large Telescope (E-ELT), einnig kallaður stærsta auga jarðar, verður tekinn í notkun snemma á næsta áratug, gangi vonir manna eftir. E-ELT mun hafa 39,2 metra samsettan safnspegil en kostnaðurinn er áætlaður 1.100 milljónir evra (á verðlagi ársins).

„E-ELT mun halda ESO í leiðandi stöðu í stjarnvísindum næstu áratugi og leiða til ríkulegrar og spennandi vísindauppskeru,“ sagði Xavier Barcons, forseti ESO-ráðsins um verkefnið. - shá

# ÓDÝRA VEIÐIBÚÐIN AUGLÝSIR

ÞEIR SEM VERSLA Í SPORTBÚÐINNI VEIÐA MEIRA



# TAX FREE VIKA
## Í SPORTBÚÐINNI

LOKSINS

### VÖÐLUR OG VÖÐLUSKÓR Á „TAX FREE“ VERÐI Í SPORTBÚÐINNI VIKUNA 14. TIL 21. JÚNÍ

**Frábært úrval af neoprenvöðlum og öndunarvöðlum. Með stígvélum og án Í stangveiðina og skotveiðina.**

(Gildir ekki með öðrum tilboðum)







TAX FREE tilboð sýnir verð eins og enginn virðisaukaskattur væri. Að sjálfsögðu borgum við virðisaukaskatt til ríkissjóðs

BEITAN Í VEIÐIFERÐINA

ORMAR OG MAKRÍLL

SPORTBÚÐIN

KRÓKHÁLSI 4 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

Í leiðinni úr bænum

MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

# Europris

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**



**3590**

**BJÖRGUNARVESTI**
30-40 kg / 40-60 kg /
60-70 kg / 70-100 kg /100 kg +



**6790**

**BJÖRGUNARVESTI**
5-10 kg / 10-20 kg / 20-30 kg/
30-40 kg / 40-60 kg



**12.999**

**BJÖRGUNARVESTI**
Uppblásið með gashylki. HalkeyRoberts
Gasáfylling, kr 3999




**Veiðistangir í úrvali**

**frá 3299**



**8990**

**TJALD**
3ja manna
4ra manna, kr 16.990




12 V

**6990**

**KÆLIBOX**
21 ltr, 12 V, kr 6990. ~~Verð áður: kr 10.999~~



**frá 5990**

**VEISLUTJÖLD**
3x3 metrar, kr 5990
3x6 metrar, kr 26.990
3x9 metrar, kr 39.990



**4999**

**SVEFNPOKI**
1450 g
Vindsæng, 183x51x3 cm,
sjálfuppblásanleg, kr 3999




**1,5 ltr**

**199**

**APPELSÍNUSAFI**



**499**

**PAPPADISKAR**
50 stk



**299**

**PLASTGLÖS**
50 stk

**5 pör saman**



**599**

**SOKKAR**
St 41-45

FATNAÐUR • ÞVOTTA- OG HREINLÆTISEFNI • VERKFÆRI • HEIMILISVARA • SNYRTIVARA • PRJÓNAGARN • FRÍSTUNDAVARA • MATVARA




# 49.990

**22" LED SJÓNVARP MEÐ DVD SPILARA**
Með 12 volta tengi




# 79

**COCA COLA**
33 cl



# 690

**SANDALAR**
Margir litir
St 36-41




Kauptu þrjá og fáðu þann fjórða í kaupbæti

# 1290 pr stk

**GRÓÐURMOLD 50 LTR**



# 1390

**GARÐSLANGA**
1/2"
20 metrar



Verð áður: 49.999

# 35.990

**AL-KO SLÁTTUVÉL**
Comfort 46 Bio
Mótor: Briggs & Stratton 450 series
Úr stáli
148 cc, 1,65 ltr tankur, 23 kg




# 19.990

**LOFTPRESSA**
Black & Decker
2 hp, 25 ltr, 230 W, 50 Hz




# 22.990

**HÁÞRÝSTIDÆLA MEÐ VERANDAHREINSI**
Black & Decker, PW1400TD
120 bör
5 metra slanga




3 ltr

# 2199

**PALLAOLÍA**




5 ltr

# 3990

**VIÐAROLÍA**
Glær




3 ltr

# 3990

**PALLAOLÍA**
Tekk



# 499

**MÁLNINGAPENSILL**
120x25 mm

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Borgum fyrir betri þingmenn:

## Lýðræði kostar

Á Íslandi er mikið kvartað yfir lélegum stjórnmálum. Með annarri hendinni fúlsa vandlætarar yfir því að stjórnmálamennirnir okkar séu ekki hæfari, heiðarlegri, betri. Með hinni steyta þeir hnefann framan í þann mikla kostnað sem fylgir tilvist þjóðþings og þeirra sem á því sitja.

Almenn vantrú á stjórnmálum endurspeglast skýrt í mælingum Capacent á trausti til stofnana. Í síðustu mælingu fyrir bankahrun báru fjörutíu prósent þjóðarinnar mikið traust til Alþingis. Í mars síðastliðnum var það traust komið niður í tíu prósent og fer dalandi. Einungis bankakerfið, sem nýtur trausts sjö prósenta, er neðar á listanum. Meira að segja það er í sókn.


SKOÐUN



**Þórður Snær Júlíusson**

thordur@frettabladid.is


Áður en fólk kvartar yfir því að ekki veljist almennilegt fólk til stjórnmálaþátttöku ætti það að spyrja hvort eftirsóknarvert sé að helga sig þeim stað. Er það starfsumhverfi sem Alþingi býður upp á boðlegt? Í samanburði við önnur lönd er svarið klárlega nei.

Á breska þinginu starfa 650 þingmenn. Grunnlaun þeirra á ári eru 65.738 pund, eða tæpar þrettán milljónir króna. Það gerir tæpa 1,1 milljón á mánuði. Í Danmörku eru þingmenn 179 talsins. Grunnlaun þeirra eru 659.448 danskar krónur á ári búi þeir í Danmörku. Séu þingmennirnir frá Færeyjum eða Grænlandi eru launin hærri, um fjórtán milljónir íslenskra króna á ári, eða tæplega 1,2 milljónir króna á mánuði. Norskir þingmenn eru 169. Þeir þiggja 777.630 norskar krónur í grunnlaun á ári. Það eru um 16,3 milljónir íslenskra króna á ári, eða tæpar 1,4 milljónir króna á mánuði.

Hjá öllum bætast svo við laun fyrir nefndastörf, ýmsar sporslur og greiddur kostnaður. Auk þess starfar fjöldi starfsmanna á viðkomandi þingum ásamt her aðstoðarmanna sem gerir þingmönnum kleift að þekkja mál almennilega áður en þeir afgreiða þau úr nefndum eða tjá sig um þau í ræðustól.

Á Íslandi er þingfararkaup alþingismanna rúmlega 7,3 milljónir króna á ári, eða 610.643 krónur á mánuði. Það er um 57 prósent af grunnlaunum breskra þingmanna, 52 prósent af launum danskra og einungis um 45 prósent af því sem norskir þingmenn þéna. Það er mun meiri munur en má skýra með gengisfalli íslensku krónunnar. Á Íslandi mega formenn stjórnmálaflokka sem eru ekki ráðherrar ráða sér einn aðstoðarmann. Landsbyggðarþingmenn mega ráða sér slíkan í þriðjungsstarf. Á upplýsinga- og útgáfusviði Alþingis, sem rekur gagna- og upplýsingaöflun fyrir þingmenn, eru tuttugu starfsmenn.

Á Íslandi er djúpstæð stjórnmálakreppa sem nær langt út fyrir flokka. Alvarlegasta birtingarmynd hennar er hið fullkomna vantraust sem almenningur virðist hafa á mikilvægustu stofnun lýðveldisins, Alþingi. Það endurspeglast meðal annars í því að stór hluti þjóðarinnar er tilbúinn að taka undir þá tilburði sitjandi forseta að breyta stjórnskipan landsins á þann hátt að meira vald færist á hendur hans á kostnað þjóðkjörins þings.

Íslensk samfélagsgerð er blanda af markaðshyggju og sósíalískri velferð. Í slíku samfélagi kostar peninga að fá gott fólk til starfa. Ef við viljum ekki eyða peningum í lýðræðið og vönduð vinnubrögð þá fáum við þá afskræmingu stjórnmálanna sem oft blasir við okkur á þjóðþingi okkar. Verði það ekki gert mun Alþingi áfram fyllast á fjögurra ára fresti af fólki sem ekki er eftirspurn eftir annars staðar í samfélaginu.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Forsetakosningar 30. júní 2012

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis mun hafa aðsetur í Fjölbrautarskóla Suðurlands á Selfossi á kjördag meðan kjörfundur stendur frá kl. 9:00 til 22:00, símar 480-8100 og 898-1067 og þar verða atkvæði talin að kjörfundi loknum.

19. júní 2012

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis

Karl Gauti Hjaltason

Þórir Haraldsson Unnar Þór Böðvarsson

Erla Sigurjónsdóttir Sigurður Ingi Andrésson


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Virðingarleysið

Júlíusi Vífli Ingvarssyni, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, var ekki skemmt í gær. Hann var mættur á borgarstjórnarfund, en í tilefni kvenréttindadagsins höfðu nokkrar bleikar blöðrur verið hengdar upp í salnum. „Þetta voru bleikar blöðrur utan á ræðustólnum og þær voru truflandi, meðal annars skyggðu þær á ljósið," sagði hann við Vísi í gær. Uss, ljótt er ef satt er. Júlíus vill að virðing ríki í borgarstjórnarsalnum og kvenréttindadagsins sé minnst með virðingu, en honum finnst bleikar blöðrur frekar vera í anda 17. júní hátíðarhalda.



### Betur ef svo væri

Það er hressandi að heyra borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins tala um þjóðhátíðardag Íslendinga sem myndbirtingu virðingarleysisins. Efalaust mundu þó allir sem komu að kvenréttindadeginum óska þess að hann hefði ekki nema brot af þeirri virðingu sem oftast er tengd þjóðhátíðardeginum.



### Blessuð sannfæringin

Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur tilkynnt að hún sé óbundin samkomulagi þingflokka um fiskveiðistjórnunarfrumvarp. Ólína vísar í ákvæði í stjórnarskránni um að þingmenn séu einungis bundnir við sannfæringu sína. Það er gott og blessað og hárrétt. En trúir því nokkur einasti maður sem hefur fylgst með stjórnmálum á Íslandi að það hendi aldrei að þingmenn semji um afstöðu sína og kjósi stundum þvert gegn henni?

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Taflmennska án nægrar íhugunar


Forsetaframboð



**Ari Trausti Guðmundsson**

forsetaframbjóðandi


Sem forsetaframbjóðandi í þeirri stöðu að vera „númer þrjú" í alls konar kosningakönnunum, tek ég stundum þátt í umræðu um hvernig (ekki hverja!) beri að kjósa. Tillögur koma fram um að nú beri að draga framboðið til baka og fá fylgisfólk til að kjósa Ólaf Ragnar eða Þóru (allt eftir hvoru viðkomandi er verst við).

Þessu svara ég með því að benda almennt á til hvers persónuframboð og persónukosningar eru. Þær snúast um manngæði og mannkosti og traust sem hver kjósandi fyrir sig telur henta best í tiltekið embætti. Og í raun gildir sama hugmyndafræði í þingkosningunum þar sem stefna og starfshættir flokka eru fyrst og fremst undir við valið.

Kjósi menn „taktískt" eins og fyrrgreind kosningaleið er kölluð, setja þeir í annað sæti getu og hæfni þess sem þeir kjósa; að því gefnu að þeir hafi sínar bestu taugar til einhvers annars frambjóðanda en tveggja sem leiða kannanir. Nú kann sumum að þykja það mikilvægast af öllu að fella tiltekinn frambjóðanda (eða koma í veg fyrir sigur annars). Segja ástæðuna vera uppgjör við fyrri tíð, við stjórnmál eða tilteknar starfsaðferðir, eða jafnvel langa embættissetu og hvaðeina. Þá gleymir hún eða hann að með því að fylgja ekki sannfæringu sinni

> Nú kann sumum að þykja það mikilvægast af öllu að fella tiltekinn frambjóðanda (eða koma í veg fyrir sigur annars).

um hæfni frambjóðanda og fylgja ekki meginreglu upplýstra ákvarðana er hún eða hann að stuðla að mörgu því afleita sem einkennir umræður, starfsaðferðir og ábyrgðarleysi íslensks samfélags og er þá ekki verið að gera lítið úr mörgum gæðum þess.

Við gerum þá einföldu og stjórnarskrárbundnu kröfu til þingmanna að þeir séu jafnan bundnir af sannfæringu sinni einni, þegar á reynir. Kjósandinn á að treysta sér til þess sama þegar kemur að vali á frambjóðanda eða flokki og þar með láta valið snúast um eigin hugmyndir um hæfni, getu og galla viðkomandi valkosts.

Að lokum vil ég benda lesendum á að hugleiða hvers konar fulltrúalýðræði við fengjum yfir okkur ef farið væri að nota þessa tveggja valkosta leið, byggða á misvönduðum könnunum, í þingkosningum.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hver er þriðja leiðin

Í DAG

Vésteinn Ólason
fyrrverandi prófessor



Um aldir höfðu Evrópuþjóðir þann hátt á að „leysa“ ágreiningsmál með átökum: hver stóð fast á sínu og að lokum varð stríð. Eftir hroðalegt manntjón og eyðileggingu í tveim heimsstyrjöldum komu þjóðir á vígvellinum sér saman um að ganga í bandalag, setja sér reglur og leysa ágreining með samningum. Þetta var upphafið á ferli sem enn er í gangi og birtist í dag í Evrópusambandinu. Þetta sátta- og sameiningarferli hefur aldrei verið auðvelt og enginn bjóst við því. Enn rekast hagsmunir á og ríkin eru um margt ólík. Sambandið hefur þurft að koma á sameiginlegum stjórnsýslustofnunum — skristofubákni segja sumir, en þó er það lítið miðað við það sem er í löndunum sjálfum. Samningar eru oft langdregnir og erfiðir, af því að taka verður tillit til allra ríkjanna og komast að niðurstöðu sem allir geta sætt sig við. Þeir sem gagnrýna þetta vilja sjaldnast horfast í augu við að þetta samningaþóf tryggir stöðu hvers um sig, líka þeirra smæstu, gegn því að vera ofurliði bornir. Reglum er ætlað að tryggja jafnrétti. Átökin stafa ekki af því að ríkin séu hvert öðru óvinveitt heldur af því að hver gætir sinna hagsmuna. Evrópusambandið er sannarlega ekki dæmi um hinn fullkomna heim, en það er virðingarverð tilraun til að skapa betri heim.

Margir Íslendingar virðast eiga erfitt með að skilja þetta, en afstaða þeirra er þversagnakennd. Þeim finnst að þjóðir heims, einkum þær sem nálægt búa, skuldi þeim eitthvað, einhverja vináttu sem eigi að koma fram í fjárstuðningi og tilhliðrunarsemi. Ef aðrar þjóðir treysta ekki Íslendingum eða hafa aðra hagsmuni er það af því að þær eru okkur óvinveittar. Þannig þótti mörgum sem Norðurlandaþjóðir væru orðnar okkur óvinveittar þegar þær vildu ekki rétta okkur óútfyllta ávísun meðan alls óvíst var hvort við réðum við þann vanda sem við höfðum steypt okkur í. Reyndar urðu þessar þjóðir síðan fyrstar til að rétta fram hjálparhönd þegar líkur voru til að hér yrði framfylgt skynsamlegri endurreisnaráætlun undir eftirliti. Nú greinir menn á um hvernig eigi að skipta milli þjóða þeim makríl sem veiðist í Norður-Atlantshafi. Ísland heldur þar að venju fast á sínum málstað. Það gera aðrar þjóðir líka, en eru þær óvinir okkar þess vegna? Fyrr á öldum hefði getað orðið stríð út af þessu. Hvernig ætli það hefði endað fyrir Ísland og Færeyjar? Sem betur fer vilja hinir máttarmeiri nú fara samningaleið í deilumálum og lúta alþjóðalögum.

Enginn getur neitað því að umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu er í uppnámi. Allir stjórnmálaflokkar nema einn virðast hafa harðnað í afstöðu sinni gegn inngöngu, og meirihluti þjóðarinnar er á móti. Takist að ljúka samningaferlinu er ekki mjög líklegt að málefnalegar ástæður muni ráða úrslitum í atkvæðagreiðslu. Fjölmargir andstæðinganna eru fyrirfram ákveðnir í að Ísland megi aldrei ganga í Evrópusambandið, jafnvel ekki þótt það sé meira en hálft inni sem áhrifalítill fylgifiskur. Sannarlega væri þörf á að ræða án slagorða og upphrópana hvað felst í fullveldi og hvernig sé farsælast vopnlausri smáþjóð að gæta þess.

Þótt ég sjái flest jákvætt við þróunina í Evrópu, þegar ég hugsa til þess valkosts að hún hefði ekki orðið, er ég ekki svo sannfærður um að Ísland eigi að ganga þar inn að ég þurfi ekki að vita hvað það mundi fela í sér. Við þurfum að leiða samningana til lykta, en Evrópa er í vanda, og vel getur verið skynsamlegt að fara hægt í samningum og bíða með ákvörðun þangað til farið er að skýrast hvernig úr vandanum verður leyst. Hafa verður í huga að fjármálakreppa er — ef reynslan lýgur ekki — ástand sem gengur yfir. Aðild eða ekki aðild snýst um afstöðu og framtíðarsýn til langs tíma en ekki tímabundinn vanda. En miklu skiptir vitaskuld hvaða lausnir verða fundnar, hvernig fjármála- og myntkreppa verður leyst og hvaða áhrif það hefur á hinn pólitíska samruna.

Þeir sem andsnúnir eru því að Ísland sæki um og, ef hagstæðir samningar nást, gangi í Evrópusambandið, skulda okkur hinum greinargerð fyrir sinni framtíðarsýn. Það næsta sem henni verður komist er að við eigum að halda krónunni, hafa skynsamlega og trausta hagstjórn og — að flestra dómi að minnsta kosti, þótt það hafi ekki mikið verið rætt — vera áfram hluti af EES. Er þessi framtíðarsýn trúverðug?

Gefum okkur að Íslendingum takist að koma á traustri hagstjórn af eigin rammleik. Til þess er ekki nóg að hafa taumhald á ríkisfjármálum heldur þarf einkageirinn, fjármálakerfið og hinn almenni borgari einnig að haga málum sínum skynsamlega. Hve langan tíma mun taka að byggja upp traust okkar og annarra á því að okkur takist þetta og að einkagjaldmiðill okkar sé traustsverður? Hvað mun sá biðtími kosta okkur? Hve mikið af aflandskrónum og sparifé mun flýja land með fyrirsjáanlegum áhrifum á gengi og lífskjör?

Getum við byggt upp traust á efnahagsstjórn okkar og gjaldmiðli meðan gjaldeyrishöft eru í gildi? Hve lengi getum við búið við gjaldeyrishöft án þess að það skaði efnahag og fjármálasiðferði (ég gef mér að það geti versnað)? Hve lengi getum við verið hluti af EES með gjaldeyrishöft?

Getur verið að valkostir okkar séu tveir: að ganga í Evrópusambandið og hefja samvinnuferli um myntsamstarf EÐA hverfa aftur til áranna fyrir inngöngu í EES, búa við gjaldeyrishöft og standa utan bandalaga? Sjálfsagt eru ýmsir sem telja þetta góðan kost, en ég efa stórlega að það eigi við meirihluta þeirra stjórnmálamanna og almennra kjósenda sem í dag eru andstæðingar samninga við Evrópusambandið og inngöngu í það.

Ég er ekki sérfræðingur um fjármál eða peningamál, og vel má vera að ég sé blindur fyrir þriðju leiðinni, komi ekki auga á hana. Hvenær ætla stjórnmálamenn og sérfræðingar að fara að benda á þriðju leiðina og rökstyðja að hún sé fær?

# Guðmundur Andri og vinstri flokkarnir í Kópavogi

Stjórnmál

Einar Ólafsson
bókavörður



Í síðustu sveitarstjórnarkosningum urðu þau tíðindi að tuttugu ára gamall meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks féll. Nýr meirihluti var myndaður af Samfylkingunni, VG og tveimur nýjum framboðum, Næst besta flokknum og Lista Kópavogsbúa. Þessi nýi meirihluti lenti svo í uppnámi í vetur sem endaði með því að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn mynduðu nýjan meirihluta með Lista Kópavogsbúa.

Þeirri hugmynd hefur löngum verið haldið á lofti að vinstri mönnum mistakist oftar en ekki að halda um stjórnartaumana, þeir geti ekki komið sér saman og klúðri málunum fyrr eða síðar. Ég veit ekki um neina könnun sem sýnir fram á réttmæti þessarar kenningar.

> Þegar það tókst ekki reyndu þeir að koma á nýjum meirihluta án Sjálfstæðisflokks.

Hinn ágæti fastapenni Fréttablaðsins, Guðmundur Andri Thorsson, tók undir þessa kenningu í pistli í Fréttablaðinu 23. janúar: „Vinstri menn virðast hreinlega ekki í rónni fyrr en þeim hefur tekist að sannfæra hvern einasta landsmann um að kjósa aldrei framar vinstri flokk, hverju nafni sem hann nefnist,“ segir hann og nefnir vinstri flokkana í Kópavogi sem dæmi: „Sumir hafa nú þegar hent frá sér völdunum og selt Sjálfstæðismönnum sjálfdæmi nú þegar, eins og gerðist í Kópavogi.“

Vissulega hefur Guðmundur Andri ekki hlíft hægri mönnum í skrifum sínum og í pistli 18. júní tekur hann þá á beinið, meðal annarra hinn nýja bæjarstjóra í Kópavogi. En í framhjáhlaupi endurtekur hann kenninguna frá í janúar. Hann getur þess að Kópavogsbúar hafi gert tilraun til að hafna Sjálfstæðisflokknum í síðustu kosningum, en „allt kom fyrir ekki: vinstri flokkarnir linntu ekki látum fyrr en þeir höfðu komið Sjálfstæðismönnum til valda á ný.“

Nú var talsvert fjallað um stjórnarkreppuna í Kópavogi í janúar og 23. janúar lá það fyrir í grófum dráttum hvað hafði gerst. Ágreiningur hafði komið upp í meirihlutanum varðandi uppsögn bæjarstjórans. Bæjarfulltrúi Næst besta flokksins brást við með því að segja sig úr meirihlutanum. Hér skal ekki eytt rúmi í að rekja tildrögin að því, en það er vægast sagt hæpið að kenna vinstri flokkunum um það. Þvert á móti, þegar þeir stóðu frammi fyrir því að meirihlutinn var sprunginn brugðust þeir við með því að gera allt sem í þeirra valdi stóð til að koma honum aftur saman. Þegar það tókst ekki reyndu þeir að koma á nýjum meirihluta án Sjálfstæðisflokks. Þegar ljóst var að það tækist ekki reyndu þeir að semja við Sjálfstæðisflokkinn, en lýstu jafnframt yfir að þeir mundu starfa saman, þannig að tryggt yrði að staða vinstri manna yrði þokkalega sterk í nýjum meirihluta, þótt ekki yrði komist hjá aðild Sjálfstæðisflokksins. Viðræðurnar komust þó aldrei á formlegt stig þar eð Listi Kópavogsbúa gekk til samstarfs við Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn og myndaði nýjan meirihluta með þeim.

Guðmundur Andri snýr því öllu á haus með því að segja að vinstri flokkarnir í Kópavogi hafi hent frá sér völdunum, selt Sjálfstæðismönnum sjálfdæmi og ekki linnt látunum fyrr en þeir hafi komið þeim til valda á ný.

TVÖFALDUR ★★ FYRSTI VINNINGUR

230.000.000
+620.000.000

850 MILLJÓNIR

ÞÚ TALDIR RÉTT ★ 850.000.000

Tvöfaldur fyrsti vinningur stefnir í 230 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 620 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

FITON / SÍA



VÍKINGA LOTTÓ

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 20. JÚNÍ 2012

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

# Alþjóðadagur flóttamanna

Alþjóðamál



Kristján Sturluson
framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi

Þvert á það sem margir halda leitar aðeins lítill hluti rúmlega 10 milljóna flóttamanna í heiminum hælis í Evrópu og aðeins brotabrot þeirra endar á Íslandi. Langflestir flóttamenn leita hælis í nágrannaríkjum heimaríkis. Þannig eru bara í Pakistan, Íran og Sýrlandi tæplega 3,5 milljónir flóttamanna. Þess er vert að minnast að ekki eru margir áratugir síðan flóttafólk flúði Evrópuríki í stórum stíl og hver segir að slíkt geti ekki gerst aftur.

Á sama tíma hafa hins vegar ríki Evrópusambandsins og fleiri Evrópuríki hert á aðgerðum til að koma í veg fyrir, stjórna og berjast gegn straumi flóttamanna til álfunnar. „Ólögleg“ leið er hins vegar því miður oft eina leið flóttamanna til Evrópu. Þeir eiga oft ekki eða fá ekki vegabréf frá stjórnvöldum í heimaríkinu og einnig er mjög ólíklegt eða ómögulegt fyrir flóttamenn að óska eftir vegabréfsáritun til að komast til Evrópuríkis til að sækja um hæli. Þeim yrði að öllum líkindum synjað.

Sá sem neyðist til að flýja heimaland sitt verður því oft að segja ósatt um tilgang ferðarinnar, verða sér úti um falsað vegabréf eða jafnvel að sigla yfir opið haf á lélegu fleyi í von um að ná landi. Allir kostirnir eru slæmir og sá síðasti að auki lífshættulegur. Þannig er talið að þúsundir karla, kvenna og barna drukkni árlega í Miðjarðarhafinu á leiðinni frá Norður-Afríku til Evrópu. Þeir sem neyðast til að nota fölsuð vegabréf eru síðan oft handteknir og sviptir frelsi sínu til lengri eða skemmri tíma við komuna til Evrópu fyrir það að nota neyðarúrræði til að bjarga sér frá ofsóknum eða öðrum hættulegum aðstæðum.

Þótt Ísland sé fámennt ríki getum við lagt okkar af mörkum, t.d. með því að tala fyrir því að opna löglega leið fyrir flóttafólk til Evrópu í leit að vernd og að bjóða hingað fleira flóttafólki en nú er gert í samvinnu við Flóttamannastofnun SÞ. Ísland ætti einnig að tryggja að flóttamenn séu ekki fangelsaðir fyrir að nota fölsuð vegabréf þegar þeir flýja ofsóknir eða stríðsátök.

Hérlendis hefur margt verið unnið til bóta í málefnum hælisleitenda. Meðferð hælisumsókna er hins vegar alltof löng og hana verður að stytta verulega án þess þó að hvikað verði frá gæðum. Stjórnvöld verða að tryggja að sá sem sækir um hæli fái skjóta og réttláta úrlausn á hælisumsókn og koma í veg fyrir að umsóknir liggi nánast óhreyfðar sökum skorts á starfsfólki. Slík töf leiðir til meiri kostnaðar fyrir ríkissjóð og ómældra þjáninga fyrir þann sem bíður. Meiri málshraði þýðir sparnað fyrir hið opinbera og um leið mannúðlegri meðferð.

# Landspítali – öryggisnet í eigu og þágu þjóðar

Heilbrigðismál



Ólafur Baldursson
framkvæmdastjóri lækninga á Landspítala



Sigríður Gunnarsdóttir
framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala

Sífellt aukin krafa er á gæðaog öryggismál á sjúkrahúsum. Reynslan sýnir að sjúkrahús á Vesturlöndum eru ekki eins örugg og halda mætti og á undanförnum árum hefur orðið mikil vitundarvakning um þessi mál og öflug alþjóðasamtök sett þau í forgang. Neytendur gera vaxandi kröfur til þess að þjónustan sé bæði skilvirk og örugg. Segja má að spítalar séu í eðli sínu óöruggir, vegna þeirra flóknu verkefna sem þeir sinna og þess hversu viðkvæmir skjólstæðingar þeirra eru. Þess vegna er brýnt að gera sérstakar ráðstafanir á sjúkrahúsum til að auka öryggi og gæði þjónustunnar og vinna stöðugt að umbótum á starfseminni.

Í starfsáætlun Landspítala fyrir árið 2012 til 2013 sem nýlega kom út eru öryggi og gæði einmitt sett í forgang. Lögð hefur verið sérstök áhersla á að efla öryggis- og gæðamenningu og auka enn frekar fagmennsku í vinnubrögðum og skilvirkum verkferlum. Þessi áhersla, og frábær frammistaða starfsfólks Landspítala, hefur gert mögulegt að standa vörð um öryggi sjúklinga þrátt fyrir mikinn niðurskurð. Síðastliðin þrjú ár hafa einkennst af því að draga hefur þurft úr kostnaði á Landspítala enda hafa fjárframlög ríkisins til spítalans lækkað um 23% á þeim tíma.

Ef tryggja á áfram gæði og öryggi þjónustunnar þarf að verða breyting á. Ef til frekari niðurskurðar kemur þarf að leggja af einhverja þjónustu en til að halda áfram frekari uppbyggingu er óhjákvæmilegt að fjárveitingar verði auknar og aðbúnaður bættur. Mikilvægt skref í þá átt er endurnýjun í húsnæði Landspítala og nauðsynleg endurnýjun á tækjabúnaði. Einnig þarf að tryggja nýliðun og festu í starfi lækna og hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta. Slík sókn kostar óhjákvæmilega fjármuni enda eru húsnæði, tækjakostur og annar aðbúnaður forsendur þess að hægt sé að tryggja mönnun, öryggi og gæði. Sem faglegir ábyrgðarmenn munum við leitast við að efla enn frekar öryggis- og gæðastarf á spítalanum en til þess þurfum við hjálp íslensks samfélags og fjárveitingavalds til að tryggja nauðsynlegar fjárveitingar, endurnýjun á húsnæði og tækjabúnaði. Landspítali er öryggisnet í eigu og þágu þjóðar og það er sameiginlegt verkefni okkar allra að tryggja forsendur fyrir farsælu starfi til framtíðar.

# Betri aðbúnaður sjúklinga í augsýn

Nýr Landspítali



Kristín Gunnarsdóttir
deildarstjóri á gjörgæsludeild Landspítala í Fossvogi

Fyrirhuguð endurnýjun Landspítala við Hringbraut snýst fyrst og fremst um bætta þjónustu við sjúklinga og aðstandendur þeirra. Gjörgæsludeild Landspítala í Fossvogi eflist mjög við flutning í nýtt húsnæði á nýjum spítala. Þar munu gjörgæsludeildir í Fossvogi og Hringbraut sameinast á einum stað, sem hefur í för með sér ýmsa kosti og hagræðingu.

Á gjörgæsludeildinni í Fossvogi eru mikið veikir einstaklingar frá öllu landinu. Þetta er fólk sem lent hefur í alvarlegum slysum, gengist undir stórar aðgerðir eða mikið veikt fólk sem þarf stöðugrar gæslu við. Á deildinni vinnur öflugur hópur starfsmanna gott starf og sinnir sjúklingum af kostgæfni og fagmennsku.

Mikil þrengsli og skortur á viðunandi aðstöðu fyrir sjúklinga eru staðreynd á gjörgæsludeildinni. Oft þurfa allt að sex gjörgæslusjúklingar að deila herbergi/sal, en æskilegt væri að þeir hefðu einbýli eða möguleika á að skilja á milli rúmstæða. Það kemur m.a. til af sýkingarhættu, en við og við hafa komið upp sýkingar á spítalanum sem reynst geta hættulegar. Rannsóknir hafa sýnt að með einbýlum er hægt að minnka sýkingartíðni umtalsvert.

Aðbúnaður fyrir aðstandendur á gjörgæsludeildinni er ófullnægjandi. Í þessu sambandi má nefna að margir þeirra sjúklinga sem koma á gjörgæsludeild í Fossvogi eru börn og ungt fólk. Foreldrar barna og aðrir aðstandendur eru oft undir miklu andlegu álagi og skiptir því miklu að hafa næði og gott rými á staðnum. Þar er hins vegar einungis eitt aðstandendaherbergi. Reynt hefur verið að koma til móts við fólk með því að setja upp skilrúm inni í herberginu þegar aðstandendur fleiri en eins sjúklings eru á gjörgæsludeild á sama tíma, en sú staða kemur daglega upp.

Gert er ráð fyrir að með nýbyggingum Landspítala á einum stað batni aðstaða fyrir sjúklinga og aðstandendur til mikilla muna. Það tengist ekki síst því að þar verða einbýli fyrir alla sjúklinga. Á einbýlum geta sjúklingar notið friðhelgi einkalífs, sem ekki er hægt að bjóða öllum sjúklingum upp á eins og staðan er í dag. Aukið rými skapast fyrir aðstandendur sem auðveldar þeim að dveljast nærri sínum nánustu.

Fleiri mikilvæga þætti má nefna. Undanfarin ár hefur orðið mikil þróun í tækjum sem tengjast heilbrigðisþjónustu. Það veitir okkur tækifæri á að bæta þjónustu við sjúklinga. Ný tæki sem auka möguleika á bættri meðferð mikið veikra sjúklinga á gjörgæslu taka mikið rými. Vegna þrengsla á deildinni nær hún ekki að uppfylla alþjóðlega meðferðarstaðla, sem m.a. gera ráð fyrir því að læknar og hjúkrunarfólk hafi sem best aðgengi að sjúklingnum. Á þessu verður bót með nýjum spítala.

Að lokum skal nefnt að aðstaða starfsfólks batnar verulega á nýjum spítala og aukin hagkvæmni næst fram. Með sameiningu gjörgæsludeilda í Fossvogi og við Hringbraut á einum stað fæst betri yfirsýn og hægt er að samnýta starfsfólk og tæki betur. Með sameiningu kynnist starfsfólk fleiri sviðum gjörgæslustarfseminnar, sem bætir fagþekkingu og gerir starfið fjölbreyttara og eftirsóknarverðara.

Brýnt er og tímabært að sameina starfsemi gjörgæsludeildanna á einum stað. Með nýjum spítala fæst miklar umbætur fyrir þann hóp sem starfsemi spítala snýst um, en það eru sjúklingar þessa lands. Berum hag þeirra fyrir brjósti með því að tryggja öryggi og gæði þeirrar þjónustu sem þeir eiga rétt á.



## ISLAND.IS

**Á vefnum island.is geta ferðalangar nálgast ýmsar upplýsingar. Þar er til dæmis fróðleikur um almenningssamgöngur, öryggi í óbyggðum, umferðaröryggi, útivist, vegi og færð. Þar fyrir utan getur fólk fengið upplýsingar um opinbera þjónustu er varðar heimili, fjölskyldu, fjármál og margt, margt fleira.**


ÚTSKRIFTARGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum
Tékk KRISTALL
www.tk.is
iittala
10% afsláttur
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

Vandaðir þýskir herraskór í úrvali
Léttir og þægilegir herra-sumarskór úr leðri, skinnfóðraðir. Litir: cognac og svart - Stærðir: 40 - 46 - Verð: 14.700.-
Misty skor Laugavegi 178
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.
Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

SAFT
RÆDDU UM ÞÁ ÁHÆTTU SEM FYLGIR ÞVÍ AÐ HITTA NETVIN
Heimili og skóli
www.saft.is





# MIÐSTÖÐ MÓTORHJÓLAFÓLKS

**REYKJAVÍK MOTOR CENTER KYNNIR** *Ný bifhjólaverslun og -verkstæði við Holtaveg þjónustar allar tegundir bifhjóla.*

Reykjavík Motor Center er miðstöð bifhjólaáhugafólks sem samanstendur af verslun, verkstæði, mótorhjóla- og vespuleigu. Við seljum einnig allar vörur tengdar bifhjólum,“ segir Soffía Jóhannesdóttir, einn eigenda Reykjavík Motor Center, nýrrar bifhjólaverslunar við Holtaveg. „Við seljum alls átta merki og þjónustum þau. Þar má til dæmis nefna BMW-mótorhjól, Piaggio Vespa, Moto Guzzi, Harley- Davidson, Aprilia og fleiri. Þá erum við með eitt best búna sérhæfða þjónustuverkstæðið fyrir allar tegundir mótorhjóla ásamt dekkjaþjónustu. Á verkstæðinu státum við af þaulreyndum mannskap sem býr yfir hafsjó af þekkingu,“ segir Soffía.

„Við erum í startholunum enda opnuðum við fyrir stuttu,“ segir Soffía. Reykjavík Motor Center varð til í vor við samruna þriggja félaga, Biking Viking – mótorhjólaleigu, Lundavespa – vespuleigu og Harley-Davidson við Grensásveg.

„Af tilefni þess að glæný BMW GS ferðamótorhjól voru að koma í hús hjá okkur þá munum við vera með sérstaka frumsýningu á þeim næstkomandi laugardag á milli klukkan 11 og 16.“

Soffía segir hjólin henta íslenskum aðstæðum afar vel og þau séu tilvalin til ferðalaga um landið. Hægt verður að skrá sig í reynsluakstur á BMW-hjólin á laugardaginn. Reykjavík Motor Center tók við ítalska Piaggio-umboðinu af Heklu og segir Soffía það bæta við breiddina í versluninni. „Helstu kostir vespanna eru að þær eru sparneytnar og þægilegar í akstri, ódýrar í rekstri og henta vel í innanbæjarsnatt. Þá erum við einnig með sérstök MP3 hjól frá Piaggio sem eru vel þekkt í stórborgum Evrópu en þau eru með tveimur hjólum að framan og einu að aftan sem gefur því gott jafnvægi og akstурseiginleika. Við erum einnig með notuð hjól af öllum stærðum og gerðum í umboðssölu hér í búðinni svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.“

**NÝ VERSLUN OG VERKSTÆÐI** Soffía Jóhannesdóttir verslunarstjóri og Eyþór Örlygsson framkvæmdastjóri við hjólaflota RMC. MYND/ANTON

## HEITT Á KÖNNUNNI

„Hefð er fyrir því að hjólafólk taki kaffistopp hjá okkur þegar það er á rúntinum, enda aðgengið alveg frábært hér við Holtaveginn.“ Nánari upplýsingar er að finna á www.rmc.is, www.biking-viking.is og www.lundavespur.is.


PASSION
Lífsins gæði og þægindi frá Passion
Danski framleiðandinn **Passion** býður kröfuhörðum svefnenglum aðeins upp á það besta.
Rúm, dýnur svefnsófar hægindasófar gjafavöru og fleira
LÚR BETRI HVÍLD
Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogur | Sími: 554-6969 | www.lur.is



ÚTSALA HAFIN!

BASLER Parisar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770


## SPORTVEIÐI TV

**Veiðimenn komast í feitt í nýjum þáttum um stang- og skotveiði.**



**Sportveiðivefurinn.is fer í dag af stað með spennandi vefsjónvarp fyrir áhugamenn um skot- og stangveiði. Í fyrsta þætti Sportveiði TV verður farið að Reynisvatni og tekið hús á handboltakempunni Sigfúsi Sigurðssyni, sem nú hefur umsjón með veiði í Reynisvatni.**



ATVINNUMAÐUR Í ÞÝSKALANDI
Eivor náði hápunktinum á sínum handboltaferli í Þýskalandi þar sem hún spilaði sem atvinnumaður í tvö ár.
MYND/GVA

# ERFITT AÐ KVEÐJA HVERN STAÐ

**ÞÝSKT FLAKK** *Eivor Pála Blöndal hefur búið í Þýskalandi ásamt manni sínum Alexander Petersson frá því árið 2003. Þau hafa átt heima á fjórum mjög ólíkum stöðum þar í landi.*

Eivor Pála Blöndal hefur búið í Þýskalandi undanfarin níu ár ásamt manni sínum Alexander Petersson, atvinnu- og landsliðsmanni í handbolta, og sonum þeirra, þeim Lúkasi og Tómasi. „Við höfum búið á fjórum stöðum í Þýskalandi, í Düsseldorf, í Odenburg, í Flensburg og í Berlín,“ segir Eivor. „Þessir staðir eru ofsalega misjafnir. Þeir eru allt frá því að vera sunnarlega í Þýskalandi, lengst í norðri og lengst í austri. Veðurfarið og landslagið er misjafnt og að sjálfsögðu eru bæirnir og borgirnar ólíkar.“

Fyrstu tvö árin voru Eivor og fjölskylda í Düsseldorf. „Það var gott að vera í Düsseldorf og borgin er æðisleg. Eftir það fluttum við til Odenburg en klúbburinn þar heitir Grosswallstadt. Þar náði ég hápunktinum á mínum handboltaferli en þar spilaði ég sem atvinnumaður í liði sem spilaði í annarri sterkustu deild landsins. Það var alltaf gríðarleg stemning hjá okkur stelpunum og stundum voru fleiri áhorfendur en hjá strákunum. Við komumst upp um deild og þetta var allt saman mjög skemmtilegt.“

Haustið 2007 flutti fjölskyldan lengst norður til Flensburg. „Borgin er alveg við landamæri Þýskalands og Danmerkur og er mjög dönsk. Hún er afar fjölskylduvæn og allt er afskaplega frjálslegt. Þaðan fluttum við svo til Berlínar árið 2010 og þar var mesti stuðtíminn. Berlín er frábær borg og alltaf eitthvað að gerast. Þá komu líka flestir gestir til okkar og aldrei dauð stund. Handboltamenn eiga yfirleitt ekki frí um helgar þannig að við gerum eitthvað fjölskylduvænt á öðrum tímum en flestar fjölskyldur þannig að það hentar mjög vel að það sé mikið um að vera öllum stundum,“ segir hún.

Eivor segir það taka um það bil hálft ár að komast inn í lífið á nýjum stað. Að komast að því hvar sé best að versla, staðsetningar á íþróttaæfingum barnanna og fleira. Nýr bær tekur við fjölskyldunni þegar hún flyst heim til Þýskalands eftir sumarið en Alex mun leika með liði Rhein-Neckar Löwen á næsta tímabili. „Við flytjum til bæjar sem heitir Rauenberg og er rétt hjá Heidelberg í Suður-Þýskalandi. Þar er ofsalega fallegt, eins og maður þekkir úr sjónvarpsþáttunum Sjúkrahúsið í Svartaskógi. Við förum þangað þegar Ólympíuleikarnir eru búnir en við Lúkas, eldri strákurinn okkar, ætlum að horfa á Alex keppa í London. Á þessum árum höfum við kynnst mörgum stöðum, eignast marga vini frá ólíkum löndum og kynnst ólíkri menningu sem hefur skilið mikið eftir sig. Það hefur verið erfitt að kveðja alla staðina sem við höfum búið á.“

■ lilja.bjork@365.is

## Í BOLTANUM

„Handboltamenn eiga yfirleitt ekki frí um helgar þannig að við gerum eitthvað fjölskylduvænt á öðrum tímum en flestar fjölskyldur þannig að það hentar mjög vel að það sé mikið um að vera öllum stundum.“





VIÐ VERÐUM Í HVERAGERÐI UM HELGINA

á Garðyrkju- og blómasýningunni Blóm í bæ

ÆVINTÝRAEYJAN MEÐ HEMMA GUNN OG SVANSÍ

Á laugardaginn verður Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansí á Bylgjunni. Boðið verður upp á frábær tónlistaratriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna.
**Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.**

**BYLGJULESTIN** verður á ferð og flugi út um allt land í sumar. Hlökkum til að sjá ykkur!

BYLGJULESTIN Í SUMAR

| | |
|---|---|
| 9. JÚNÍ | Selfoss |
| 16. JÚNÍ | Hafnarfjörður |
| 23. JÚNÍ | Hveragerði |
| 30. JÚNÍ | Bolungarvík |
| 7. JÚLÍ | Vestmannaeyjar |
| 14. JÚLÍ | Flúðir |
| 21. JÚLÍ | Blönduós |
| 28. JÚLÍ | Siglufjörður og Fáskrúðsfjörður |
| 11. ÁGÚST | Dalvík |
| 18. ÁGÚST | Reykjavík |

ÆVINTÝRAEYJAN olís BYLGJAN 989


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# ÚTILEGAN

MIÐVIKUDAGUR **20. JÚNÍ 2012**

**Kynningarblað**
Ferðabækur
Útilegustemning
Öryggi
Útilegufjölskyldur
Góð ráð
Leikir



NORDICPHOTOS/GETTY

# Í fermingartjaldinu með alla fjölskylduna

Sigríður Einarsdóttir og fjölskylda fara í útilegu á hverju sumri. Lengi vel voru þau í tjaldi sem maðurinn hennar fékk í fermingargjöf en hafa nú skipt yfir í tjaldvagn.

Sigríður Einarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri er mikil útilegumanneskja og hefur farið í útilegur á hverju sumri undanfarin ár. „Þegar strákarnir mínir voru litlir þá tókum við ákveðin landsvæði fyrir í einu. Til dæmis fórum við eitt sumarið og þræddum alla Vestfirðina,“ segir Sigríður.

Áður fyrr voru Sigríður og fjölskylda hennar; eiginmaður hennar og tveir synir, í tvær til þrjár vikur í einu í útilegu. „Oft eltum við bara veðrið eins og Íslendingar gera oft. Vorum svo á hverjum stað í tvo til þrjá daga. Mörg tjaldsvæði bjóða upp á að setja í þvottavél þannig að það var mjög þægilegt að geta skellt í vél og hengt svo upp hjá tjaldinu. Þannig þurftum við að taka minna með okkur og gerðum okkur heimakomin á þeim stað sem við vorum á hverju sinni. Yfirleitt vorum við með takmarkaða áætlun, gerðum bara það sem okkur langaði til að gera þann daginn.“

Fjölskyldan ferðaðist bæði ein og með vinum. „Ég sakna þess mikið að hafa ekki systur mína og fjölskyldu hennar með okkur í útilegunum. Þau eru búin að kaupa sér sumarbústað og hætt að vera í fellihýsinu sínu. Samvera með fjölskyldunni er svo mikilvæg í þessum ferðum, líka núna þegar strákarnir eru orðnir stórir. Það er ekkert sjónvarp og ekkert að gera nema spjalla og leika sér. Við förum í fótbolta og gönguferðir, spilum og skoðum umhverfið. Það er svo gott að geta kúplað sig út og losna við allt stress.“

Í dag eru strákarnir farnir að vinna og því minna færi á að fara í langar ferðir. Fjölskyldan stekkur þó af stað ef allir eru lausir. „Það hefur aldrei verið neitt vandamál að hendast í útilegu. Við erum með allt útilegudótið í einu horni í geymslunni og svo er bara hoppað upp í bíl og keyrt af stað. Núna eigum við tjaldvagn sem er léttur og þægilegur þannig að það er búið að leggja tjaldinu sem maðurinn minn fékk í fermingargjöf,“ segir hún og hlær. Þau stefna á að fara í útilegu um helgina og fara þangað sem verður gott veður. Einnig á að fara á ættarmót í Reykhólasveit seinna í sumar og svo hvert sem þeim dettur í hug. „Við tökum nokkurs konar æði fyrir stöðum. Í fyrra fórum við á tjaldstæði við Apavatn sem var ofsalega flott og þar var mjög góð þjónusta og við förum örugglega aftur þangað í sumar.“



Áður fyrr fóru Sigríður og fjölskylda hennar í tveggja til þriggja vikna útilegur. Núna stökkva þau til þegar allir eru lausir og fara í styttri ferðir. MYND/ERNIR

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaður auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.




# Ferðavagninn færðu hjá okkur!




Frá þýska hjólhýsarisanum **Dethleffs** sýnum við hjólhýsi í hæsta gæðaflokki með ríkulegum staðalbúnaði þar sem gæði og falleg hönnun fara vel saman.



## Létt og meðfærileg **Eximo** hjólhýsi

### Eximo 520L



Verð: 2.898.000kr

- Svefnpláss fyrir 4 til 5.
- Heildar lengd 6,86 m.
- Lengd utanmál 5,70 m.
- Innanmál 5,03 m.
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 1050 kg.



### Eximo 460



Verð: 2.798.000kr

- Svefnpláss fyrir 4.
- Heildar lengd 6,37 m.
- Lengd 4,57 m.
- Innanmál 5,17 m.
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 1000 kg.



### Eximo 370



Verð: 2.498.000kr

- Svefnpláss fyrir 3 - 4.
- Heildar lengd 5,57 m.
- Lengd utanmál 4,21 m.
- Innanmál 3,66 m.
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 820 kg.



### Staðalbúnaður í EXIMO hjólhýsum

- Létt og meðfærileg hús, auðveld í drætti.
- Sterklega smíðuð hús.
- Falleg hönnun.
- 25 mm einangrun í þaki og veggjum.
- 30 mm einangrun í golfi.
- Galvaníseruð grind (Alko).
- Góð flexitora fjöðrun.
- Þrýstibremsur.
- Skyggðir tvöfaldir gluggar með rúllu-myrkratjöldum og flugnaneti.
- 13 pinna tengill í bíl með hleðslu.
- 12 og 230 volta rafkerfi með hleðslu.
- 80 Ah rafgeymir.
- 91 lítra ísskápur.
- Klósett m/kassettu.
- Tveggja hellu eldavél með rafm. kveikjara.
- Truma 3400 gasmiðstöð með rafm,hitun (ultra heat) og blásturs kerfi. Ekki ultra heat í 370.
- Rafmagns vatnshitari.



## **Rockwood** fellihýsi fyrir íslenskar aðstæður

### Rockwood Premier 2317G 12 fet



Verð: 3.198.000kr m/ útdraganlegri hlið.

### Rockwood Premier 1904 10 fet



Verð: 2.798.000kr

### Rockwood 191XR OFF ROAD 10 fet



Verð: 2.998.000kr

**Torfæru útgáfan frá Rockwood** fyrir þá sem vilja komast lengra.

- Upphækkað á 15” dekkjum
- Sérstyrkt grind og sterkari hjólabúnaður.

### Ríkulegur staðalbúnaður í Rockwood fellihýsum

- **Galvaníseruð grind**
- **Evrópskar þrýstibremsur**
- **Upphitaðar 12 cm springdýnur**
- Tjakkar með sandskeifum á öllum hornum
- Góð fjöðrun, fjaðrir sem henta vel á íslenskum vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (uppblásið gúmmídekk)
- Handbremsa og varadekk m/hlíf
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Radial dekk / 13” álfelgur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kæliskápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörunarkerfi
- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftlúga m/þriggja hraða viftu
- Skyggni (markísa)
- Skyggðir gluggar
- Flugnanet f. gluggum og hurð
- Gardínur f. gluggum og svefnrými
- 2ja feta geymsluhólf
- Stór geymslukassi að framan
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 3 x 12 volta loftljós og 1 x útiljós
- 1 x færanlegt lesljós með viftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi (10 fet)

### Rockwood A-Hýsi 12 fet

Verð: 2.898.000kr



Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 10-18
Laug-Sun. kl: 12-16

Fosshála 5-7 | 110 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn®




## ÚTILEGUKORTIÐ

**ÚTILEGUKORTIÐ er** ódýr og góður kostur fyrir þá sem ferðast um Ísland.

Kortið gildir fyrir tvo fullorðna og fjögur börn undir 16 ára aldri.

Hægt er að kaupa Útilegukortið á vefsíðu okkar utilegukortid.is, hjá SHELL, Orkunni, Íslandspósti, Víkurverki, ýmsum stéttar- og verkalýðsfélögum og á tjaldsvæðum Útilegukortsins.

Ferðumst innanlands, eitt kort – 44 tjaldsvæði.






Fátt er rómantískara en að sitja við varðeld meðan kraumar í pottum. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Eldað í útilegunni

**Matreiðsla undir berum himni vex mörgum í augum. Smurðar samlokur eru góðra gjalda verðar en duga skammt á hrollköldum íslenskum sumarkvöldum. Þá er fátt rómantískara en að sitja við varðeld meðan kraumar í pottunum.**



### Einfaldur baunaréttur sem nær úr þér hrollinum.

**Fyrir 8**

3 dósir af chilibaunum
1 dós niðursoðnir tómatar
2 dósir salsasósa
1 laukur skorinn
2 tsk. salt
½ tsk. hvítlaukssalt

*Hellið úr öllum dósum í pott og hrærið. Saxið laukinn og hellið út í. Eldið yfir opnum eldi í tuttugu mínútur og hrærið vel svo ekki festist við botninn.*

*Mjög gott er að hella baunaréttinum yfir grillaða hamborgara eða pylsur eða borða hann með brauði.*



### Smjörbökuð kartafla

*Leggið álpappír flatan með glanshliðina upp og smyrjið rönd af smjöri í miðjuna. Skerið kartöfluna í tvennt. Setjið smjör á skornu hliðina og saltið. Vefjið langhliðunum á álpappírnum að kartöflunni og svo öðrum endanum. Bætið einum bolla af vatni inn í og rúllið hinum endanum upp. Eldið á grind yfir opnum eldi í 1 til 2 klukkutíma eftir stærð kartöflunnar.*






### Súpa

*Fyllið pott til hálfs af vatni og skellið grænmetis- eða kjúklingateningi út í. Skerið niður grænmeti, svo sem kartöflur, gulrætur, sellerí og lauk, magn eftir vild og setjið út í soðið. Látið malla á eldinum í hálftíma. Bætið smá rjóma út í undir lokin til að fá smá mýkt í súpuna.*

### Ómissandi eftirréttur

*Þræðið sykurpúða upp á grein og grillið yfir eldi.*

## ÁRSTÍMI EFTIRVAGNA ER RUNNINN UPP

**Sumarið er** helsti ferðamannatími Íslendinga. Þá fjölgar eftirvögnum á þjóðvegum landsins, til dæmis fellihýsum, hjólhýsum og kerrum. Umferðarstofa gaf út leiðbeiningar fyrr á árinu til ökumanna varðandi ýmis öryggisatriði sem nauðsynlegt er að hafa í huga.

1. Áður en lagt er af stað í fyrsta ferðalag ársins er gott að fara hringinn í kringum vagninn og kanna ástand ljósa og glitaugna og hvort ljósatengi séu virk. Hafa ber í huga að allir eftirvagnar eiga að vera með ljós sem eru hliðstæð aftur- og hliðarljósum bílsins.
2. Ferðavagnar breyta aksturseiginleikum bílsins og gera hann þyngri og óstöðugri á veginum. Einnig taka þeir oft á sig töluverðan vind og þarf fólk að hafa það í huga á ferðum sínum um landið. Fólksbifreið með eftirvagn má almennt ekki aka hraðar en á 80 kílómetra hraða á klukkustund.
3. Tengibúnaður milli bíls og eftirvagns þarf að vera traustur. Upplýsingar um hann þurfa að vera í skráningarskírteini bílsins og alltaf á að nota öryggiskeðju. Í festingum og splitti á beisli getur myndast tæring vegna ryðs sem dregið getur stórlega úr styrk beislisins. Þess eru dæmi að splitt hafa gefið sig vegna þessa og valdið mikill hættu.
4. Eftirvagnar eiga allir að vera með ljós sem eru hliðstæð aftur- og hliðarljósum bílsins. Ef eftirvagn er breiðari en ökutækið og hindrar að menn sjái aftur fyrir bílinn þarf að framlengja hliðarspegla bílsins báðum megin.
5. Upplýsingar um heildarþyngd eftirvagns er að finna í skráningarskírteini bílsins. Nauðsynlegt er að bílstjóri kynni sér hvort hann hafi réttindi til að aka með þann eftirvagn sem er aftan í bíl þeirra. Alla skráða eftirvagna á að færa til skoðunar annað hvert ár.



## DÓSAMAT Á PRÍMUSINN

Í tjaldbúskap er þægilegt að þurfa ekki að annast flókna eldamennsku. Á sama tíma er ferðafólki nauðsyn að fá staðgóðan málsverð til að hafa næga orku í átök við náttúruna. Þá er freistandi að grípa í kærkomið úrval niðursoðinnar matvöru þar sem hægt er að velja úr fisk- og kjötréttum, súpum, sósum og fjölbreyttu meðlæti í bragðgóðar og saðsamar máltíðir. Klassískur útilegumatur á prímusinn eru fiskbollur með karrísósu, steiktur fiskbúðingur með tómatsósu, pylsur með bökuðum baunum og spæleggi, kjötbollur í brúnni sósu með kartöflumús, sardínur á rúgbrauðsneið og túnfiskur í matarmikið brauðsalat. Einfalt, nammigott og viðeigandi.



Bakaðar baunir eru gómsætt meðlæti með margs konar útilegumat og taka lítið pláss í farangrinum eins og allur annar dósamatur.






## MEÐFERÐ ELDS Á VÍÐAVANGI

**Í reglugerð** Alþingis um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi segir í 7. grein að óheimilt sé að kveikja eld á víðavangi þar sem almannahætta getur stafað af eða hætt er gróðri, dýralífi eða mannvirkjum.

Þá er hverjum þeim sem ferðast um skylt að gæta ýtrustu varkárni í meðferð elds.

Þar sem eldur er gerður á víðavangi til annars en að brenna sinu skal um hann búið í sérstöku eldstæði eða hann kveiktur á þess konar undirlagi að tryggt sé að hann breiðist ekki út eða svíði gróður eða jarðveg. Eld skal slökkva tryggilega eða gæta þess að hann sé að fullu kulnaður áður en eldstæðið er yfirgefið.

www.reglugerd.is



## HVAR ER BEST AÐ TJALDA?

**Hvort sem** ferðaþráin leitar um langan veg eða stuttan er sjálfsagt að notfæra sér reynslu og aðstoð annarra áður en haldið er af stað í útilegu. Á vefsíðunni www.tjalda.is eru aðgengilegar upplýsingar um öll tjaldsvæði landsins, aðstöðu þeirra fyrir ferðafólk, myndir, stjörnugjöf og umsagnir annarra gesta. Frábær viðkomustaður áður en áfangastaðir fyrir tjaldbúskap sumarsins eru valdir.



## MUNDU EFTIR ÞESSU Í ÚTILEGUNA

Að ýmsu þarf að huga þegar pakkað er niður fyrir útilegu. Lengd ferðalags, samsetning hópsins og áfangastaður skiptir auðvitað máli þegar pakkað er en einnig hvort gist er í tjaldi eða hlýrri híbýlum. Mikilvægt er að velja klæðnað eftir veðri enda allra veðra von á Íslandi. Þar getur lopapeysan komið sterkt inn. Allir ættu að taka sjúkratösku með og góðan svefnbúnað, til dæmis kodda, dýnu og hlý undirföt. Mörgum finnst nauðsynlegt að hafa með ferðaborð og stóla enda þægilegt að sötra kaffisopann og grípa í spil við borð. Ef veðurspáin er góð er sólarvörnin nauðsynleg og létt föt. Notalegt er að grípa í gott lesefni ef dauður tími myndast og fjölskyldan getur auðveldlega gleymt sér með ýmsum leiktækjum. Að lokum má nefna kaffi og súkkulaði en margir geta ekki án þessara guðaveiga verið í útilegunni.

# Það er auðvelt að skapa góða útilegustemningu

Íslensk útilegustemning er einstök enda þarf ekki mikið til. Það sem skapar mestu stemninguna, fyrir utan samveruna, er gítarinn, grillið og leikirnir.

Stemning er eitt það mikilvægasta sem þarf að huga að í útilegum. Íslenskar útilegur eru engu líkar. Þegar sólin lækkar á lofti og farið er í dúnúlpuna vegna þess að kuldinn er tekinn við. Kveikt er á grillinu, krakkarnir leika sér og gítarinn er tekinn upp. Allt eru þetta hlutir sem einkenna íslenskar útilegur og skapa fullkomna stemningu. Gítar, grill og leikir, svo einfalt er það.

Gítarinn er ómissandi og ekki er verra ef einhver kann að spila á hann. Yfirleitt eru alltaf sömu gömlu lögin spiluð, enda er það skemmtilegast þar sem allir kunna textana.

Íslensku lögin sem allir kunna eru oftast spiluð en líka nokkur erlend lög. Þekktustu útilegulögin eru meðal annars Wonderwall með Oasis, Stál og hnífur með Bubba, Við drekkum Jameson, Lífið er yndislegt með Landi og sonum, Fjöllin hafa vakað með Egó og mörg fleiri.

Hægt er að fara í marga skemmtilega leiki, ekki einungis fyrir börn heldur líka fullorðna.



Það skapast meiri stemning í tjaldi heldur en í fellihýsi.



Grillmaturinn er ómissandi.

Kubbur hefur alltaf verið vinsæll leikur þar sem hann er einfaldur og skemmtilegur en í honum eru einnig lið sem gera hann enn þá skemmtilegri og skapa enn meiri stemningu. Frisbí og skotbolti eru sömuleiðis skemmtilegir og einfaldir leikir sem allir geta spilað.

Hvort einnota grill eða kolagrill er tekið með þá er alltaf jafn gott að grilla. Grill er einfaldlega partur af því að fara í útilegu. Oftast eru það pylsur eða hamborgarar en sumir gera vel við sig og taka með sér steik í útileguna.

Eins og komið hefur fram þá þarf ekki mikið til þess að útilegan verði skemmtileg en mikilvægasta hráefnið er augljóslega góða skapið.



Erla Björg Gunnarsdóttir, kynningarstýra Forlagsins. MYND/ANTON

# *Bókaðu þig upp fyrir ferðalagið*

Bókabúð Forlagsins að Fiskislóð 39 í Reykjavík hýsir stærstu kortadeild landsins auk þess að bjóða upp á landsins mesta úrval af íslenskum bókum. Í kortadeildinni er að finna kort af öllum stærðum og gerðum auk fjölda ferðabóka sem gerir ferðalagið enn skemmtilegra. Erla Björg Gunnarsdóttir, kynningarstýra Forlagsins, segir búðina tilvalinn stað til að hefja ferðalagið um Ísland. „Það er gott að byrja ferðalagið í verslun okkar og bóka sig upp. Við bjóðum upp á mikið úrval bóka um innlenda staði, alls kyns ferðahandbækur, bækur um fugla og plöntur og ýmislegt fleira. Og ef það skyldi nú rigna í ferðalaginu bjóðum við einnig upp á gott úrval af kiljum og föndurbókum fyrir börnin."




Nýlega gaf Forlagið út nýjan Ferðaatlas sem er skemmtilegur ferðafélagi innanlands. Þar er hægt að fletta upp kortum af öllu landinu, flestum þéttbýlisstöðum auk upplýsinga um ýmsa afþreyingu, til dæmis golfvelli, tjaldsvæði og sundlaugar. Erla segir bókina innihalda ýmsar nýjungar, til dæmis lýsingar og litmyndir af náttúruperlum og sögustöðum auk teikninga af varpfuglum, plöntum og skeljum landsins. „Slík bók gerir ferðalagið skemmtilegt og fræðandi þar sem endalaust er hægt að fletta í henni á ferð um landið."

Bókabúð Forlagsins að Fiskislóð er opin alla virka daga milli kl. 10-18 og laugardaga milli 10-14.



# Áð í heiðanna ró

Tjaldbúskapur undir bláhimni íslenskra sumarnátta er indælt hlutskipti. Að hlusta á föðurlandið anda, kúra í sjarmerandi tjaldbirtu og sýsla með prímus og potta til að lifa frjáls í náttúrunni. Í öllum landsfjórðungum leynast heillandi tjaldsvæði og hér eru nokkur dásamleg nefnd til sögunnar.

### HÚSAFELLSSKÓGUR

Tjaldsvæðið í Húsafelli er paradís fjölskyldufólks. Þar er skemmtileg sundlaug, spennandi leiktæki, golfvöllur, verslun og veitingar. Yfir sumartímann er kveikt upp í varðeldi á laugardagskvöldum.

### ARNARSTAPI Á SNÆFELLSNESI

Á Snæfellsnesi eru mörg frábær tjaldsvæði. Þar má nefna Arnarstapa sem var áður kaupstaður og er í dag eina höfnin á sunnanverðu Snæfellsnesi. Gaman er að ganga gömlu reiðgötuna og friðlandið á milli Arnarstapa og Hellna.

### ÞJÓRSÁRDALUR

Tjaldsvæðið í Sandártungu í Þjórsárdal er rómað fyrir náttúrufegurð. Þar er góð aðstaða fyrir ferðafólk og frumleg leiktæki fyrir börn. Í göngufæri eru meðal annars sögufrægir staðir frá landnámsöld og náttúruundrin Háifoss og Hjálparfoss.

### DYNJANDI VIÐ ARNARFJÖRÐ

Við fossinn Dynjanda við Arnarfjörð á Vestfjörðum er töfrandi tjaldsvæði. Þar er mikil veðursæld og himnesk upplifun að hlusta á formfegursta foss landsins dynja í takti við náttúruna.

### HAMRAGARÐAR UNDIR EYJAFJÖLLUM

Tjaldsvæðið í Hamragörðum er yndislegur áningarstaður, mitt á milli tveggja tígulegra fossa, Seljalandsfoss og Gljúfrabúa. Hægt er að ganga á bak við Seljalandsfoss og inn að Gljúfrabúa í gegnum ægifagurt gil. Aðstaða fyrir ferðafólk er mjög góð í Hamragörðum, fullkomið þjónustuhús og skemmtileg leiktæki fyrir börn í grónu og geysifögru landi.

### SKAFTAFELL Í VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐI

Tjaldsvæðið í Skaftafelli stendur mitt í stórbrotinni náttúrufegurð. Þaðan er stutt á Hvannadalshnúk og fleiri fallega tinda. Á tjaldsvæðinu er afbragðs aðstaða fyrir ferðafólk í grónu og grösugu umhverfi, ferðamannaverslun, sýningahald, veitingasala og upplýsingamiðstöð.

### ÁSBYRGI Í VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐI

Ásbyrgi er eitt mesta náttúruundur landsins. Í þjóðsögum segir að Sleipnir, áttfættur hestur Óðins, hafi drepið þar niður fæti þegar goðið var á yfirreið. Á tjaldsvæðinu er fyrsta flokks aðbúnaður og hvarvetna vel merktar gönguleiðir. Yfir hásumarið er boðið upp á fræðsluferðir, barnastundir, kvöldgöngur, varðeld um verslunarmannahelgi og sólstöðugöngu.


Margir kjósa að njóta orku Snæfellsjökuls í návígi.
NORDIC PHOTOS/GETTY


Selið í Skaftafelli. Hvannadalshnúkur í baksýn.
MYND/VILHELM


Það er mögnuð upplifun að sofna og vakna við þungan nið Seljalandsfoss.
NORDIC PHOTOS/GETTY


Veðursæld er mikil á tjaldsvæðinu við fossinn Dynjanda sem er 100 metra hár og 60 metra breiður.
NORDIC PHOTOS/GETTY


Langar bílferðir geta virst enn lengri í huga barnanna. MYND/GETTY

## BÍLFERÐIR MEÐ BÖRNUNUM

**Flestir kannast** við óánægju úr aftursætinu í löngum bílferðum út á land. Hér eru hugmyndir að afþreyingu til að stytta börnunum stundir í aftursætinu.

1. **Klukk-gulur-bíll.** Þessi leikur getur orðið þreytandi áheyrnar fyrir foreldra en er ágætur ef börnin eru fleiri en eitt. Þá velja þau sér sinn lit hvert og „klukka" bíl sem ekur hjá í þeirra lit. Ef lætin eru orðin óbærileg er upplagt að stinga upp á óalgengari litum eins og grænbláum eða kokteilsósubleikum.
2. **Hver er maðurinn?** Þetta er leikur sem allir kannast við og hentar krökkum sem eru á skólaaldri. Einn hugsar sér mann og hinir mega spyrja hann spurninga sem hann svarar annað hvort játandi eða neitandi. Sá sem fyrstur áttar sig á hver maðurinn er vinnur.
3. **Frúin í Hamborg.** Hvað keyptirðu þér fyrir peningana sem frúin í Hamborg gaf þér? Örugglega ekkert sem er svart eða hvítt – og svo má alls ekki segja já eða nei.
4. **Telja kindur.** Hér er ekki átt við að svæfa börnin, þótt það myndi vissulega stytta þeim stundir, heldur benda þeim á kindurnar og fá þau til að telja þær.
5. **Söngur.** Flestir hafa gaman af því að syngja saman og getur það reynst betur en að skella geisladiski í tækið. Rifjið upp leikskólalögin og allir geta sungið saman.
6. **Stigasöfnun.** Þessi leikur er ekki ólíkur klukk-gulum-bíl en hér ákveða þátttakendur reglur eins og þegar keyrt er yfir kindagrind verði að segja „píanó píanó!" og snerta bílþakið ef keyrt er yfir brú. Sá stigahæsti í lokin sigrar.

Gott ráð er að hafa smánasl við höndina, rúsínupakka, Cheerios í poka eða þess háttar því svengd eykur á pirring, það þekkjum við nú öll. Þessar hugmyndir má nota til að stytta börnum stundir og auðvitað finnst börnunum best ef mamma og pabbi nenna að vera memm.






## FJALLAKOFINN LAUGAVEGI 11

**Hjarta miðbæjarins** Fjallakofinn við Laugaveg 11 er vel útbúin útivistarverslun sem deilir rými sínu með útivistar- og ævintýrafyrirtækinu Arctic Adventures/Arctic Rafting. Þarna er Fjallakofinn staðsettur í hjarta miðbæjarins þar sem Íslendingar og ferðamenn njóta þess að vera. Það er ávallt mikið mannlíf á Laugaveginum, sérstaklega á sumrin og ferðamenn og Íslendingar streyma inn og út úr búðinni alla daga frá klukkan átta á morgnana til kl. 20 á kvöldin.




Sérhæfing Fjallakofans á Laugavegi felst í þekkingu og reynslu starfsfólksins á útivist, fjallgöngum, klifri og tengdu sporti sem starfsfólkið getur miðlað til viðskiptavina. Metnaður verslunarinnar er að bjóða upp á öflugar og góðar vörur fyrir allar aðstæður.



## FJALLAKOFINN KRINGLUNNI 7

**Stærsta búðin** Verslun Fjallakofans sem er á jarðhæð Kringlunnar 7 (í Húsi verslunarinnar) er langstærst og því er þar að finna mesta vöruúrvalið af öllum verslunum Fjallakofans.

Þar fæst mikið af fatnaði fyrir fjallgönguna, hjólreiðarnar og alla almenna útivist. Þar er einnig hægt að finna allt fyrir klifrið, fjallaskíðamennskuna, útileguna og svo má lengi telja – allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Fjallakofinn hefur yfir að ráða reyndu starfsfólki sem hefur mikla reynslu af fjallamennsku. Starfsmenn geta því veitt viðskiptavinum ráðleggingar og svarað spurningum þeirra, hvort sem þær snúa að ísklifri, léttum fjallgöngum eða lengri ferðum á hæstu tinda.




## FJALLAKOFINN REYKJAVÍKURVEGI 64

**Vinsælustu vörurnar** Fjallakofinn Reykjavíkurvegi 64 í Hafnarfirði hefur tekið breytingum á þessu ári. Verslunin var í rauninni flutt úr Hafnarfirðinum en vegna fjölda áskorana var hún opnuð aftur þann 4. maí sl. með örlítið breyttu sniði. Nú er áherslan þar lögð á vinsælustu vörur Fjallakofans. Má þar helst nefna ullarfatnað og sokka frá Smartwool og hágæða útivistarfatnað frá Marmot. Einnig eru hinir endingargóðu gönguskór frá Scarpa á sínum stað.

Tjaldbúnaðarleiga Fjallakofans er einnig starfrækt frá Reykjavíkurveginum en þar er hægt að leigja tjöld, svefnpoka, dýnur, prímusa og potta bæði til skemmri og lengri tíma. Hafnfirðingar og nærsveitarmenn hafa tekið Fjallakofanum opnum örmum og hún skipar stóran sess í hjörtum þeirra.









**SAMSTARFSFÓLKIÐ** Aðalsteinn Sigurhansson og samstarfsfólk í Sagtækni ehf. MYNDIR/ERNIR



**EIGENDUR** Aðalsteinn og Helga Elísabet.

# REYNUM ALLTAF AÐ VINNA HRATT OG ÖRUGGLEGA

**SAGTÆKNI KYNNIR** *Sagtækni ehf. er fyrirtæki með áratugareynslu sem sérhæfir sig í steinsögun, kjarnaborun og múrbroti. Viðskiptavinir eru bæði einstaklingar og fyrirtæki en fagmenn sinna öllum verkum.*

Sagtækni ehf. er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað árið 1990. Fyrirtækið sérhæfir sig í steinsteypusögun, kjarnaborun og múrbroti. Eigendur eru Aðalsteinn Sigurhansson vélvirkjameistari og Helga Elísabet Kristjánsdóttir.

### FAGLEG AÐSTOÐ

Hjá fyrirtækinu starfa reyndir fagmenn sem skapað hafa Sagtækni gott orð fyrir fljóta og góða þjónustu, fagleg vinnubrögð, þrifalega umgengni og frágang. „Við komum á staðinn ef óskað er, skoðum fyrirhugaðar framkvæmdir, gefum góð og fagleg ráð ásamt að verðmeta framkvæmdirnar.“ Allt þetta er viðskiptavininum að kostnaðarlausu. Aðalsteinn tekur fram að heiðarleiki sé nokkuð sem Sagtækni hafi haft að leiðarljósi frá upphafi.

„Við leggjum metnað okkar í að sinna þörfum viðskiptavina okkar á persónulegan og faglegan hátt,“ segir Aðalsteinn og bætir við að fjöldi viðskiptavina Sagtækni hafa verið í viðskiptum við fyrirtækið til margra ára. „Meðal þeirra má nefna flestöll stóru byggingarfyrirtækin, öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu ásamt fjölda minni fyrirtækja í húsasmíði, pípulögnum, blikksmíði og raflögnum. Svo má ekki gleyma þúsundum einstaklinga sem hafa verið stór hluti viðskiptavinanna frá upphafi,“ segir Aðalsteinn.

### VERKEFNI AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

Sagtækni tekur að sér bæði lítil og stór verkefni og er fyrirtækið vel búið tækjum sem eru endurnýjuð reglulega. Einnig er Sagtækni í góðu samstarfi við verkfræðistofur og önnur fyrirtæki sem eru með gröfur, krana, vörubíla og fleira sem kann að þurfa í mismunandi verkefni. Viðskiptavinir Sagtækni eru því af ýmsum toga, bæði einstaklingar og fyrirtæki, stór og smá.

„Helstu verkefni okkar eru að saga dyra- og gluggagöt á veggi, fjarlægja veggi bæði úti og inni sem og skorsteina af húsum. Þegar veggir eru fjarlægðir þarf oft að setja upp stálstyrktarbita í staðinn og Sagtækni tekur að sér smíði og uppsetningu slíkra bita. Auk þess kjarnaborum við fyrir lögnum og loftræstistokkum í gólf og veggi, sögum og brjótum rásir í gólf og veggi fyrir lögnum af ýmsum toga,“ segir Aðalsteinn og bætir við: „Öll verk sem við tökum að okkur eru unnin af fagmönnum.“

Hægt er að lesa nánar um verksvið Sagtækni ehf. á heimasíðu fyrirtækisins www.sagtaekni.is eða hafa samband, annaðhvort með því að hringja í síma 567-4262 eða senda tölvupóst á netfangið sagtaekni@sagtaekni.is.

### PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA

„Við leggjum metnað okkar í að sinna þörfum viðskiptavina okkar á persónulegan og faglegan hátt.“


MHG VERSLUN

**Husqvarna Construction Products**

**STEINSAGIR, KJARNABORVÉLAR, GOLF OG VEGSAGIR**

Husqvarna
Great experience






**Akralind 4 • 201 Kópavogur • Sími 544 4656 • Fax 544 4657 •** www.mhg.is

## Húsaviðhald

byggjum:
múrarar
málarar
píparar
flísalagnir
alhliða viðhald
heildarlausnir
í framkvæmdum
www.byggjum.is
s.578 6080
byggjum

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Tölvur

omnis
verkstæði
Ókeypis bilana-greining á tölvum.
444 9900 - Ármúli 11 - www.omnis.is

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Spákonan Sirrý**
Ástir, fjármál, heilsa. Uppl. í s. 552 4244 & 823 6393.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# KEYPT & SELT

## Til sölu

HVERN HEFUR EKKI DREYMT UM AÐ VERZLA SÉR FÖT Á BÍLASÖLU ??

Bílasalan Bílalíf heldur lagersölu á nýjum fatnaði og skarti miðvikudagskvöldið 20.júní og fimmtudagskvöldið 21.júní
Frá kl 19:00 - 22:00 að Kletthálsi 2, 110 Reykjavík.

LAGERSALA
Hringar AÐEINS 990 kr.
Armbandsúr AÐEINS 2.990 kr.
Skór (Le coq sportif) AÐEINS 5.990 kr.
Kjólar frá 3.900.-
Leggins frá 1.990.-
og margt fleira.

BÍLALÍF • KLETTHÁLSI 2

Longostand ruslagrindur með 55 metra ruslapokarúllu (pylsukerfi)

Tilboð þennan mánuð:
Litil ruslagrind (80 cm hæð, 35 cm breid) með 55m pokarúllu (svörtum, bláglærum eða glærum) Kr. 20.000 m/vsk án loks Kr. 23.000 m/vsk með áföstu loki.
Pöntunarsími: 899 5698
siggithor@centrum.is



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Sími 777 2000 www.heitirpottar.is




**SUMARÚTSALA út júní 15% afsláttur af ÖLLUM vörum verslunarinnar**
Mikið úrval af saltkristalsvörum. Einnig mikið úrval af andlegum og náttúruvænum vörum. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata). Opið í sumar virka daga 11-17 Sími 517-8060 ditto.is

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabyggingar. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Yorkshire terrier hvolpar til sölu með ættbók frá HRFÍ, eru bólusettir og örmerktir. S. 692-6728 og 692-5738.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óskum eftir 3 herb. íbúð í 201 Kóp. Helst Lindahverfi. Höfum allar tryggingar og meðmæli. Erum 2 í heimili, algjör reglusemi. S. 8972877.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir að taka á leigu góðan bílskúr eða iðnaðarhúsnæði, þarf að vera með hita. Uppl. í s. 8991678 6992918.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.is
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
Verð frá 1050 dkr/nóttin f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**STAY APARTMENTS**
STAY APARTMENTS leitar eftir þernu í fullt starf. 20 ára eða eldri. Dagvinna og 2. hver helgi. Góð laun fyrir duglegan starfskraft. Vinsamlegast sendið umsóknir í stay@stay.is

Culiacan óskar eftir framtíðar starfsmanni í eldhús. Uppl. í síma 868 8489.

**Járnamaður óskast**
Byggingafyrirtæki með verkefni á suðurlandi óskar eftir járnabindingamanni til starfa í sumar. Upplýsingar veitir Pálmi í s. 898 9313

Sölufólk óskast í aukavinnu! Nánari upplýsingar á kynstrin@kynstrinoll.is og í s. 690-3569

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Hefur þú séð þetta málverk stærð ca 80cmx140cm ? Stolið úr sumarbústað við Laugarvatn ásamt t.d Kengúruskinni, antilópuskinn. Fundarlaun í boði kr 250.000,- Upplýsingar sendist lögreglu 480-1010.

## Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynl.sögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

## Fyrirtæki til sölu

### ÞEKKT FYRIRTÆKI Í HÚSGAGNAIÐNAÐI.

FYRIRTÆKIÐ FRAMLEIÐIR ALLAR SÍNAR VÖRUR OG HEFUR MIKLA SÉRSTÖÐU Á MARKAÐNUM. REKUR MYNDARLEGA VERSLUN, VEL STAÐSETTA. MJÖG HAGSTÆÐIR LEIGUSAMNINGAR.

FYRIRTÆKJASALA ÍSL. S. 520 3500 • WWW.ATV.IS

## Atvinna

MOSFELLSBÆR Lágafellsskóli

### Lágafellsskóli Mosfellsbæ
### Laus eru störf

**Deildarstjóra í stjórnendateymi skólans**

*Hæfniskröfur:*

- Grunnskólakennaramenntun
- Framhaldsmenntun í stjórnun æskileg sem og starfsreynsla
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfileikar
- Hugmyndaauðgi, jákvæðni og sveigjanleiki
- Áhugi á starfsþróun, nýjum og fjölbreyttum áherslum í skólastarfi

**Enskukennara í unglingadeild 75% starfshlutfall.**

*Hæfniskröfur:*

- Grunnskólakennaramenntun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hugmyndaauðgi, jákvæðni og sveigjanleiki
- Áhugi á starfsþróun, nýjum og fjölbreyttum áherslum í skólastarfi

Ráðið verður í störfin frá 1. ágúst. Umsóknarfrestur er til 3. júlí.

Laun samkvæmt kjarasamningi SÍS og KÍ. Upplýsingar um störfin veita Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 8968230 eða Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri og staðgengill skólastjóra í síma 6920233.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist með tölvupósti á netföngin johannam@lagafellsskoli.is eða asta@lagafellsskoli.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA


STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

vísir

FÉLAG FASTEIGNASALA





## Fasteignir

### OPIÐ HÚS í dag frá kl. 17 - 19

**EIGN Í SÉRFLOKKI – 3ja herb. glæsiíbúð, laus fljótlega**

**KIRKJUVELLIR 7 Hafnarfirði - Íbúð 0203**



Verð 24,9 millj. Fæst með ca 3,5 millj kr útborgun og yfirtöku á 21,5 millj kr. láni frá Íbúðalánasjóði. Óvenju vönduð, falleg og vel með farin 104,5 fm þriggja herbergja glæsiíbúð á annarri hæð í góðu nýlegu lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu í kjallara. **Halldóra (GSM -865-2006) tekur vel á móti gestum í dag miðvikudag, og sýnir íbúðina milli kl. 17:00 og 19:00.**

FBJ Fasteignasala Brynjólfs Jónssonar Sími 511 1555

FASTEIGNASALAN BÆR www.fasteignasalan.is

Aldís Einarsdóttir sölufulltrúi/viðskiptalögfræðingur · Rúnar Gíslason Lögg. fasteignasali

### SÓLARSALIR 2, KÓPAVOGI

**OPIÐ HÚS Í DAG, MIÐVIKUDAG FRÁ KL. 17:30-18:30 - VERIÐ VELKOMIN !**




**Glæsileg 130,1 fm íbúð á jarðhæð ásamt 26,7 fm bílskúr í þriggja hæða fjölbýli.** Íbúðin skiptist í: forstofu, stofu, eldhús, 3 svefnherbergi, sjónvarpshol, baðherbergi, þvottahús og geymslu.

aldis@fasteignasalan.is Aldís Einarsdóttir

EIGNAMIÐLUN Reykjavík · Frá 1957 Elsta starfandi fasteignasala landsins

Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

### Hólmgarður 13 - Endurnýjuð efri hæð

**OPIÐ HÚS Í DAG (MIÐVIKUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00**




Falleg og mikið endurnýjuð fimm herbergja 128,5 fm íbúð, önnur hæð og ris með sérinngangi. Á jarðhæð er forstofa. Á hæðinni er hol, stórt eldhús, stofa, borðstofa og baðherbergi. Á rishæð er gangur, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. **OPIÐ HÚS Í DAG (MIÐVIKUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00 V. 34,5 m.** 7163

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

### Furuás 4 Garðabæ

**Opið hús í dag á milli 17.00 – 18.00**




Glæsilegt 290 fm einbýlishús á frábærum útsýnisstað með innbyggðum tvöföldum bílskúr. Glæsilegar innréttingar og vönduð gólfefni. Í húsinu eru 4 rúmgóð svefnherbergi og möguleiki á einu í viðbót, tvö baðherbergi stórar stofur og glæsilegt eldhús. Áhv. Kr.52 millj. **Söluverð kr. 89,5 millj.**

**Ásmundur Skeggjason fasteignasali verður á staðnum og tekur vel á móti ykkur. S- 895 3000.**

## EINSTAKT TÆKIFÆRI
## TIL SÖLU
## VERSLUNARREKSTUR
## Í SMÁRALIND

130m² verslunarhúsnæði ásamt 45m² lager.
Frábær staðsetning á efri hæð í Smáralind.







Upplýsingar: Gerður Ríkharðsdóttir, Sími 693 1500 // gerdur@hagar.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



63 **LIONEL RICHIE** söngvari fæddist þennan dag árið 1949.

*„Fólk vill ekki láta minna sig á erfiðleikana í lífinu, hvort sem þeir eru vegna átaka eða annarrar óhamingju.“*

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**HARALDUR SIGURÐSSON**
**rafmagnsverkfræðingur,**
**Miðvangi 159, Hafnarfirði,**

andaðist á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 14. júní. Útförin verður gerð frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði föstudaginn 22. júní kl. 15.00.

**Alexía Margrét Gísladóttir**
**Haukur Þór Haraldsson** **Bylgja Birgisdóttir**
**Katrín Haraldsdóttir**
**Bjarki Þór Hauksson**
**Birgir Hauksson**
**Haraldur Orri Hauksson**
**Alexía Margrét Jakobsdóttir**
**Finnbogi Jakobsson**

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HELGA HELGADÓTTIR (DIDDA)**
**Rjúpufelli 43,**

andaðist 18. júní.

**Árni Jón Konráðsson**
**Pálína Kristín Árnadóttir** **Guðbrandur Ingimundarson**
**Sigríður Árnadóttir** **Kristmar O. Höskuldsson**
**Ásta Árnadóttir** **Sigurjón Jónsson**
**Valgerður Árnadóttir** **Baldvin Skúlason**
**Konráð Árnason** **Svandís Ölversdóttir**
**Hafliði Ingibergur Árnason** **Sigrún Lúvísa Sigurðardóttir**
**Árni Árnason** **Lilja Björk Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Elsku móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**HELGA HÖGNADÓTTIR**
**Flókagötu 31,**

lést á heimili sínu 13. júní sl. Jarðarförin fer fram í kyrrþey. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Geðhjálpar, sími: 570-1700.

**Anna Bentína Hermansen** **Kristinn Vignir Ólafsson**
**Gretar Örn Hostert** **Gunnar Andri Kristinsson**
**Róbert Aron Hostert** **Kristjana Huld Kristinsdóttir**
**Rakel Sesselja Hostert** **Viktor Nói Kristinsson**

†



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSLAUG ÓLAFSDÓTTIR**
**Strikinu 4, Garðabæ,**

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut 11. júní sl. verður jarðsungin frá Vídalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 21. júní kl. 15.00.

**Kjartan Kjartansson**
**Jóhanna Björk Hallbergsdóttir**
**Ólöf Ingibjörg Hallbergsdóttir** **Jóhann Garðarsson**
**Hafþór Kristinn Hallbergsson** **Victoria Ottósdóttir**
**Kjartan Örn Kjartansson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSTA VILHJÁLMSDÓTTIR**

lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 13. júní. Jarðarförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 22. júní kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Hrafnistu í Reykjavík.

**Erna Hallgrímsdóttir** **Finnbogi Böðvarsson**
**Helga Hallgrímsdóttir** **Konráð Beck**
**Herdís Hallgrímsdóttir** **Sigurður Ólafsson**
**Pétur V. Hallgrímsson** **Hafdís Ragnarsdóttir**
**ömmu og langömmubörn.**


GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Mikið úrval

Allir legsteinar á kr. 75.000,-



Miðhraun 22 b, 210 Garðabæ, Sími 571 0400 granit@granit.is


PHAM KHAC QUANG: ER Í SINNI FYRSTU UTANLANDSFERÐ

# Lærði ensku, sótti um vegabréf og sýnir list í Garðinum

Víetnaminn Pham Khac Quang er einn þeirra sem hefur dvalið við listsköpun í Garðinum á Suðurnesjum undanfarnar vikur og er með verk á listahátíðinni Ferskum vindum sem þar stendur yfir. Mireya Samper, sem heldur utan um hátíðina, hitti hann af tilviljun á ferð sinni um Víetnam í nóvember síðastliðnum. Þá var hún stödd í Hanoí. „Ég rambaði inn á sýningu hjá Quang og hreifst sérstaklega af einu verki. Það var gert úr 1000 hrísgrjónaspöðum úr bambus sem hann hafði málað svarta og skorið andlit eldra fólks í. Spöðunum var stungið í sand og þeir mynduðu verk sem var 12x12 metrar,“ lýsir Mireyja og heldur áfram.

„Quang gat ekki talað neina ensku þegar ég hitti hann en ég fann manneskju sem gat túlkað og sagt honum að mig langaði að fá hann til Íslands næsta sumar en ég væri á tveggja mánaða ferðalagi og gæti ekki sent honum formlegt boðsbréf fyrr en í janúar.

Ef ég hefði verið hann hefði ég örugglega trúað þessu mátulega en þegar ég hafði samband við hann í janúar þá var minn maður byrjaður á enskunámskeiði. Hann hafði aldrei farið til útlanda og aldrei flogið í flugvél en allt í sambandi við komu hans hingað gekk ótrúlega vel miðað við hvað það var flókið.“

Mireya segir Quang hafa lent í Keflavík að kvöldi 21. maí. „Þegar hann kom í Garðinn klukkan hálf tíu spurði hann: „Eru allir sofandi?“ Hann hafði aldrei séð auðar götur áður,“ segir hún hlæjandi. „En hann hefur plumað sig vel og er búinn að vinna svakalega mikið. Listamennirnir þurfa að kynna sig sjálfir með smá ræðu og hann var í tíu daga að skrifa niður það sem hann vildi segja, með hjálp orðabókar. Þetta er ævintýri fyrir hann.“

Sýning á verkum Quang og fjörutíu og fimm annarra listamanna Ferskra vinda hófst með formlegri opnun á laugardaginn var en þeir hafa haft samkomuhúsið og áhaldahúsið sem verkstöðvar síðustu vikur og verið í fríu fæði og húsnæði.

„Næsta helgi er sú síðasta sem listamennirnir verða á staðnum. Rútuferðir verða um svæðið og listafólkið segir frá verkum sínum og á sunnudag eru flottir tónleikar klukkan fimm með tveimur söngkonum sem báðar eru blökkukonur,“ segir Mireya og tekur fram að allt sé ókeypis. Nánari upplýsingar um dagskrána eru á vefslóðinni: http://fresh-winds.com.

gun@frettabladid.is



**PHAM KHAC QUANG** Hefur plumað sig vel á Íslandi og unnið mikið að listsköpun. Hér er hann að fást við annað verkið sem hann sýnir á Ferskum vindum.

# Ullin er frábært efni í svo margt

María Guðmundsdóttir, húsfreyja að Kringlumýri í Blönduhlíð í Skagafirði, er hög í höndunum og það er gaman að kíkja í vinnustofuna hennar sem hún er með í litlum og krúttlegum skúr skammt fyrir neðan bæinn. Þar eru fallegir munir í hillum, einkum úr ull því María vinnur úr henni fjölbreytilegustu hluti. „Mér finnst ég nú ekki afkastamikil en ég reyni að eiga eitthvað sem fólki finnst forvitnilegt að skoða og ullin er frábært efni í svo margt,“ segir María. Hún kveðst halda helgarmarkaði stöku sinnum en að öðru leyti sé vinnustofan hennar opin eftir hendinni.

Auk ullarvaranna selur María ýmsar antíksmávörur sem áður tilheyrðu versluninni Maddömunum á Selfossi.

- gun



**GÓÐAR SAMAN** María með ömmustelpuna Jónu Karitas Guðmundsdóttur trítlandi í kringum sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

†



Ástkær dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir, vinkona og amma,

**GUÐBJÖRG DAGMAR SIGMUNDSDÓTTIR**
**hjúkrunarfræðingur,**

lést á líknardeildinni í Kópavogi að morgni 16. júní. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 25. júní kl. 11.00.

**Sigmundur Bergur Magnússon**
**Bergur Heimisson** **Adeline Tracz**
**Hildur Heimisdóttir** **Guðrún Jarþrúður Baldvinsdóttir**
**Snorri Heimisson** **Telma Rós Sigfúsdóttir**
**Guðmundur Bachmann**
**og barnabörn.**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,

**HJÖRDÍS BÖÐVARSDÓTTIR**

lést á Landspítalanum Fossvogi þriðjudaginn 12. júní. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 22. júní kl. 13.00.

**Guðni Bergsson** **Elín Konráðsdóttir**
**Sigríður Bergsdóttir** **Skúli Rúnar Skúlason**
**Böðvar Bergsson**
**Bergur Þór Bergsson** **Anja Björg Kristinsdóttir**
**Brynja Böðvarsdóttir** **Snorri Þórðarson**
**og barnabörn.**

†



Ástkær eiginmaður minn,

**ROBERT M. HAUSLER**
**f. 18. apríl 1951,**

lést á Hospice-líknarheimilinu í Pennsylvaniu þriðjudaginn 15. maí sl. Útför fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 22. júní kl. 14.00.

**Sólveig Ásgeirsdóttir Hausler**

Stofnaður hefur verið styrktarreikningur, 0330-13-301248 kt. 280557-3159.
**Fjölskyldan.**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURJÓNA SÍMONARDÓTTIR**
**Lautasmára 2, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 14. júní. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 22. júní kl. 13.00.

**Elísabet Harpa Steinarsdóttir** **Ástþór Ragnarsson**
**Sigríður Steinarsdóttir** **Einar K. Þórhallsson**
**Gróa Dagmar Gunnarsdóttir** **Þórhallur Ólafsson**
**Ragnheiður Gunnarsdóttir** **Bergsveinn Jóhannesson**
**Ragnar Victor Gunnarsson** **Sveindís D. Hermannsdóttir**
**Guðrún Björk Gunnarsdóttir** **Jón Ingi Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# SIGRAR ÁSTIN ALLT?

Saga um rétt og rangt,
fjölskyldubönd og glæp
sem kannski var framinn,
en fyrst og fremst
ást við vonlausar
aðstæður.




„Sterk og grípandi ástarsaga."
THE SUN

Sú fyrrverandi er ekki lengur hluti af lífi hans, en á hún enn stað í hjarta hans?




„Höfundurinn nær slíku tangarhaldi á lesandanum að hann vill alltaf vita meira og meira ..."
SVANHVÍT LJÓSBJÖRG
MORGUNBLAÐIÐ

ÞRJÁR ELDHEITAR
ÁSTARSÖGUR
FYRIR SUMARIÐ

ER HÆGT AÐ LÆRA AÐ ELSKA?




„... mannleg bók og falleg þó hún taki á ljótleika mannsins jafnt sem því fagra sem í honum býr."
INGVELDUR GEIRSDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** berjast, **6.** frá, **8.** efni, **9.** fæðu, **11.** tveir eins, **12.** brella, **14.** ofreyna, **16.** kallorð, **17.** háttur, **18.** beita, **20.** átt, **21.** stagl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** afkvæmi, **3.** tveir eins, **4.** eldsneyti, **5.** eyrir, **7.** pest, **10.** mál, **13.** fjallaskarð, **15.** steintegund, **16.** rámur, **19.** samtök.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** etja, **6.** af, **8.** tau, **9.** mat, **11.** rr, **12.** bragð, **14.** sliga, **16.** hó, **17.** lag, **18.** áta, **20.** sa, **21.** stag.

**LÓÐRÉTT: 1.** lamb, **3.** tt, **4.** jarðgas, **5.** aur, **7.** farsótt, **10.** tal, **13.** gil, **15.** agat, **16.** hás, **19.** aa.


Bubbi Morthens
Björgvin Halldórasson
KK - Sálin hans Jóns míns
Dúndurfréttir - Jón Jónsson
Brimkló - Illgresi - Krummi - 1860
Sigga Beinteins - Guðrún Árný Karlsdóttir
Kalli - The Saints of Boogie Street

STÓRTÓNLEIKAR Á FIMMTUDAG

AUSTURBÆR KL. 21.00 - MIÐAVERÐ 3.500 KR. - MIÐASALA Á MIÐI.IS



**Styrktartónleikar fyrir Davíð Örn Arnarsson og fjölskyldu hans**

Davíð Örn greindist með krabbamein í hálsi í janúar 2008 og hefur síðan háð hetjulega baráttu við sjúkdóminn, dyggilega studdur af konu sinni og dætrum. Slík barátta er ætíð erfið og kostnaðarsöm ungri fjölskyldu og því er nú blásið til sóknar og slegið upp ógleymanlegum styrktartónleikum. Allur aðgangseyrir rennur óskiptur til fjölskyldunnar. Ef þið hafið ekki tök á að mæta á tónleikana, en langar að leggja ykkar af mörkum, er bent á styrktarreikning: **324-26-171105** kt. **171180-5549**.

midi.is
AUSTURBÆR



Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir


# Þurrbrjósta á bráðadeild

**BAKÞANKAR**
Svavars Hávarðssonar



Það er kunnara en frá þurfi að segja að niðurskurður í heilbrigðiskerfinu hefur verið allbrattur síðastliðin ár. Reyndar svo mikill að enginn hefði trúað því að þetta væri hægt, að óreyndu. Margir, og ég þar á meðal, hafa lýst áhyggjum af því að með þessum niðurskurði myndi óumflýjanlega fylgja skert þjónusta. Reynsla margra er eflaust einmitt sú, um það efast ég ekki.

**ALLA** vega. Fyrir réttri viku fór ég á fætur um hálf sjö ásamt kærustu og fimm ára gutta. Eftir hefðbundið kornfleksát hvarf betri helmingurinn út úr dyrunum með þann stutta, en þar sem ég átti kvöldvakt ákvað ég að skríða upp í aftur og fá mér kríu. Þegar á mig var að svífa höfgi um áttaleytið var ró minni raskað við eitthvað óvenjulegt hljóð sem barst frá stássstofunni. Þegar fram var komið sá ég hvar mín kærust skreið inn gólfið á móti mér, hvítari en ég í framan. Það túlkaði ég einfaldlega á eftirfarandi hátt: Manneskja sem nær dauðagljáanum mínum á svo stuttum tíma hlýtur að vera alvarlega veik. Gerðar voru viðeigandi ráðstafanir.

**EKKI** veit ég hvort fólki var boðið kælt hvítvín og léttsaltað kex með styrjuhrognakavíar við komu á bráðadeild Landspítalans fyrir hrun, en það hlýtur eiginlega að vera ef rökin um verri þjónustu eiga að halda. Stelpan var nefnilega í rúmi innan mínútu eftir að þangað var komið og hjúkrunarfræðingur var byrjaður að taka nauðsynleg sýni eftir aðrar 60 sekúndur. Verkjalyf streymdu um æðar minnar heittelskuðu áður en ég gat sagt morfín, eða rétt áður en læknir stóð við rúmstokkinn til að ganga úr skugga um hvers kyns var. Næstu klukkutímana þurfti ég aldrei að spyrja. Okkur var greint frá niðurstöðum úr rannsóknum áður en okkur tók að lengja eftir þeim. Já, og menn lögðu sig í líma um að hughreysta okkur þá stuttu stund sem ótti gróf um sig og áður en svör fengust.

**NÚ STENDUR** til að byggja nýtt Landspítalahús. Þar verður hátt til lofts og vítt til veggja og öll aðstaða til fyrirmyndar, ólíkt því sem nú er. Þjónustan er sögð batna til muna og að peningar muni sparast. Þá mun starfsfólki líða miklu mun betur í vinnunni.

**ÉG VEIT** ekki hvað þið heitið sem tókuð á móti okkur um daginn, en það er ekkert minna en það eigið skilið. Og fyrst þið ætlið að bæta þjónustuna á bráðadeildinni, frá því sem nú er, þá nóterið þið kannski hjá ykkur að ég fæ brjóstsviða af þurru hvítvíni. En þið eigið sjálfsagt ráð við því, eins og öðru.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Giftir sig

Tónlistarmaðurinn Bobby Brown gekk að eiga umboðsmann sinn, Aliciu Etheredge, á Havaí á mánudaginn. Athöfnin var haldin að viðstöddum nánustu vinum og ættingjum þeirra en Brown kraup á kné og bað Etheredge á tónleikum með sveit sinni New Edition árið 2010.

Brown skildi við söngkonuna sálugu Whitney Houston árið 2007 en þau eiga saman eina dóttur, Bobbi Kristinu Brown, sem er 19 ára gömul. Hún mætti ekki í brúðkaupið en samband feðginanna ku ekki vera upp á sitt besta þessa stundina.



**GIFTUR MAÐUR** Bobby Brown giftist unnustu sinni Aliciu Etheredge á Havaí á mánudaginn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Grét vegna Jack

Sharon Osbourne brast í grát er hún ræddi veikindi sonar sín í sjónvarpsþættinum The Talk fyrir stuttu. Jack Osbourne, sonur Sharon og Ozzy Osbourne, greindist nýverið með MS, aðeins 26 ára að aldri.

Osbourne þakkaði fyrir allar þær heillaóskir sem borist hafa fjölskyldunni frá því að greint var frá sjúkdómi sonar hennar áður en hún brast í grát. „Það sem ég er að gera núna hjálpar engum því ég er full sjálfsvorkunnar. Þá er betra að hugsa jákvætt,“ sagði Osbourne sem er einn af þáttastjórnendum The Talk sem sýndur er á sjónvarpsstöðinni CBS.

Pabbi Jacks, rokkarinn Ozzy Osbourne, hefur hvatt son sinn til að fá álit hjá fleiri læknum. „Ég var ranglega greindur með MS,“ sagði hann.



**GRÉT Í BEINNI** Sharon Osbourne brast í grát er hún ræddi veikindi sonar síns. NORDICPHOTOS/GETTY



**EKKI VINUR BÜNDCHEN** David Gandy segist ekki hafa gaman af því að vinna með Gisele Bündchen. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ekki hrifinn af Bündchen

Karlfyrirsætan David Gandy hefur barist ötullega fyrir launajöfnuði innan fyrirsætubransans, en kvenfyrirsætur fá að jafnaði töluvert hærri laun en karlfyrirsætur. Að auki segir Gandy að sumar ofurfyrirsæturnar séu hortugar og erfiðar að vinna með.

„Mér semur ekki vel við Gisele Bündchen. Við rífumst mikið og finnst ekki gaman að vinna saman. Við erum vissulega heppin með útlitið en við björgum ekki mannslífum með starfi okkar og mér mun aldrei semja við manneskju sem telur sig betri en annað fólk. Mitt ráð til upprennandi fyrirsæta er einfalt: Ekki ofmetnast þrátt fyrir velgengni,“ sagði Gandy.



**NÁIN** Fjölskylda Selenu Gomez bauð kærasta hennar, Justin Bieber, með sér á góðgerðakvöldverð á dögunum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hangir með tengdó

Ungstirnið Justin Bieber er orðinn náinn fjölskyldu kærustu sinnar, Selenu Gomez, en hann sást á góðgerðakvöldverði ásamt móður Gomez og stjúpföður á dögunum. Bieber sat við fjölskylduborðið og þykir það merki um að Bieber hafi verið samþykktur af tengdafjölskyldu sinni en kærustuparið sat hlið við hlið við borðhaldið. Samkvæmt heimildum People voru Gomez og Bieber út af fyrir sig og vildu ekki stela athyglinni frá sjálfu málefninu en þau eru eitt frægasta kærustupar í heimi um þessar mundir.



# menning

menning@frettabladid.is

**ÞÝSKI SPUNATÓNLISTARMAÐURINN** Christoph Schiller heldur tónleika í 12 tónum, Skólavörðustíg 15, ásamt Loïc Grobéty. Tónleikarnir hefjast klukkan 17.00.


BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

## VINNINGASKRÁ

Vorhappdrætti 2012. Dregið 15. júní 2012

**1. vinningur:**
**Chervrolet Cruze LTC sjálfskiptur. Nýr bíll frá Bílabúð Benna.**
**Verðmæti kr. 3.690.000**

38039

**2.-31. vinningur:**
**Ferðavinningur að eigin vali fyrir 2 eða fleiri með Heimsferðum.**
**Hver að verðmæti kr. 300.000**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 994 | 23420 | 35857 | 39015 | 46512 |
| 5000 | 25109 | 35976 | 39052 | 49477 |
| 13878 | 26253 | 36282 | 39162 | 49767 |
| 17338 | 29241 | 36334 | 39497 | 53413 |
| 18220 | 29698 | 37582 | 39795 | 57565 |
| 20166 | 31538 | 38111 | 43128 | 60187 |

**32.-61. vinningur:**
**Apple iPad spjaldtölva, 32GB 4G/Wi-Fi frá Epli.is.**
**Hver að verðmæti kr. 144.900**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 203 | 9210 | 20183 | 32078 | 51617 |
| 1424 | 9673 | 22569 | 33531 | 52035 |
| 2188 | 11867 | 28586 | 35386 | 55207 |
| 4879 | 14132 | 30776 | 38780 | 56632 |
| 5228 | 18533 | 31044 | 40711 | 56940 |
| 7067 | 18873 | 32072 | 41727 | 57923 |

**62.-105. vinningur:**
**Gisting ásamt morgunverði í tvær nætur fyrir 2 auk kvöldverðar annað kvöldið hjá einhverju Fosshótelana.**
**Hver að verðmæti kr. 60.000**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1991 | 5218 | 16889 | 22041 | 25165 | 37229 | 47362 | 56910 |
| 2983 | 6102 | 20496 | 22630 | 25713 | 40533 | 47897 | 57234 |
| 3716 | 6586 | 20547 | 23214 | 31039 | 44119 | 48723 | |
| 3813 | 7483 | 20892 | 23685 | 31635 | 45306 | 49663 | |
| 4260 | 7880 | 21391 | 24021 | 33852 | 45746 | 51072 | |
| 4342 | 11655 | 21471 | 24613 | 35266 | 45876 | 52421 | |

*Vinninga ber að vitja innan árs á skrifstofu Blindraafélagsins, Hamrahlíð 17. Upplýsingasími 525 0000. Birt án ábyrgðar*




**UNNUR BIRNA KARLSDÓTTIR** Fannst það kærkomin tilbreyting að stíga út úr glímunni við fræðin og heimildirnar og hverfa á vit skáldskaparins, sem hún fékkst við hvenær sem henni gafst laus stund undanfarin þrjú ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Kærkomið að stíga út úr hinni fræðilegu glímu

**Það kemur alltaf nýr dagur nefnist fyrsta skáldsaga Unnar Birnu Karlsdóttur, sem kom út hjá Bjarti á dögunum. Bókina skrifaði Unnur Birna samhliða doktorsritgerð í sagnfræði.**

Það kemur alltaf nýr dagur fjallar um Ásu, sem búið hefur í New York um skeið. Þegar maðurinn hennar yfirgefur hana fyrir aðra konu og faðir hennar deyr snýr hún heim á eyðibýlið sem einu sinni var æskuheimili hennar og við tekur uppgjör við fortíðina.

Þetta er fyrsta skáldsaga Unnar Birnu Karlsdóttur, sem er sagnfræðingur að mennt. Hún varði doktorsritgerð sína um náttúrusýn Íslendinga fyrir tveimur árum og skrifaði skáldsöguna með fram henni og öðrum verkefnum.

„Þetta byrjaði á því að ég fékk hugmynd að sögu,“ rifjar hún upp. „Ég fór að punkta hjá mér ýmsar hugleiðingar og hugdettur varðandi hana og eitt leiddi af öðru. Fyrr en varði var ég langt komin með handrit að skáldsögu.“

Unnur Birna vann við skáldsöguna á kvöldin og um helgar eða hvenær sem það gafst laus tími. Hún segir það ekki hafa vafist fyrir sér að vera á kafi í fræðaheimunum á daginn en hverfa á vit skáldskaparins á kvöldin.

„Ég átti ekki í neinum vandræðum með það, þvert á móti var það mjög kærkomin tilbreyting að stíga út úr hinni fræðilegu glímu; heilastarfsemin er öðruvísi þegar maður skrifar fræðitexta og skáldskap. Doktorsritgerð leggur maður í dóm annarra og er sniðinn annar stakkur. Í skáldskap eru efnistökin frjálsari.“

Spurð út í efni bókarinnar segir hún lífið sjálft hafa látið sér það í té.

„Maður heyrir sögur bæði frá fólki sem maður þekkir og þekkir ekki og fer að hugsa hvernig það er að vera manneskja í samtímaheimi, að vinna með ást, sorg og svik. Þetta eru hin undirliggjandi þemu hjá mér, sem og minningar sem mér finnst heillandi viðfangsefni; hvernig við minnumst yfir ævina, hvers við minnumst og viljum ekki minnast og hvernig það hefur áhrif á okkur og getur mótað ákvarðanir okkar, bæði góðar og vondar.“

Unnur Birna segir líklegt að hún eigi eftir að skrifa fleiri skáldsögur en efast um að það verði á kostnað sagnfræðinnar. „Ég hef ástríðu fyrir hvoru tveggja og gæti líklega ekki af öðru séð. Mér finnst heillandi tilhugsun að sameina þessi tvö svið, til dæmis í sögulegri skáldsögu og á sjálfsagt eftir að skoða það í fullri alvöru. Af nógu er að taka í heimildum.“

**bergsteinn@frettabladid.is**






# Hádegistónleikar í Hallgrímskirkju

Kammerkórinn Schola cantorum syngur íslenskar og erlendar kórperlur í hádeginu í dag í Hallgrímskirkju í tilefni Alþjóðlegs orgelsumars 2012 sem hófst um síðustu helgi. Þannig verður það alla miðvikudaga í sumar klukkan 12. Á sama tíma á fimmtudögum munu íslenskir orgelleikarar leika á hið stóra og hljómmikla Klais-orgel og í þessari viku ríður Laszlo Petö, organisti Stykkishólmskirkju, á vaðið. Allir organistarnir gefa vinnu sína til styrktar viðgerðarsjóði orgelsins í Hallgrímskirkju.



**LASZLO PETÖ ORGANISTI**

Tónleikarnir standa í um hálfa klukkustund. Miðaverð er 1.500 krónur en ókeypis er fyrir félaga í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.

**- gun**



**OJBA RASTA** Leikur fyrir gesti á Reggísumari í Bíói Paradís á morgun, eftir sýningu heimildarmyndarinnar Marley eftir Kevin McDonald.

# Tveir dagar helgaðir reggíkvikmyndum

Næstu daga, 21. til 24. júní, verður Reggísumar í Bíói Paradís. Á þessari litlu kvikmyndahátíð verður sýnd ný heimildamynd um Bob Marley, Marley eftir Kevin McDonald, auk heimildarmyndarinnar Rise Up og kvikmyndarinnar Rockers.

Gestir munu einnig njóta lifandi tónlistar þessa daga, en fimmtudaginn 21. júní mun reggíhljómsveitin Ojba Rasta spila eftir sýningu á Marley, upp úr klukkan 22.30. Á föstudaginn 22. júní mun svo reggísveitin Amaba Dama spila fyrir gesti eftir sýningu á Rockers, upp úr klukkan 21.45. Auk þeirra mun plötusnúðahópurinn RVK Soundsystem spila ljúfa reggítóna í sal fyrir sýningu og í hléi alla fjóra daga sýningarinnar.

Það er einmitt RVK Soundsystem sem stendur fyrir sýningunni í samstarfi við Bíó Paradís, en það er hópur fimm plötusnúða og tónlistarmanna, þeirra DJ Elvars, Gnúsa Yones, DJ Kára, Kalla Youze og Arnljóts úr Ojba Rasta. Hópurinn vill auka veg og virðingu reggítónlistar á Íslandi og stendur fyrir reglulegum reggíviðburðum bæði á Hemma & Valda og Faktorý.

# SUMARDAGAR RÚMGOTT

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

30-50% AFSLÁTTUR AF HEILSURÚMUM

Rúm Gott
Heilsurúm á tilboði

VERÐDÆMI:
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt: 70.224
Tvíbreitt: 129.336

## FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!*

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á Frábæru verði**



Rúm Gott
30-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RAFMAGNS-RÚMUM

Einbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 190.049.-**

Tvíbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 346.995.-**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
**– Eingungis greiðist lántökugjald**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

# Einfalt en margslungið

Tónlist ★★★★☆

**Leyfðu ljósinu**
Hildur Guðnadóttir



Leyfðu ljósinu er þriðja platan sem Hildur Guðnadóttir, sellóleikari og tónsmiður, gefur út hjá enska fyrirtækinu Touch Records. Touch starfar á mörkum nýklassískrar tónlistar og raftónlistar og Leyfðu ljósinu passar vel inn í það umhverfi. Eins og Jóhann Jóhannsson, sem einnig gefur út hjá Touch, þá byrjaði Hildur í poppinu, söng í hljómsveitinni Rúnk og hefur spilað með hljómsveitum á borð við múm, Stórsveit Nix Noltes og Stilluppsteypu, en er nú komin yfir í aðra sálma.

Tónlistin á Leyfðu ljósinu er öll tekin upp „live“. Hildur spilar á sellóið, syngur og notar raftól, m.a. til að vinna með hljóðin, en hún gerir það allt saman á meðan á upptökum stendur. Það er engu breytt eða bætt við eftir á. Það eru tvö verk á plötunni, Prelude, sem er stutt forspil og svo Leyfðu ljósinu sem er rúmar 35 mínútur.

Í Prelude er sellóið eina hljóðfærið, en í Leyfðu ljósinu notar Hildur meðal annars tólin sín til þess að taka upp röddina og spila hana aftur og býr þannig til marglaga röddun. Þegar ég hlustaði á plötuna fyrst hélt ég að hún væri með kór með sér. Verkið byrjar mjög lágstemmt með sellói og einni rödd, en smám saman bætast raddir og hljóð við verkið og það stigmagnast og tekur ýmsum breytingum. Hildur vinnur líka með steríóhljóminn, tónlistin ferðast á milli hátalaranna sem bætir í þá tilfinningu að þarna sé hópur flytjenda að verki, en ekki ein manneskja.

Á heildina litið er þetta mjög flott verk sem virkar best spilað á góðum styrk. Í senn einfalt og margslungið.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Þriðja plata Hildar Guðnadóttur fyrir Touch-útgáfuna er athyglisvert sambland af raftónlist og nýklassík.



**ALÞJÓÐLEG** Ólöf spilar á flest hljóðfæri nýju laganna sem eru væntanleg með haustinu. Eftir útgáfuna mun hún spila í Evrópu, Ástralíu, Bandaríkjunum og Japan.

# Leikur ný lög á Flóru

„Ég spila á flest hljóðfæri á nýju plötunni,“ segir Ólöf Arnalds, sem leikur lög af væntanlegri breiðskífu sinni, Sudden Elevation, í bland við tónsmíðar af fyrri plötum og eftir aðra tónlistarmenn á tvennum tónleikum á Café Flóru í Grasagarðinum á morgun og hinn.

Nýja platan er væntanleg með haustinu og stýrir Skúli Sverrisson, bassaleikari og tónskáld, upptökum hennar og verður henni til halds og traust í Grasagarðinum. Tilefni tónleikanna eru sumarsólstöður og fylgir hún þar með eftir sumar- og vetrarsólstöðutónleikum sínum á síðasta ári.

„Platan verður öll á ensku, það er breyting frá fyrri plötunum en annars er ég að fara dýpra inn í þá fagurfræði sem ég hef verið að búa til í nokkur ár. Þetta eru stærri útsetningar en ég hef gert áður,“ segir Ólöf sem spilar á ýmsa gítara, strengi og syngur margar raddir í nýju verkunum. Upptökum plötunnar er lokið en hún er væntanleg í október. Á sama tíma koma út þrjár smáskífur með b-hliðum frá Ólöfu sem hafa að geyma ábreiður. „Ábreiða fyrstu smáskífunnar verður Mr. Tambourine Man eftir Bob Dylan,“ segir Ólöf sem leggur land undir fót í haust. „Ég mun setjast aftur upp í flugvélina og spila víða í Evrópu, Bandaríkjunum, Ástralíu og Japan á næsta eina og hálfa ári.“ **- hþt**



**ÓSÁTT MEÐ MEGRUN** Anne Hathaway er ósátt við megrunarkúrinn sem hún er á. NORDICPHOTOS/GETTY

# Óánægð með kúrinn

Leikkonan Anne Hathaway fer með hlutverk í söngvamyndinni Les Miserables og þurfti að grenna sig töluvert fyrir það. Hathaway segir í viðtali við tímaritið Allure að það hafi reynst henni erfitt að þola megrunarkúrinn sem hún var sett á.

„Ég er á sjötta degi í megrun og kúrinn varð til þess að ég fékk útbrot, sem er frábært. Það jafnast ekkert á við það að borða hummus og radísur allan daginn og fá bólur þar að auki,“ sagði leikkonan.

Hathaway fer einnig með hlutverk Kattarkonunnar í spennumyndinni The Dark Knight Rises sem frumsýnd verður í lok júlí.


midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| WHAT TO EXPECT | 5.50, 8, 10.15 |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 4, 8 |
| MADAGASKAR 3 3D | 4, 6 |
| MADAGASKAR 3 2D | 4 |
| PROMETHEUS 3D | 10.20 |
| SNOW WHITE | 7, 10 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| SMÁRABÍÓ | | |
|---|---|---|
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL. 5.35 - 8 - 10.25 | L |
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING LÚXUS | KL. 5.35 - 8 | L |
| MADAGASCAR 3D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| MADAGASCAR 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |
| PRIANHA 3DD ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10 | 16 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 3D LÚXUS | KL. 10.30 | 16 |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| HÁSKÓLABÍÓ | | |
|---|---|---|
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL. 5.35 - 8 - 10.25 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 6 - 9 | 16 |
| MOONRISE KINGDOM | KL. 8 - 10.10 | L |
| MIB 3 2D | KL. 5.30 | 10 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| BORGARBÍÓ | | |
|---|---|---|
| WHAT TO EXPECT WHEN... | KL. 5.45 - 8 - 10 | 12 |
| PIRANHA 3D | KL. 10.20 | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 5.45 - 8 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| ROCK OF AGES LUXUS VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| LOL | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| THE RAVEN | KL. 10:40 | 2D | 16 |
| THE DICTATOR | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 10:10 | 2D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 3D | L |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 5:25 - 8 - 10:35 | 2D | 12 |
| PROMETHEUS | KL. 5:25 - 8 - 10:35 | 3D | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 10 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 5:30 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ENS TAL | KL. 8 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE RAVEN | KL. 10:40 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 5:50 - 8 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ÓTEXTUÐ ENSKU. TALI | KL. 10:10 | 3D | L |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| DARK SHADOWS | KL. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| WHAT TO EXPECT... | KL. 8 | 2D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

LYFJA – Lifið heil

www.lyfja.is

+20% afsláttur

Lactocare daily
kemur jafnvægi á þarmaflóruna.

Lactocare travel
er talið fyrirbyggja meltingaróþægindi á ferðalögum.




Lægra verð í Lyfju

Gildir til 30. júní

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

**MIÐVIKUDAGUR:** **UNG (GOODBYE FIRST LOVE)** 17:50, 20:00, 22:10 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50, 20:00 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ TYRANNOSAUR 18:00 ■ IRON SKY 22:10 ■ *BLACK'S GAME* 20:00, 22:00

21. JÚNÍ: **MARLEY + REGGÍHÁTÍÐ!**

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

JS Watch co.
REYKJAVIK




Ian Anderson, Jethro Tull er stoltur eigandi af íslensku úri frá JS Watch co. Reykjavik. Úrin fást á úrsmíðaverkstæði Gilberts þar sem úrin eru hönnuð og sett saman.

www.jswatch.com / www.gilbert.is

GILBERT
ÚRSMIÐUR

Laugavegi 62 - sími: 551-4100

# sport

sport@frettabladid.is



**GOLFSAMBAND ÍSLANDS** stendur fyrir Golfdeginum í dag í tilefni af Ólympíuviku ÍSÍ og í samstarfi við golfklúbba vítt og breitt um landið. Markmiðið er að kynna Íslendingum fyrir golfi sem Ólympíuíþrótt. Á Golfdeginum munu golfklúbbar víða um landið taka á móti börnum og unglingum og kynna þeim fyrir golfíþróttinni. Opið verður milli 16-19 á æfingasvæði golfklúbba út um allt land.



**BARÁTTA** Stjörnumenn mega illa við því að tapa gegn FH í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Pepsi-deild karla:

## Heil umferð í kvöld

**FÓTBOLTI** Knattspyrnuáhugamenn fá nóg að gera í kvöld þótt enginn sé leikurinn á EM. Öll áttunda umferðin í Pepsi-deild karla fer þá fram.

Eyjamaðurinn Christian Steen Olsen var valinn leikmaður 7. umferðar hjá Fréttablaðinu en hann skoraði þá þrennu gegn ÍA. Hann verður í eldlínunni með ÍBV í Grindavík í kvöld.

Stórleikur kvöldsins er klárlega viðureign toppliðs FH og Stjörnunnar. Stjarnan er fjórum stigum á eftir FH og verður því helst að vinna í kvöld til þess að hanga í toppliðunum.

Fylgst verður með öllum leikjum kvöldsins á Boltavakt Vísis og Fréttablaðsins. Þar er einnig hægt að fylgjast með öllum leikjum kvöldsins á sama stað í Miðstöð Boltavaktarinnar.

### Lið 7. umferðar

| | |
|---|---|
| Hannes Þór Halldórsson | KR |
| Haukur Heiðar Hauksson | KR |
| David Elebert | Fylkir |
| Guðjón Árni Antoníusson | FH |
| Atli Sigurjónsson | KR |
| Hólmar Örn Rúnarsson | FH |
| Þórarinn Ingi Valdimarsson | ÍBV |
| Atli Guðnason | FH |
| Kennie Knak Chopart | Stjarnan |
| Guðmundur Pétursson | Breiðablik |
| Christian Steen Olsen | ÍBV |

### Leikir kvöldsins

**8. umferð**

| | |
|---|---|
| Valur - ÍA | kl. 19.15 |
| Breiðablik - KR | kl. 19.15 |
| Fram - Keflavík | kl. 19.15 |
| Grindavík - ÍBV | kl. 19.15 |
| FH - Stjarnan | kl. 19.15 |
| Selfoss - Fylkir | kl. 20.00 |



**MÆTTUR Á EM** Wayne Rooney fagnar hér sigurmarki sínu í gærkvöldi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Rooney stimplaði sig inn

**Englendingar unnu Úkraínumenn og tryggðu sér sigur í D-riðli á EM í fótbolta á sama tíma og Frakkar töpuðu fyrir Svíum og fá að launum leik á móti Heims- og Evrópumeisturum Spánverja í átta liða úrslitunum.**

**FÓTBOLTI** Englendingar og Frakkar voru í gærkvöldi síðustu tvær þjóðirnar til þess að tryggja sér sæti í átta liða úrslitum Evrópumótsins í fótbolta. Sigur Englendinga á Úkraínu þýðir að báðir gestgjafarnir, Pólland og Úkraína, eru úr leik í mótinu. Átta liða úrslitin eru þar með klár en þau hefjast með leik Tékka og Portúgala á fimmtudagskvöldið. Það fer fram einn leikur á kvöldi frá fimmtudegi til sunnudags.

Wayne Rooney tryggði Englendingum 1-0 sigur á Úkraínu og það dugði liðinu til sigurs í riðlinum þar sem að Frakkar töpuðu 0-2 á móti Svíum. Úkraínumenn sköpuðu sér fullt af færum en heppnin var með þeim ensku.

„Við erum að komast í gang á réttum tíma. Þetta var ekki frábær frammistaða en við stóðum saman og náðum úrslitunum sem við þurftum,“ sagði Steven Gerrard, fyrirliði enska liðsins og bætti svo við: „Ef Wayne Rooney heldur áfram að pota boltanum inn eins og í kvöld þá getum við farið langt á þessu móti“ sagði Gerrard og hann var líka spurður út í markið sem Úkraína skoraði en var ekki dæmt gilt. „Maður þarf alltaf að hafa heppnina með sér og lið ná aldrei langt án hennar,“ sagði Gerrard og framundan er leikur á móti Ítölum í átta liða úrslitunum.

Wayne Rooney kom inn í enska liðið eftir tveggja leikja bann og skoraði sigurmarkið á 48. mínútu með skalla af stuttu færi eftir fyrirgjöf Stevens Gerrard. John Terry bjargaði á marklínu eftir rúmlega klukkutíma leik en mark á þeim tímapunkti hefði breytt miklu fyrir heimamenn sem höfðu ekki heppnina með sér.

Það var ekki hægt að sjá annað á endursýningum af atvikinu en að boltinn hafi verið kominn inn fyrir marklínuna þegar Terry bjargaði á línu en aðstoðardómararnir höfðu líka misst af því að Úkraínumaðurinn var rangstæður áður en hann komst einn á móti Joe Hart.

„Það hefðu ekki margir trúað því fyrir mótið að við myndum vinna riðilinn og margir spáðu því meira að segja að við kæmumst ekki upp úr riðlinum. Þetta var frækin frammistaða og við höfðum líka heppnina með okkur,“ sagði Roy Hodgson, þjálfari Englendinga. „Þessi leikur var frábær fyrir Rooney. Hann spilaði vel og vann vel fyrir liðið. Hann hefði líka getað skorað nokkur mörk í kvöld,“ sagði Hodgson.

Svíar unnu Frakka 2-0 í lokaleik sínum á EM í fótbolta en þessi flotti sigur breytti því þó ekki að Svíar eru á leiðinni heim eftir riðlakeppnina. Þetta var fyrsta tap Frakka í 23 leikjum og það þýðir að Frakkarnir þurfa að mæta heims- og Evrópumeisturum Spánverja í átta liða úrslitunum.

Zlatan Ibrahimovic kom Svíum yfir með snilldarskoti á 54. mínútu eftir sendingu Sebastian Larsson og Larsson innsiglaði síðan sigurinn undir lokin. Svíar unnu stemningssigur en Frakkar voru í vandræðum með baráttuglatt sænskt lið.

ooj@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### EM í knattspyrnu:

| | |
|---|---|
| **England-Úkraína** | **1-0** |
| 1-0 Wayne Rooney (48.) | |
| **Svíþjóð-Frakkland** | **2-0** |
| 1-0 Zlatan Ibrahimovic (54.), 2-0 Sebastian Larsson (90.+1) | |

**LOKASTAÐAN Í D-RIÐLI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **England** | **3** | **1** | **1** | **0** | **5-3** | **7** |
| Frakkland | 3 | 1 | 1 | 0 | 3-3 | 4 |
| **Úkraína** | **3** | **1** | **0** | **2** | **2-4** | **3** |
| Svíþjóð | 3 | 1 | 0 | 2 | 5-5 | 3 |

**8-LIÐA ÚRSLIT:**

| | |
|---|---|
| **Tékkland - Portúgal** | **Fim. kl. 18.45** |
| **Þýskaland - Grikkland** | **Fös kl. 18.45** |
| **Spánn - Frakkland** | **Lau. Kl. 18.45.** |
| **England - Ítalía** | **Sun. Kl. 18.45** |



**FANNAR ÞÓR** Hér í leik með Emsdetten sem hann hefur nú yfirgefið.

Fannar Þór Friðgeirsson:

## Samdi við Wetzlar

**HANDBOLTI Fannar Þór Friðgeirsson skrifaði í gær undir tveggja ára samning við þýska úrvalsdeildarfélagið Wetzlar samkvæmt heimildum íþróttadeildar. Þar hittir Fannar Þór fyrir línumanninn Kára Kristján Kristjánsson.**

**Fannar hefur leikið með þýska B-deildarliðinu Emsdetten síðustu ár við fínan orðstír en tekur nú skref upp á við á sínum ferli.**

**Hann mun þreyta frumraun sína í þýsku úrvalsdeildinni með Wetzlar sem lék vel framan af síðasta vetri en gaf svo mikið eftir og lenti í fallbaráttu undir lokin.**

**Emsdetten var þegar búið að tryggja sér þjónustu annars Íslendings, Ólafs Bjarka Ragnarssonar, og hann mun væntanlega fá það hlutverk að leysa Fannar af hólmi hjá liðinu.** - hbg


# Wisa innbyggðir WC kassar



Argos Hnappur hvítur
2.990

Ýmsar gerðir fáanlegar af hnöppum.

XS kassi
22.900

10 ár á Íslandi – veldu gæði



XT kassi
WC front 83cm
25.900

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði
Lægra verð

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


Framtíð Ólafs Andrésar Guðmundssonar í óvissu:

## Svíþjóð er möguleiki

**HANDBOLTI** Það liggur ekki enn fyrir hvaða lið stórskyttan Ólafur Andrés Guðmundsson leikur næsta vetur. Ólafur er samningsbundinn danska meistaraliðinu AG en hefur verið lánaður frá félaginu hingað til og ekki enn leikið fyrir AG.

Ólafur á aðeins eitt ár eftir af samningi sínum við AG og samkvæmt heimildum íþróttadeildar er talið líklegt að hann verði lánaður til sænska félagsins Kristianstad.

„Ég hef heyrt frá þeim og það kemur til greina eins og annað. Ég hef líka heyrt í fleiri liðum í Svíþjóð,“ sagði Ólafur.

Kristianstad fór alla leið í úrslitaleikinn um sænska meistaratitilinn síðasta vetur en þjálfari liðsins er Ola Lindgren sem hefur verið að þjálfa sænska landsliðið með Staffan Olsson. Lindgren og Magnus Andersson, þjálfari AG, eru gamlir félagar.

„Ég veit ekki hvað verður um mín mál. AG gæti samið við mig upp á nýtt, lánað mig eða hreinlega selt mig til annars félags. Þetta skýrist vonandi fljótlega,“ sagði Ólafur og bætir við að hann vilji helst vera hjá liði þar sem hann fær að spila mikið.

Hann er að jafna sig eftir aðgerð á öxl og nýbyrjaður að kasta aftur.

„Öxlin var búin að plaga mig lengi og það varð að gera eitthvað. Ég fór því í speglun fyrir um níu vikum og öxlin verður vonandi betri í kjölfarið.“ - hbg



**ÓLAFUR** Hér á ferðinni með landsliðinu á EM í janúar síðastliðnum. FRÉTTABLÐAIÐ/VILHELM



**KRISTJÁN ÞÓR EINARSSON** Er að spila vel í Skotlandi. MYND/GSI

Opna breska í golfi:

## Kristján flaug í gegn í gær

**GOLF** Kristján Þór Einarsson úr Kili spilaði mjög vel í gær á öðrum hring sínum á opna breska áhugamannamótinu í golfi sem fer fram í Skotlandi.

Kristján Þór var á pari eftir fyrsta daginn en lék annan hringinn á einu höggi undir pari.

Kristján er því búinn að leika fyrstu 36 holurnar á einu höggi undir pari og flaug hann í gegnum niðurskurðinn.

Kristján Þór náði fimm fuglum á hringnum og er í 7. til 14. sæti.

Ólafur Björn Loftsson úr NK lék annan hringinn á tveimur höggum yfir pari, náði ekki niðurskurðinum og endaði í 92. sæti á 5 höggum yfir pari. - óój

husa.is

SKEMMTILEGRA SUMAR!

# ÁVÍSUN FYRIR ÞIG

## SUMARAUKI Á HUSA.IS!

## Nýttu ávísunina strax!

Ávísun á sumarauka kemur inn á öll heimili landsins í vikunni. Ávísunin gildir sem 3.000 kr. innborgun í verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals um land allt, ef keypt er fyrir 10.000 kr. eða meira.

**Nýttu ávísunina strax, því hún gildir aðeins til 1. júlí.**







## SUMARAUKINN 2012 ER KOMINN ÚT Í GLÆSILEGRI OG SKEMMTILEGRI VEFÚTGÁFU.

Flettu blaðinu á **husa.is**, skoðaðu úrvalið og verðið, fáðu hugmyndir og gerðu sumarið enn skemmtilegra. Sumaraukinn er á **husa.is** og þar finnur þú allt fyrir ferðalagið, sumarhúsið og garðinn.

**Góða skemmtun!**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

DYNAMO REYKJAVÍK

> Stöð 2 kl. 20.05

## Stóra þjóðin

***Inga Lind Karlsdóttir hefur umsjón með þættinum Stóra þjóðin á Stöð 2 í kvöld. Fjórði og síðasti þátturinn er hugsaður út frá lausnum, meðferðum og forvörnum; Hvað er hægt að gera í málinu? Sýnt er frá magahjáveituaðgerð og sjónum okkar er beint að því sem gert er þegar öll úrræði eru á þrotum. Einnig er sagt frá góðum fréttum af verkefnum sem skilað hafa varanlegum árangri með tilheyrandi sparnaði og betri heilsu fólks.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR ER ORÐIN HÁÐ

# *Áfram Girls*



„Ég hef trú á að ég sé rödd minnar kynslóðar," segir hin 24 ára gamla Hanna við foreldra sína í fyrsta þætti sjónvarpsseríunnar Girls. Hanna er að reyna að sannfæra foreldra sína um að halda fjárstuðningi við sig áfram svo hún geti einbeitt sér að skrifunum. Hanna er aðalpersóna sjónvarpsseríunnar sem nýverið hóf göngu sína á Stöð 2 og fjallar um fjórar vinkonur fóta sig í stóra eplinu.

Hanna er hvorki brún né þvengmjó. Hún er ekki í brjáluðu formi eða með lýtalausa húð. Með öðrum orðum er Hanna ósköp venjuleg 24 ára stúlka að koma sér áfram í lífinu. Í eirðarleysi mínu á veikindadegi datt ég inn í Girls og varð háð frá fyrstu mínútu. Þvílíkur léttir að horfa á sjónvarpsefni sem er laust við tilgerð og sýnir lífið í raunsæju ljósi frá sjónarhorni kvenna. Jess.

Tilfinningin minnti mig á þegar ég horfði á táningsaldri á fyrstu seríuna af Sex and the City. Lena Dunham, aðalleikkona þáttanna og höfundurinn, skrifaði einmitt þættina til höfuðs Sex and the City, sem allt í einu endurspegluðu bara líf ríka og fallega fólksins, eins og þeir byrjuðu nú vel. Ekki einu sinni minnast á kvikmyndirnar ógrátandi.

Ég vona og bið að Hanna og félagar haldi sínu striki í næstu seríu, sem tökur eru hafnar á, því þá held ég að Hanna verði virkilega rödd sinnar (minnar) kynslóðar.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Leikmyndir lífsins **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fuglarnir **15.25** Í tilefni dagsins **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Tónlist fólksins **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Stefnumót **19.40** Vor í dal: Úr örsögum Friðriks Þórs Friðrikssonar **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.30** Kvöldsagan: Egils saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**14.00 Baráttan um Bessastaði - Frambjóðendur kynntir** (5:8) (Ólafur Ragnar Grímsson) (e)
**14.30 Leiðarljós** (Guiding Light)
**15.15 Táknmálsfréttir**
**15.30 Helle Thorning-Schmidt** (Helle Thorning-Schmidt - Vejen til magten) (e)
**16.00 EM í fótbolta** (Svíþjóð - Frakkland) (e)
**17.40 Sveitasæla** (Big Barn Farm)
**18.00 Fréttir og veður**
**18.25 Heppni fíllinn** (One Lucky Elephant)
**19.50 Víkingalottó**
**19.55 Bræður og systur** (108:109) (Brothers and Sisters) Hér verða tveir síðustu þættirnir í þessari vinsælu þáttaröð sýndir í saman.
**21.25 Frú Brown** (6:6) (Mrs. Brown's Boys) Bresk-írsk gamanþáttaröð um kjaftfora húsmóður í Dublin.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Veðurfréttir**
**22.30 Baráttan um Bessastaði - Andrea Ólafsdóttir** Í þessari þáttaröð eru frambjóðendur til embættis forseta Íslands kynntir.
**23.00 K2: Neyðarkall af hæsta tindi** (K2: A Cry from the Top of the World)
**23.50 Hringiða** (3:8) (Engrenages II) (e)
**00.45 Landinn** (e)
**01.15 Fréttir**
**01.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.25 The Ugly Truth**
**08.00 Full of It**
**10.00 The Invention Of Lying**
**12.00 Happily N'Ever After**
**14.00 Full of It**
**16.00 The Invention Of Lying**
**18.00 Happily N'Ever After**
**20.00 The Ugly Truth**
**22.00 Hot Tub Time Machine**
**00.00 Notorious**
**02.05 Stephanie Daley**
**04.00 Hot Tub Time Machine**
**06.00 The Hangover**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (74:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Perfect Couples** (9:13)
**11.25 Til Death** (16:18)
**11.50 Grey's Anatomy** (3:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mike & Molly** (12:24)
**13.25 Hannað fyrir Ísland** (1:7)
**14.15 The Glee Project** (3:11)
**15.05 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (5:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Simpsons** (14:22)
**19.40 Arrested Development** (2:18)
**20.05 Stóra þjóðin** (4:4) Vandaðir heimildarþættir með Ingu Lind Karlsdóttur sem fjallar um offitu á Íslandi og fer ofan í saumana á þessu vaxandi vandamáli.
**20.35 New Girl** (19:24) Frábærir gamanþættir um Jess sem endurskoðar líf sitt þegar hún kemst að því að kærastinn hennar er ekki við eina fjölina felldur.
**20.55 2 Broke Girls** (7:24)
**21.20 Drop Dead Diva** (3:13)
**22.05 Gossip Girl** (19:24)
**22.50 The No. 1 Ladies' Detective Agency** (3:7)
**23.45 The Closer** (6:21)
**00.30 NCIS. Los Angeles** (24:24)
**01.15 Rescue Me** (17:22)
**01.55 Fringe** (13:22)
**02.40 Fringe** (14:22)
**03.25 The Good Guys** (8:20)
**04.10 Chase** (10:18)
**04.55 2 Broke Girls** (7:24)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Miami - Oklahoma**
**17.55 Miami - Oklahoma**
**19.45 Selfoss - Fylkir** Bein útsending frá leik Selfoss og Fylkis í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**22.00 Pepsi mörkin** Öll mörkin og umdeildu atvikin í leikjum Pepsi deildar karla.
**23.10 Tvöfaldur skolli** Skemmtilegur golfþáttur þar sem Logi Bergmann og Þorsteinn Hallgrímsson skoða golfíþróttina frá ýmsum sjónarhornum.
**23.40 Selfoss - Fylkir**
**01.30 Pepsi mörkin**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Chelsea - Man. City**
**19.45 Newcastle - Arsenal 05.02.11**
**20.15 Tottenham - Swansea** Útsending frá leik Tottenham Hotspur og Swansea City í ensku úrvalsdeildinni.
**22.00 Liverpool - Man. Utd.** Útsending frá stórleik Liverpool og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni.
**23.45 PL Classic Matches. Chelsea - Sunderland, 1996**

## 2 EXTRA

**18.45 The Doctors** (140:175)
**19.25 American Dad** (7:18)
**19.50 The Cleveland Show** (5:21)
**20.15 Masterchef USA** (4:20)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Two and a Half Men** (17:24)
**22.10 The Big Bang Theory** (8:24)
**22.35 How I Met Your Mother** (11:24)
**23.00 White Collar** (16:16)
**23.45 Girls** (3:10)
**00.20 Eastbound and Down** (3:7)
**00.50 The Daily Show. Global Edition** (20:41)
**01.15 American Dad** (7:18)
**01.40 The Cleveland Show** (5:21)
**02.05 The Doctors** (140:175)
**02.45 Fréttir Stöðvar 2**
**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.15 Real Housewives of Orange County** (7:17) (e)
**17.00 Solsidan** (9:10) (e)
**17.25 Dr. Phil** Bandarískur spjallþáttur með sálfræðingnum Phil McGraw sem hjálpar fólki að leysa vandamál sín í sjónvarpssal.
**18.05 Mobbed** (6:11) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (40:48) (e)
**19.20 30 Rock** (2:23) (e)
**19.45 Will & Grace** (6:27) (e)
**20.10 The Marriage Ref** (1:10) (e) Bráðskemmtileg þáttaröð þar sem stjörnudómstóll leysir úr ágreiningsmálum hjóna.
**20.55 The Firm** (17:22) Þættir byggðir á samnefndri kvikmynd frá 1993. Skjólstæðingur Mitch er ung kona sem er ákærð fyrir vændi, Mitch kemst að því að hún á sér enn skuggalega leyndarmál.
**21.45 Law & Order: Criminal Intent** (3:16) Bandarískir spennuþættir sem fjalla um störf rannsóknarlögreglu og saksóknara í New York. Nichols hittir fyrir tilviljun gamlan erkióvin við rannsókn á lögreglumorði.
**22.30 Jimmy Kimmel** (e)
**23.15 Hawaii Five-0** (20:23) (e)
**00.05 Royal Pains** (7:18) (e)
**00.50 The Firm** (17:22) (e)
**01.40 Lost Girl** (7:13) (e)
**02.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** US Open 2012 (3:4) **12.00** Golfing World **12.50** US Open 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (24:45) **19.20** LPGA Highlights (11:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (10:25) **21.35** Inside the PGA Tour (25:45) **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 2011 (1:1) **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## BBC entertainment

**12.25** QI **12.55** Keeping Up Appearances **13.25** Keeping Up Appearances **13.55** My Family **14.25** My Family **14.55** Top Gear **16.00** QI **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.10** QI **18.40** QI **19.10** The Graham Norton Show **20.00** QI **20.30** Shooting Stars **21.00** Peep Show **21.25** Live at the Apollo **22.10** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **22.35** The Thick of It **23.04** The Graham Norton Show **23.55** QI **00.25** Shooting Stars **00.55** Peep Show **01.20** Live at the Apollo

## DR 1

**13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamies australske kokkeskole **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Hvem lagde lorten? **14.25** Skæg med bogstaver **14.45** Sprutte-Patruljen **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Det Søde Sommerliv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Spise med Price **18.30** Søren Ryge direkte **19.00** TV Avisen **19.25** Væxtfaktor finale **20.00** SportNyt **20.05** Bonderøven **20.25** Kidnappet **21.20** Pacific Paradise Police **22.05** Onsdags Lotto

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.10** Norskekysten **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Sjøsprøyt **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Toppidrettsveka **18.15** På vei til Sel **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Justin Bieber live i Oslo **20.30** 4-4-2 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lovesikh **21.40** Kalde føtter **22.30** I skuddlinjen **23.20** Justin Bieber live i Oslo **00.20** Ørnens klør **05.00** Morgennytt

## svt1

**11.35** EM-magasinet **12.15** White Chicks **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Desperate Romantics **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundra procent bonde **16.45** Biltokig **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sommarsverige idag **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Stulet barn **20.30** Fotbollens sista proletärer **21.45** Rapport **21.50** Kulturnyheterna **22.30** Två hungriga italienare **23.30** Rapport **23.35** Hjälp, vi flyttar ihop!

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Forsetaframbjóðendur 2.þáttur **21.00** Forsetaframbjóðendur 3.þáttur **21.30** Eru þeir að fá´ann

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




# NÝ OG ENDURBÆTT ÚTGÁFA!

## Hafsjór af fróðleik um land og þjóð




Stöðug uppfærsla í 40 ár

**Kortabók**




# NÝJUNG!

## Kortabók sem auðveldar notkun

**Í Vegahandbókina er nú komin ný ítarleg 24 síðna kortabók, á bls. 574 – 599.** Hér færð þú skýra yfirsýn yfir landsvæði Íslands - í mælikvarðanum **1 : 500 000**. Auðvelt er að fletta á milli bókar-innar og korta- bókarinnar til að fá **yfirsýn** yfir það svæði sem ferðast er um. Tilvísanir leiða þig á rétta blaðsíðu. Ef þú ert t.d. að aka til Búðardals og ert á **bls. 281** í bókinni og vilt fá meiri yfirsýn yfir svæðið er tilvísun á síðunni sem vísar þér á **kort nr. 3** á **bls. 578** í kortabókinni.



**Ný hljóðbók!**
Sögumaður Arnar Jónsson ásamt fleirum.



**Ítarlegur hálendiskafli**

... og margt fleira

## FULLT VERÐ 4.990 KR

**1000 kr. afsláttur** ef þú kemur með gömlu bókina

Einungis hægt að skipta í bókabúðum
(ekki á bensínstöðvum)

## Byrjaðu ferðalagið á vegahandbokin.is

Vegahandbókin • Sundaborg 9 • Sími 562 2600

**GOTT Á GRILLIÐ**



*Mér finnst best að grilla kjúklingabringur og búa til sérstaka sælkerafyllingu sem ber heitið Hrafnkell Gunni og inniheldur rjómaost, chili, kóríander, sólþurrkaða tómata, salt og pipar.*

Þyrí Huld Árnadóttir, dansari og meðlimur listahópsins Garms Garmssonar.

# Sjómenn héldu vígalega ofurhetjukeppni

„Við bjuggum okkur bara til ofurhetjubúninga," segir Örvar Helgason, háseti á frystitogaranum Venusi, sem ásamt áhöfn sinni blés til keppni um flottasta ofurhetjubúninginn á þjóðhátíðardaginn. „Þetta byrjaði allt með því að við horfðum á heimildarmynd um alvöru ofurhetjur í Bandaríkjunum. Svona ruglað fólk sem klæðir sig upp í búninga og reynir að stöðva glæpi á nóttinni," segir Örvar. Eftir áhorfið hófu félagarnir að útbúa eigin ofurhetjugervi og héldu keppni þar sem þeir spröguðu um togarann í búningunum í tvo tíma. Ekki var þó hægt að velja sigurvegara enda um of flotta búninga að ræða að sögn Örvars.

„Við vorum komnir í þennan gír eftir tíu daga úti á sjó. Hvað ætli við gerum eftir fjörutíu daga. Það er nefnilega alveg snargeggjað lið hérna um borð," segir Örvar um uppátækjasemi þeirra félaga sem sigla nú um Reykjaneshrygginn og stefna á að halda keppnina árlega. „Við toppum þetta á næsta ári og gerum líka dagatal." **- hþt**



**UPPÁTÆKJASAMIR** Áhöfn frystitogarans Venusar var heldur skrautleg á þjóðhátíðardaginn.


Sumarhappdrætti

**Krabbameinsfélagsins**

Útdráttur 17. júní 2012

# Vinningar

**Suzuki Kizashi, 5.880.000 kr.**

3257

**Greiðsla upp í bifreið eða íbúð að verðmæti 1.000.000 kr.**

142835

**Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 200.000 kr.**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 3728 | 37510 | 63210 | 85834 | 118081 |
| 6524 | 39935 | 63397 | 85936 | 118280 |
| 8822 | 41770 | 67157 | 88251 | 118472 |
| 14630 | 46374 | 67607 | 90313 | 121340 |
| 19860 | 46381 | 70378 | 94391 | 122483 |
| 26254 | 54266 | 73312 | 95264 | 133857 |
| 28096 | 54965 | 75479 | 95406 | 136234 |
| 31859 | 55665 | 78462 | 96134 | 136416 |
| 34030 | 61817 | 79853 | 100447 | 147875 |
| 36371 | 62595 | 83515 | 115062 | 149276 |

**Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 100.000 kr.**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1316 | 25013 | 43442 | 63134 | 87384 | 116061 | 137568 |
| 1713 | 25160 | 44279 | 63509 | 88073 | 117956 | 138426 |
| 3631 | 25532 | 46684 | 64843 | 88357 | 118049 | 138487 |
| 3863 | 25686 | 47773 | 65549 | 89428 | 118433 | 140349 |
| 5105 | 26606 | 49036 | 65629 | 89742 | 119690 | 140395 |
| 6809 | 27820 | 49492 | 69309 | 90630 | 119785 | 141571 |
| 7716 | 28366 | 50253 | 69559 | 93740 | 121756 | 141976 |
| 9803 | 29573 | 50498 | 69664 | 94111 | 122033 | 142074 |
| 11279 | 30181 | 51172 | 72947 | 96738 | 123019 | 142129 |
| 12540 | 30269 | 51768 | 76528 | 98719 | 123630 | 142242 |
| 13217 | 30557 | 52328 | 77052 | 101988 | 123733 | 142290 |
| 13440 | 31855 | 53043 | 77516 | 106451 | 125903 | 143032 |
| 14790 | 33596 | 53710 | 78952 | 106964 | 127797 | 143894 |
| 15316 | 34544 | 55195 | 80061 | 107044 | 128723 | 144008 |
| 15406 | 34801 | 56752 | 80285 | 108671 | 128815 | 144587 |
| 15886 | 38236 | 57313 | 80345 | 111095 | 129493 | 148539 |
| 16731 | 39564 | 58485 | 82144 | 113084 | 130986 | 148930 |
| 17846 | 40848 | 61272 | 84056 | 113112 | 132282 | 149171 |
| 20086 | 40956 | 61277 | 84185 | 113732 | 132696 | 149707 |
| 21486 | 41681 | 61331 | 85595 | 115086 | 133359 | |
| 24814 | 42815 | 62648 | 86760 | 115662 | 133621 | |

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.

Byrjað verður að greiða út vinninga þann 2. júlí nk.

Krabbameinsfélagið
www.krabb.is

Birt án ábyrgðar


ÓTTAR MARTIN NORÐFJÖRÐ: BOLTI SEM VIÐ ÆTLUM AÐ KASTA Á MILLI

# Samdi nýja skáldsögu sem er framhald Borgríkis

„Það er ótrúlega skemmtilegt að skrifa bók með karakterum sem voru algjörlega lifandi í höfðinu á manni," segir rithöfundurinn Óttar Martin Norðfjörð.

Hann sendir í haust frá sér skáldsöguna Blóð hraustra manna. Hið óvenjulega er að hún er framhald glæpamyndarinnar Borgríkis sem kom út á síðasta ári við góðar undirtektir. Til stendur að byggja framhaldsmynd hennar, sem er í undirbúningi, að stórum hluta á sögu Óttars. „Það er oft áskorun fyrir rithöfunda að blása lífi í persónurnar í bókunum sínum en þarna var ég að vinna með lifandi persónur," segir Óttar, sem átti því auðvelt með að koma sér af stað í skrifunum.

Leikstjóri Borgríkis, Ólafur Jóhannesson, hafði samband við hann í byrjun ársins og spurði hvort hann vildi taka þátt í samstarfi hans og Hrafnkels Stefánssonar en þeir sömdu handritið að Borgríki. Þeir voru þegar búnir að skrifa beinagrind að handriti Borgríkis 2, eða Blóði hraustra manna, eins og hún kemur til með að heita, og vildu að Óttar hjálpaði þeim við að þróa hugmyndina áfram. „Þetta er eitthvað nýtt og það er kannski ástæðan fyrir því að ég samþykkti að gera þetta. Ég var með nýja bók í höfðinu en síðan kom þetta á ská," segir Óttar, sem hefur í gegnum árin hjálpað nokkrum leikstjórum með handritin þeirra. „Þetta er orðinn „díalógur". Stóra hugmyndin hjá þeim var fín en það voru litlar holur í henni hér og þar. Það er langur vegur frá tuttugu blaðsíðna beinagrind í fjögur hundruð blaðsíðna skáldsögu. Núna er ég kominn með bók og þá fara þeir að bregðast við henni. Þetta er bolti sem við ætlum að kasta á milli okkar."



**FRAMHALD BORGRÍKIS**

**Óttar Martin Norðfjörð** hefur samið bók sem er framhald glæpamyndarinnar Borgríkis með **Ingvari E. Sigurðssyni** í einu aðalhlutverkanna.

Í Blóði hraustra manna er haldið áfram með sögu aðalpersónanna fjögurra sem Ágústa Eva Erlendsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Sigurður Sigurjónsson og Zlatko Krickic léku í Borgríki, auk þess sem ein ný persóna er kynnt til leiks. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er líklegt að Þorvaldur Davíð Kristjánsson leiki hana í myndinni en ekkert hefur verið ákveðið í þeim efnum. Stikla úr framhaldsmyndinni var nýlega sýnd erlendum fjárfestum og hún hitti í mark því dreifingarfyrirtækið Celluloid Dreams tryggði sér sýningarrétt hennar í Evrópu þrátt fyrir að enn eigi eftir að taka hana upp. Verið er að fjármagna myndina og reiknað er með frumsýningu eftir um tvö ár.

Hvað varðar endurgerð Borgríkis í Hollywood er vinna hafin á vegum fyrirtækisins New Regency við að skrifa handritið og samkvæmt því á myndin að gerast í Chicago. Enn á samt eftir að koma í ljós hvort endurgerðin verði að veruleika.

**freyr@frettabladid.is**


FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

**FRÉTTIR STÖÐVAR 2 Í BEINNI**

vísir - oft á dag


# Hleypur 70 kílómetra á Esju

„Esjan er alltaf lúmsk," segir Sigurður Kiernan, framkvæmdastjóri Investum Holdings, sem hyggur á 70 kílómetra hlaup á Esjunni næsta laugardag í nýja íslenska ofurhlaupinu Mt. Esja Ultra Xtreme. Þátttakendur hlaupsins geta valið milli tveggja, fimm eða tíu ferða upp og niður Esjuna, eða 14, 35 og 70 kílómetra.

Sigurður mun með hlaupi sínu taka þátt í erfiðasta fjallahlaupi sem haldið hefur verið á Íslandi, en fjórir eru skráðir í sömu vegalengd. Hann hóf að hlaupa af alvöru fyrir rúmum þremur árum og hefur tekið þátt í Laugavegshlaupinu og hlaupum í Frakklandi, Bandaríkjunum og á Kanaríeyjum. „Hlaupið á Kanarí var 123 kílómetra langt og náði þvert yfir eyjuna. Ég tók einnig þátt í 85 kílómetra fjallahlaupi í Bandaríkjunum í síðasta mánuði." Að þessu sögðu mætti ætla að Esjuhlaupið væri lítið mál fyrir svo vanan hlaupara. „Það er ekkert létt að hlaupa Esjuna. Það er margt sem getur komið upp á og Esjan er mjög brött. Maður þarf sérstaklega að passa sig á að fara ekki of geyst á niðurleið."

Sigurður segist velja fjallahlaup umfram götuhlaup. „Þau eru meira ferðalag og maður fær að dást að náttúrunni."

Hugmyndin að baki Esjuhlaupinu er að gefa fólki möguleika á að safna punktum hérlendis fyrir erlend hlaup. Rúmlega fimmtíu hafa skráð sig en netskráningu á hlaup.is lýkur á miðnætti í kvöld. Jafnframt verður mögulegt að skrá sig í versluninni Afreksvörum í Glæsibæ til lokunar á morgun. Nánari upplýsingar um hlaupið má finna á esjuhlaup.is. **- hþt**



**ERFIÐASTA HLAUPIÐ** Sigurður Kiernan mun hlaupa tíu ferðir upp og niður Esju í erfiðasta hlaupi Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


Fleiri frábær tilboð á sumarferdir.is
Sólarveisla á Almería!
Vika og hálft fæði
frá: 99.900.-*
VERÐDÆMI: VIKA | HÁLFT FÆÐI | BROTTFÖR: 26. JÚNÍ
Arena Center
Fjölskylduvænt hótel með skemmtidagskrá fyrir alla aldurshópa og starfandi barnaklúbbur.
frá 99.900 kr.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð m.v. 2 fullorðna: 126.536 kr.
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega. Birt með fyrirvara um prentvillur.
*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting í viku með hálfu fæði (morgun- og kvöldmatur).

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hrósað í hástert

Tískuvefsíðan Fashionista.com fjallaði um tískumerkið Ostwald Helgason á síðum sínum um helgina og kallaði hönnuðina Ingvar Helgason og Susanne Ostwald „óvæntar stjörnur fyrir hausttískuna 2012“. Síðan segir hönnunartvíeykið eiga rætur að rekja til staða sem eru víðsfjarri tískuborgunum London, París og New York, nefnilega Reykjavíkur og Leipzig. Parið hefur notið sívaxandi vinsælda fyrir fallega og skemmtilega hönnun sína og klæddist Rihanna meðal annars peysu frá merkinu í myndbandinu við lagið Only Girl.



### Bæjarstjórastaðan í Garði lokkar

**Einar Bárðarson,** umboðsmaður með meiru, sækir um stöðu bæjarstjóra í Garði. Þar hefur verið mikil óánægja í stjórnmálalífi bæjarins síðan meirihlutinn sprakk og bæjarstjóranum var sagt upp. Einar þykir mikill mannasættir og ætti ekki að verða skotaskuld úr því að sætta ólík sjónarmið í Garði. Fleiri eru þó um hituna því Samúel Örn Erlingsson, fyrrum íþróttafréttamaður, hefur einnig sótt um. Spennandi verður að fylgjast með hver hlýtur hnossið.

**- sm, ktg**



### Mest lesið vísir

1. Fundu dularfullan hlut á botni Eystrasalts
2. Stjórnmálamaður gripinn með buxurnar á hælunum
3. Telja lögreglumenn hafa haft persónulega hagsmuni af rannsó..
4. Föst með dæturnar í Kólumbíu í sex mánuði
5. Villikattaskytta grunuð um ölvun





FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS





# Sumardagar!

## Full búð af vörum á frábæru Dormaverði!

# Dorma handklæði

Mjúk og vönduð handklæði í fallegum sumarlitum.



Smá lúxus fyrir hvern dag, þessi yndislegu 500 gsm handklæði eru þung og efnismikil. Ótrúlega mjúk og þerra einstaklega vel. Stílhrein, falleg og eru til í 8 litum.



- Baðhandklæði kr. 1.699,- 70 x 140 cm
- Handklæði kr. 899,- 50 x 100 cm
- Gestahandklæði kr. 499,- 40 x 60 cm
- Þvottapoki kr. 129,- 15 x 21 cm
- Baðmotta kr. 1.499,- 85 x 50 cm

Dorma sængurverin komin aftur, margir litir – aðeins **6.990,-** kr.



Svefnsófar í sumarbústaðinn og gestaherbergið.

Svefnsvæði 120x195 cm
Einnig til án arma.

Daisy svefnsófi kr. 89.900,- BRÚNN & GRÁR



Með rúmfatageymslu

Aðeins kr. 11.371,- í 12 mánuði*

STÆRÐ 180X200

FRÁBÆR KAUP

Nature's Bedding

# Nature's Rest



Dorma-verð

Nature's Rest

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 90x200 | 44.900,- | 76.900,- |
| 100x200 | 46.900,- | 80.900,- |
| 120x200 | 53.900,- | 89.900,- |
| 140x200 | 55.900,- | 99.900,- |
| 160x200 | 65.900,- | 114.900,- |
| 180x200 | 75.900,- | 127.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Frábærar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr fm²

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17
Sun frá kl. 13-16

DORMA
– býður góða nótt

Pöntunarsími
☎ 512 6800
www.dorma.is